



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

**MA-ritgerð  
í sagnfræði**

**Vinnukona, ómagi, stúlka og frú**  
Rannsókn á því hvaða konur skrifuðu undir áskorun Hins íslenska  
kvenfélags 1895

**Atli Björn Jóhannesson**

Leiðbeinandi: Erla Hulda Halldórsdóttir, prófessor  
Október 2023

**DEILD HEIMSPEKI, SAGNFRÆÐI OG FORNLEIFAFRÆÐI**

## Vinnukona, ómagi, stúlka og frú

Rannsókn á því hvaða konur skrifuðu undir áskorun Hins íslenska kvenfélags  
1895

Atli Björn Jóhannesson  
1001962639

Lokaverkefni til MA-prófs í sagnfræði  
Leiðbeinandi: Erla Hulda Halldórsdóttir, prófessor

Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafraeði  
Hugvísindasvið Háskóla Íslands

Október 2023

Vinnukona, ómagi, stúlka og frú. Rannsókn á því hvaða konur skrifuðu undir áskorun Hins íslenska kvenfélags 1895.

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til MA-prófs við Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© Atli Björn Jóhannesson, 2023

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

## Ágrip

Árið 1894 var Hið íslenska kvenfélag stofnað. Það var fyrsta kvenfélagið sem hafði kvenréttindi á stefnuskrá sinni en umræður um réttindi og stöðu kvenna höfðu verið á Alþingi og meðal kvenna á níunda og tíunda áratug 19. aldar. Konur eins og Bríet Bjarnhéðinsdóttir og Ólafía Jóhannsdóttir skrifuðu greinar og héldu fyrirlestra um kvenréttindi og færðu þar rök fyrir frekari réttindum kvenna. Árið 1891 lögðu Skúli Thoroddsen og Ólafur Ólafsson alþingismenn fram tvö frumvörp er vörðuðu réttindi kvenna. Annað frumvarpið kvað á um að veita skyldi ekkjum og ógiftum konum sem stóðu fyrir sínu eigin búi og uppfylltu sömu skilyrði og giltu um karlmenn kjörgengi í hreppsnefnd, bæjarstjórn og fleiri nefndir. Hitt frumvarpið kvað á um að veita skyldi giftum konum fjárræði. Frumvörpin voru samþykkt í neðri deild Alþingis en varð ekki útrætt í efri deild. Árið 1893 voru frumvörpin svo aftur til umræðu á þinginu og töldu andstæðingar þau óþörf þar sem konur hefðu ekki óskað eftir þessum réttindum.

Hið íslenska kvenfélag efndi því til undirskriftasöfnunar árið 1895 þar sem skorað var á Alþingi að samþykkja frumvörpin tvö sem og að veita konum fullt lagalegt jafnrétti á við karlmenn í framtíðinni. Undir áskorunina skrifuðu 2373 konur víðs vegar um landið. Í þessari ritgerð er undirskriftasöfnunin tekin til skoðunar. Ljósi er varpað á hvaða konur það voru sem skrifuðu undir, stöðu þeirra og aldur. Einnig er fjallað sérstaklega um einstaka konur sem skrifuðu undir. Í rannsókninni er leitast við að útskýra af hverju þessar konur skrifuðu undir en ekki aðrar með því að skoða nánar hvernig undirskriftirnar dreifðust um landið og innan sýslna og sókna. Reynt er að varpa ljósi á þessa undirskriftasöfnun frá mörgum sjónarhornum.

Þetta er frumrannsókn því lítið hefur verið skrifað um skipulag og framkvæmd hennar. Í ritgerðinni er fyrst og fremst stuðst við undirskriftalistana sjálfa og svo sóknarmannatöl til að ráða í það hvaða konur skrifuðu undir. Ritgerðin er nýjung í íslenskri sagnfræði sem mun dýpka þekkingu á kvennabaráttunni og sögu kvenna um aldamótin 1900 og því hvaða konur tóku þátt í henni.

## Abstract

The first women's association which had women's rights on its agenda was founded in 1894. It was called The Icelandic Women's Association (icel. Hið íslenska kvenfélag). Discussions about the rights of women had already begun in the 1880s-1890s, both among women and in the Icelandic parliament (Althing). The likes of Bríet Bjarnhéðinsdóttir and Ólafía Jóhannsdóttir, two of the most famous women's rights activists, started writing articles in the papers about women's rights and why they deserved equal rights. In 1891, two parliamentary members of Althing, Skúli Thoroddsen and Ólafur Ólafsson, put forward two bills regarding women's rights. The first bill would provide widows and unmarried women that fulfilled the same conditions as men, eligibility to sit on rural district councils. The second bill would provide married women financial independence, a right which women lost to their husbands upon marriage. Both bills were approved in the Lower Chamber of Althing but were not settled in the Upper Chamber. In 1893, both bills were again discussed in the Parliament. Those who were against the bills argued that it wouldn't serve any purpose approving the bills because women hadn't requested these rights.

The Icelandic women's association therefore started a petition in 1895, where they challenged the Icelandic Parliament to accept both bills and give women equal rights in the future. The petition got 2373 signatures from women all over the country. This essay investigates the collection of signatures for the petition. The essay aims to shine light on who the women were, who signed the petition, their age and class. The life and motivation of some of the women that signed the petition will also be studied. Why those women signed will be explained by examining where women signed in the country, administrative districts, and parishes.

Not much has been written about the petition, neither its organization nor its realization. The main sources are the lists of signatures and the census of the parishes, to locate the women who signed. This essay is a novel work in the field of Icelandic history which will further improve our knowledge of the women's rights movement at the turn of the century, the women who participated in it, and women's history in general.

## Efnisyfirlit

<i>Inngangur</i> .....	9
Markmið.....	9
Fræðilegt samhengi.....	12
Aðferðir og heimildir .....	14
<i>1. Kafli – Konur í sókn</i> .....	18
1.1. Staða kvenna og undirskriftasöfnunin .....	18
1.2. Skipulag og markmið undirskriftasöfnunarinnar .....	22
<i>2. Kafli – Sýslurnar</i> .....	26
2.1. Borgarfjarðarsýsla.....	26
2.2. Mýrarsýsla.....	29
2.3. Snæfellsnessýsla .....	32
2.4. Barðastrandarsýsla .....	34
2.5. Ísafjarðarsýsla .....	38
2.6. Skagafjarðarsýsla .....	43
2.7. Akureyri .....	47
2.8. Suður-Þingeyjarsýsla .....	50
2.9. Norður-Þingeyjarsýsla .....	54
2.10. Norður-Múlasýsla .....	56
2.11. Suður-Múlasýsla .....	60
2.12. Vestur-Skaftafellssýsla .....	64
2.13. Rangárvallasýsla .....	67
2.14. Árnessýsla .....	69
2.15. Gullbringu- og Kjósarsýsla .....	74
2.16. Reykjavík.....	78
<i>3. Kafli – Samanburður</i> .....	81

<i>Niðurstöður</i> .....	90
<i>Heimildaskrá</i> .....	92
Óprentaðar heimildir.....	92
Prentaðar heimildir.....	95

## Töfluskra

### 2. kafli - Sýslurnar

Tafla 2.1.1. Fjöldi kvenna og undirskrifta eftir sóknum í Borgarfjarðarsýslu.....	26
Tafla 2.1.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Borgarfjarðarsýslu .....	27
Tafla 2.1.3. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Borgarfjarðarsýslu..	28
Tafla 2.2.1. Fjöldi kvenna og undirskrifta eftir sóknum í Mýrarsýslu.....	29
Tafla 2.2.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Mýrarsýslu .....	30
Tafla 2.2.3. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Mýrarsýslu.....	31
Tafla 2.3.1. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Snæfellsnessýslu.....	32
Tafla 2.3.2. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Snæfellsnessýslu.....	33
Tafla 2.4.1. Fjöldi kvenna og undirskrifta eftir sóknum í Barðastrandarsýslu .....	34
Tafla 2.4.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Barðastrandarsýslu.....	35
Tafla 2.4.3. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Barðastrandarsýslu .	36
Tafla 2.5.1. Fjöldi kvenna og undirskrifta eftir sóknum í Ísafjarðarsýslu .....	38
Tafla 2.5.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Ísafjarðarsýslu.....	40
Tafla 2.5.3. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Ísafjarðarsýslu .....	41
Tafla 2.6.1. Fjöldi kvenna og undirskrifta eftir sóknum í Skagafjarðarsýslu .....	43
Tafla 2.6.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Skagafjarðarsýslu.....	44
Tafla 2.6.3. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Skagafjarðarsýslu ...	45
Tafla 2.7.1. Fjöldi kvenna eftir stöðu á Akureyri .....	47
Tafla 2.7.2. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur á Akureyri.....	48
Tafla 2.8.1. Fjöldi kvenna og undirskrifta eftir sóknum í Suður-Þingeyjarsýslu .....	50
Tafla 2.8.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Suður-Þingeyjarsýslu.....	51
Tafla 2.8.3. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Suður-Þingeyjarsýslu .....	52
Tafla 2.9.1. Fjöldi kvenna og undirskrifta eftir sóknum í Norður-Þingeyjarsýslu .....	54
Tafla 2.9.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Norður-Þingeyjarsýslu.....	54
Tafla 2.9.3. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Norður-Þingeyjarsýslu .....	55
Tafla 2.10.1. Fjöldi kvenna og undirskrifta eftir sóknum í Norður-Múlasýslu .....	56
Tafla 2.10.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Norður-Múlasýslu .....	57
Tafla 2.10.3. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Norður-Múlasýslu	58
Tafla 2.11.1. Fjöldi kvenna og undirskrifta eftir sóknum í Suður-Múlasýslu .....	60



Tafla 2.11.2 Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Suður-Múlasýslu.....	61
Tafla 2.11.2. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Suður-Múlasýslu ..	62
Tafla 2.12.1. Fjöldi kvenna og undirskrifa eftir sóknum í Vestur-Skaftafellssýslu.....	64
Tafla 2.12.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Vestur-Skaftafellssýslu .....	64
Tafla 2.12.3. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Vestur-Skaftafellssýslu .....	65
Tafla 2.13.1. Fjöldi kvenna og undirskrifa eftir sóknum í Rangárvallasýslu .....	67
Tafla 2.13.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Rangárvallasýslu.....	67
Tafla 2.13.3. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Rangárvallasýslu ..	68
Tafla 2.14.1. Fjöldi kvenna og undirskrifa í hverri sókn í Árnassýslu .....	69
Tafla 2.14.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Árnassýslu.....	70
Tafla 2.14.3. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Árnassýslu .....	72
Tafla 2.15.1. Fjöldi kvenna og undirskrifa í hverri sókn í Gullbringu- og Kjósarsýslu .....	74
Tafla 2.15.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Gullbringu- og Kjósarsýslu.....	75
Tafla 2.15.3. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Gullbringu- og Kjósarsýslu.....	76
Tafla 2.16.1. Fjöldi kvenna og undirskrifa í Reykjavík.....	78
Tafla 2.16.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í Reykjavík .....	79
Tafla 2.16.3. Fjöldi kvenna eftir aldri og meðalaldur í Reykjavík .....	80

### **3. kafli - Samanburður**

Tafla 3.1. Fjöldi kvenna og undirskrifa í sýslum/kaupstöðum og hlutfall.....	81
Tafla 3.2. Fjöldi kvenna og fjöldi þeirra sem skrifuðu undir í sóknum/kaupstöðum og hlutfall .....	82
Tafla 3.3. Hlutfall af heildarfjölda undirskrifa í hverri sýslu/kaupstað .....	84
Tafla 3.4. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sýslu.....	86
Tafla 3.5. Fjöldi kvenna eftir aldursbili í hverri sýslu og hlutfall.....	87
Tafla 3.6. Meðalaldur í hverri sýslu.....	88

## Inngangur

### Markmið

Á seinni hluta 19. aldar urðu frjálslynd viðhorf meira áberandi í íslensku samfélagi en tíðkast hafði áður. Sjálfstæðisbarátta Íslendinga fór á flug og umræður um frelsi og réttindi einstaklingsins fylgdu þeirri baráttu. Í kjölfar þeirrar umræðu hófst endurskoðun á réttindum og stöðu kvenna. Þessi hugarfarsbreyting hafði verið í mótun allt frá því um miðja 19. öld. Konur hófu að endurskoða stöðu sína og gerðu kröfu um aukið frelsi og aukin völd yfir sínu eigin lífi. Ógiftar konur, 25 ára og eldri, fengu fjárræði árið 1861 en við hjónaband misstu þær það til eiginmanns síns. Konur höfðu einnig fá tækifæri til að mennta sig fyrir 1874 eða þar til að Kvennaskólinn í Reykjavík tók til starfa. Með tilskipun frá 1886 fengu konur aðgang að námi í Læknaskólanum. Einnig öðluðust þær rétt til þess að taka „árspróf 4. bekkjar Lærða skólans og burtfararpróf þaðan utanskóla“ og takmarkaðan aðgang að prestaskólanum.<sup>1</sup>

Á síðustu tveimur áratugum 19. aldar hófst umræða um kvenréttindamálin á opinberum vettvangi. Stofnuð voru tvö kvennablöð, annars vegar *Framsókn* sem seyðfirsku mæðgurnar Sigríður Þorsteinsdóttir og Ingibjörg Skaptadóttir gáfu út og ritstýrðu og hins vegar *Kvennablaðið* sem Bríet Bjarnhéðinsdóttir gaf út og ritstýrði. Þær þrjár, ásamt Ólafíu Jóhannsdóttir voru hvað mest áberandi í umræðum um kvenréttindamál á þessum árum. Ólafía var ein af stofnendum Hins íslenska kvenfélags 1894 og ritstýrði hún *Ársriti Hins íslenska kvenfélags* þar sem hún skrifaði róttækar greinar um kvenréttindi.<sup>2</sup> Ásamt því var hún áberandi í baráttunni við áfengisnautn Íslendinga og var hún helsti forsprakki þess að bindindisfélag kvenna, Hvítabandið, var stofnað árið 1895.<sup>3</sup> Allar þessar konur voru ötular baráttukonur fyrir jafnrétti eins og sjá má í ýmsum greinum sem þær skrifuðu í ofanefndum blöðum.

Ekkjur og ógiftar konur, 25 ára og eldri, sem stóðu fyrir búi eða sem „á einhvern hátt eiga með sig sjálfar“ og uppfylltu lagaskilyrðin sem giltu um kosningarétt karla, höfðu fengið rétt til þess að „kjósa í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn og á safnaðarfundum“ árið 1882.<sup>4</sup> Þó að þessi réttindi þættu framsækin á sínum tíma, þá voru ekki margar konur sem uppfylltu skilyrði laganna. Til að mynda þurftu konur að eiga jörð sem var metin á að minnsta kosti „10 hundraða dýrleika“ eða hús í „verzlunarplázi“ að andvirði 1000 ríkisbankadala, hafa óflekkað

<sup>1</sup> Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, 184–185 og Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir ristj., *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna*, 31.

<sup>2</sup> Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, 186.

<sup>3</sup> Margrét Guðmundsdóttir, *Aldarspor*, 21–23.

<sup>4</sup> *Stjórnartíðindi* 1882 A, 70.

mannorð og ekki þegið sveitastyrk.<sup>5</sup> Það má til að mynda nefna að árið 1885 voru 32 konur á kjörskrá meðal almennra kjósenda í bæjarstjórnarkosningum í Reykjavík en 387 karlar. Það var ekki fyrr en árið 1888 sem fyrsta konan nýtti kosningarétt sinn í Reykjavík en það var Kristín Bjarnadóttir ekkja.<sup>6</sup> Andrea Guðmundsdóttir saumakona á Ísafirði var hins vegar fyrsta konan sem kaus í bæjarstjórnarkosningum árið 1884.<sup>7</sup>

Árið 1891 lögðu Skúli Thoroddsen og Ólafur Ólafsson, báðir dyggir stuðningsmenn kvenréttinda á seinni hluta 19. aldar, fram tvö frumvörp á Alþingi, annars vegar um kjörgengi þeirra kvenna sem uppfylltu skilyrðin frá 1882 og hins vegar fjárráð giftra kvenna.<sup>8</sup> Bæði frumvörpin voru samþykkt í neðri deild Alþingis en kosið var í nefnd í efri deild til þess að kanna málin frekar.<sup>9</sup>

Tveimur árum seinna, 1893, lagði Skúli Thoroddsen kjörgengisfrumvarpið aftur fyrir þingið og var það samþykkt í efri deild með sex gegn fjórum atkvæðum. Andmælendur frumvarpsins töldu það vera óþarft og þá sérstaklega í ljósi þess að konur hefðu ekki óskað eftir þessum réttindum. Til að mynda sagðist Klemens Jónsson ekki hafa orðið var við áhuga meðal íslenskra kvenna að öðlast þessi réttindi, og tók Danmörk og Noreg sem dæmi þar sem konur hefðu sýnt áhuga á auknum réttindum þar sem það væru, „mörg kvennfjelög, er að eins hafa það fyrir mark og mið, að berjast fyrir því að útvega kvennfólki jafnrjetti við karlmenn og sýna í því mjög mikinn dugnað.“, en ekkert slíkt félag var hér á landi á þessum tíma.<sup>10</sup> Þorkell Bjarnason var á sama máli og taldi mikilvægara að „ tryggja rjett giptra kvenna gagnvart eiginmönnum sínum“. <sup>11</sup> Í neðri deild var frumvarpið um fjárræði giftra kvenna til umræðu en aftur var skipuð nefnd til að kanna málið betur.<sup>12</sup> Frumvarpið um kjörgengi kvenna var sent til Danmerkur en fékk ekki undirskrift (samþykki) Íslandsráðherra. Rökin gegn því voru meðal annars þau að konur kærðu sig ekki um slík réttindi sem og að þær væru ekki í stakk búnar til þess að takast á við þær skyldur sem fylgdu þeim.<sup>13</sup>

Það var því mikilvægt skref tekið í kvennabaráttunni þegar að Hið íslenska kvenfélag var stofnað árið 1894 en það var fyrsta kvenfélagið til þess að hafa kvenréttindi á stefnuskrá sinni.<sup>14</sup>

---

<sup>5</sup> *Lovsamling for Island*, 12:499–501.

<sup>6</sup> Guðjón Friðriksson, „Konur á karlafundi“, 54–57.

<sup>7</sup> Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir ritstj., *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna*, 128.

<sup>8</sup> *Alþingistíðindi* 1891 A, d. 558–559, 638 og *Alþingistíðindi* 1891 B, d. 429–431, 1547

<sup>9</sup> *Alþingistíðindi* 1891 B, d. 1399 og 1624

<sup>10</sup> *Alþingistíðindi* 1893 B, d. 297–298.

<sup>11</sup> *Alþingistíðindi* 1893 A, d. 304–314. Sjá einnig fyrstu og aðra umræðu á d. 214–216 og d. 259–264; Umræður í neðri deild í *Alþingistíðindi* 1893 B, d. 150–152, 225, 297–306.

<sup>12</sup> *Alþingistíðindi* 1893 B, d. 152–160.

<sup>13</sup> *Stjórnartíðindi* 1894 B, 201. Einnig var þar nefnt að það væri óeðlilegt að veita þessi réttindi þar sem að: „konur hafa hvergi fengið slíkan rjett í hinum öðrum norðurlöndum norðurálfunnar“.

<sup>14</sup> Guðmundur Hálfðanarson, „Kosningaréttur kvenna og afmörkun borgararéttar“, 27–28.

Þorbjörg Sveinsdóttir átti mestan hlut í stofnun félagsins og sat hún í fyrstu stjórn þess ásamt Sigþrúði Friðriksdóttur, Ólafu Jóhannsdóttur og Jarþrúði Jónsdóttur.<sup>15</sup>

Árið 1895 sendi hið Hið íslenska kvenfélag áskorun til Alþingis með 2373 undirskriftum<sup>16</sup> frá konum víðsvegar um landið um að samþykkja lagafrumvörp Skúla og Ólafs um kjörgengi kvenna ásamt því að veita giftum konum fjárræði. Það var megináhersla áskorunarinnar en áskorunin í heild hljóðar hún svo:

Hjer með leyfum vjer undirskrifaðar konur oss að skora á alþingi, að það, þrátt fyrir synjun stjórnarinnar á lagafrumvarpi um kjörgengi kvenna í hreppsnefndir o.s.frv. samþykki frumvarp þetta á næsta alþingi og áfram, þangað til það nær staðfestingu. Þá æskjum vjer og þess, að hinir háttvirtu þingmenn samþykki rjettindakröfur þær oss til handa, er frumvarp það fer fram á, sem ekki varð fullrætt á alþingi 1893, um fjárráð giptra kvenna o.fl. Um leið og vjer þakksamlega viðurkennum rjettindi þau, er alþingi þegar hefur veitt oss, berum vjer það traust til þess, að það framvegis eptir atvikum veiti oss allt jafnrjetti við karlmenn, samkvæmt tímans vaxandi menningar- og frelsiskröfum.<sup>17</sup>

Eins og áður kom fram var það ansi fámennur hópur kvenna sem hafði kosningarétt til hreppsnefnda, miklu færri en skrifuðu undir áskorunina. Það er því forvitnilegt að velta því fyrir sér hvaða konur það voru sem skrifuðu undir. Voru það giftar konur eða ógiftar, ungar eða gamlar? Og hvaða stöðu þær gegndu þær á heimilunum? Í þessari rannsókn er ljósi varpað á það hvaða konur það voru sem skrifuðu undir áskorunina. Lögð er áhersla á tölfræðilega greiningu á stöðu og aldri þeirra kvenna sem skrifuðu undir. Ásamt því þá eru dregnar upp svipmyndir af einstökum konum sem skrifuðu undir til þess að fá persónulegri mynd af því hverjar það voru sem létu sig málefnið varða. Undirskriftasöfnunin var sú fyrsta sem haldin var á landsvísu fyrir auknum réttindum kvenna og eru þær kröfur sem settar voru þar fram í samhengi við kvenréttindamálið og samfélagsþróun við lok 19. aldar.

Gerð er grein fyrir því hvernig undirskriftirnar dreifðust um sýslur og sóknir. Ljóst er að dreifing undirskrifta er mjög misjöfn og því er þeirri spurningu velt upp hvað hafi ráðið því að sums staðar skrifuðu svo gott sem allar konur á heimili undir, sem voru eldri en 14 ára, en annars staðar engin. Voru undirskriftir háðar tengslum, vegalengdum á milli bæja eða því að húsmóðir hafði skrifað undir? Þannig er ljósi varpað á dreifingu og skipulag söfnunarinnar. Með því að taka saman tölfræðilegar upplýsingar um stöðu og aldur kvennanna sem skrifuðu undir er hægt að sýna hvaða aldursbil og staða voru algengust.

<sup>15</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, 21–22.

<sup>16</sup> Í dagbók Alþingis stendur að það hafi 2348 konur skrifað undir en ég taldi 2373 konur. Sjá *SA*. Dagbók Alþingis 1895 III, 1030.

<sup>17</sup> *SA*. Dagbók Alþingis 1895 III, 1034.

Ritgerðin er þannig uppbyggð að í inngangi er fjallað um helstu heimildir, stöðu þekkingar og fræðilegt samhengi. Því næst taka við þrjár meginkaflar. Í fyrsta kafla er í stuttu máli fjallað um stöðu kvenna á seinni hluta 19. aldar og almennt um kvenréttindabaráttu á Íslandi til þess tíma sem undirskriftasöfnunin hófst. Fjallað er um aðdraganda þess að Hið íslenska kvenfélag var stofnað og tildrög og skipulag undirskriftasöfnunarinnar.

Í öðrum kafla er farið yfir fjölda kvenna eftir stöðu og aldri sem skrifuðu undir í hverri sýslu fyrir sig og þær flokkaðar samkvæmt því í töflur. Konurnar sem skrifuðu undir komu úr 14 sýslum ásamt kaupstöðunum Akureyri og Reykjavík. Þetta eru því: Barðastrandarsýsla, Vestur-Skaftafellssýsla, Norður-Múlasýsla, Suður-Múlasýsla, Gullbringu- og Kjósarsýsla, Snæfellsnessýsla, Árnessýsla, Rangárvallasýsla, Mýrarsýsla, Borgarfjarðarsýsla, Norður-Þingeyjarsýsla, Suður-Þingeyjarsýsla, Skagafjarðarsýsla, Ísafjarðarsýsla,<sup>18</sup> Reykjavík og Akureyri. Engar undirskriftir bárust úr Húnavatnssýslu, Dalasýslu, Hnappadalssýslu, Austur-Skaftafellssýslu og Strandasýslu. Fjallað er um hvernig undirskriftirnar dreifðust um sýslurnar eftir sóknum og gerð er grein fyrir stöðu og aldri kvenna í hverri sókn eða hreppum þegar það á við. Gerð er grein fyrir því hvort að allar konur sem voru eldri en 14 ára skrifuðu undir á völdum heimilum. Einnig er fjallað um áhrif vegalengda og torsótttra leiða milli bæja á fjölda undirskrifa þegar það á við og hvort fjölskyldutengsl eða kvenfélög, væru þau til staðar, hafi ráðið því hvort konur á ákveðnum svæðum skrifuðu undir.

Í þriðja kafla er úrvinnsla annars kafla dregin saman þar sem sýslurnar eru bornar saman og tekið fram hvað var líkt og hvað var ólíkt milli sýslna. Upplýsingar um stöðu og aldur kvenna um landið allt eru dregnar saman til þess að fá heildarmynd af því um hvaða konur það voru skrifuðu undir. Ásamt því er ljósi varpað á ýmsa aðra þætti undirskriftasöfnunarinnar, svo sem hvað réði því að konur úr þessum sýslum og sóknum skrifuðu undir. Að lokum er síðan skrifaðar niðurstöður rannsóknar.

## Fræðilegt samhengi

Mikið hefur verið skrifað um kvennabaráttuna og samfélgsþróun á Íslandi í kringum aldamótin 1900. Rannsóknir Auðar Styrkárstöttur hafa meðal annars varpað ljósi á upphaf og myndun kvennaframboða á fyrstu þremur áratugum 20. aldar og má þar einkum nefna bókina *Barátta um vald. Konur í bæjarstjórn Reykjavíkur 1908–1922*. Í greinasafninu *Kosningaréttur kvenna*

---

<sup>18</sup> Ísafjarðarsýsla verður ekki skipt í Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslu þar sem henni var ekki skipt upp fyrir en árið 1901.

90 ára: erindi frá málþingi 20. maí 2005 er að finna greinar sem gera kvennabaráttunni og þeirri samfélagsþróun sem átti sér stað við lok 19. og upphaf 20. aldar góð skil og nýlega kom út bókin *Konur sem kjósa. Aldarsaga* þar sem meðal annars er fjallað um kvennabaráttuna í upphafi 20. aldar.<sup>19</sup>

Undirskriftasöfnun Hins íslenska kvenfélags hefur verið nefnd í ýmsum ritum og rannsóknum. Í bókinni *Veröld sem ég vil. Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907–1992* eftir Sigríði Th. Erlendsdóttur er fjallað um aðdraganda þess að Hið íslenska kvenfélag var stofnað og hvaða réttindum það barðist fyrir. Undirskriftasöfnunin er nefnd í því samhengi.<sup>20</sup> Í óútgefni BA-ritgerð Katrínar Bjargar Ríkarðsdóttur, „Eftirbreytniverð samtök. saga Hins íslenska kvenfélags“, er rætt um þegar að kvenfélagið ákvað að hefja undirskriftasöfnun.<sup>21</sup>

Guðmundur Hálfðanarson setur áskorunina í samhengi við umræður um kjörgengi kosningabærra kvenna á Alþingi í greininni „Kosningaréttur kvenna og afmörkun borgararéttar – umræður um þátttöku og útlökun í íslenskum stjórnámálum“. Hann bendir á að með undirskriftasöfnuninni hafi konur svarað rökum andstæðinga kjörgengis kvenna þess efnis að konur kærðu sig ekki um slík réttindi.<sup>22</sup>

Í bókinni *Nútímans konur* setur Erla Hulda Halldórsdóttir stofnun Hið íslenska kvenfélags í samhengi við breytta tíma við lok 19. aldar þar sem konur fóru að gera „aðrar kröfur til samfélagsins“.<sup>23</sup> Einnig segir hún frá því að konur hafi verið farnar að láta í ljós menntunarþrá og vilja til að endurskoða stöðu sína í sendibréfum.<sup>24</sup> Það hefur því verið fjallað töluvert um áhuga kvenna á því að öðlast aukin réttindi við lok 19. aldar og hefur undirskriftasöfnunin verið nefnd í því samhengi. Engin rannsókn hefur þó farið fram á framkvæmd undirskriftasöfnunarinnar eða því hvaða konur skrifuðu undir.

Sú rannsókn sem hér er ráðist í er því nýjung í íslenskri sagnfræði og mun dýpka þekkingu á kvennabaráttunni og sögu kvenna um aldamótin 1900 og einnig því hvaða konur tóku þátt í henni. Rannsóknin er unnin útfrá sjónarhorni kvenna- og kynjasögu. Sjónarhorn kvenna fær að ráða för og þá sérstaklega þegar fjallað er um líf einstakra kvenna og greint er frá, eftir því sem

---

<sup>19</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*; Auður Styrkárðsdóttir, *Barátta um vald*; Auður Styrkárðsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir ritstj, *Kosningaréttur kvenna 90 ára*; Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur* og Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, *Konur sem kjósa*.

<sup>20</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, 24–26.

<sup>21</sup> *Lbs.-Hbs.* Katrín Björg Ríkarðsdóttir, „Eftirbreytniverð samtök“, bls. 27–28. Einnig er minnst á undirskriftasöfnunina í Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*.

<sup>22</sup> Guðmundur Hálfðanarson, „Kosningaréttur kvenna og afmörkun borgararéttar“, 27–28.

<sup>23</sup> Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, 322–328.

<sup>24</sup> Sama heimild, 251–255 og 257–336.

heimildir leyfa, viðhorfi þeirra gagnvart stöðu sinni.<sup>25</sup> Einnig er varpað ljósi á hvernig hugmyndir samfélagsins um stöðu og hlutverk kvenna bæði kölluðu á undirskriftasöfnunina og höfðu áhrif á það hverjar skrifuðu undir.

### Aðferðir og heimildir

Meginheimild rannsóknarinnar eru undirskriftalistarnir sjálfir en þeir eru varðveittir í dagbókum Alþingis á Skjalasafni Alþingis. Einnig eru þeir aðgengilegir á handrit.is. Misjafnt er hvort konurnar sem setja nöfn sín undir áskorunina skrifi bæði nafn og heimili. Á sumum listunum er bæjarnafn skráð við hvert nafn en í öðrum tilfellum hefur verið skrifað á listann að hann sé úr tiltekinni sýslu eða hreppi. Til að mynda skrifaði Guðný Nielsdóttir í Mýrarsýslu að undirskriftirnar kæmu úr „Borgarhrepp á Mýrum.“<sup>26</sup>

Þar sem heimili vantaði þurfti að byrja á því að finna hvar konur voru skráðar til heimilis og út frá því komast að aldri þeirra og stöðu. Til að finna heimili, stöðu og aldur kvennanna voru notuð sóknarmannatöl 1894 og 1895 auk manntalanna 1890 og 1901 sem eru aðgengileg á Manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands. Við þessa vinnu var Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands notaður til þess að finna úr hvaða sókn undirskriftirnar kæmu en í honum er hægt að leita að fólki eftir nafni, aldri, sókn, bæ o.s.frv. Þar sem að manntölin voru fimm árum á undan og sex árum á eftir undirskriftasöfnuninni þá var ekki notuð skráð staða kvenna í þeim því hún gæti hafa verið önnur árið 1895.<sup>27</sup> Einnig var notaður Sóknarmannatalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands sem býður upp á sömu leitarskilyrði og manntalsvefurinn. Sóknarmannatalsvefurinn er enn í vinnslu og þegar þessi rannsókn varð gerð og var aðeins hægt að nota efni fyrir árin 1894–1895 og sóknir í Eyjafjarðarsýslu, Ísafjarðarsýslu,<sup>28</sup> Norður- og Suður-Múlasýslu og Norður-Pingeyjarsýslu.<sup>29</sup>

Sóknarmannatölin eru misjafnlega vel skráð og uppsett. Stundum skráðu sóknarprestarnir ekki aldur sóknarbarna og þá kom Manntalsvefurinn að góðum notum. Sóknarmannatölin gátu auk þess verið erfið yfirlestrar vegna skriftar eða lélegs ástands þeirra. Sömu sögu má segja um undirskriftalista. Stundum voru listarnir látnir ganga um sóknina og komu síðan krumpaðir og rifnir til Hins íslenska kvenfélags.

<sup>25</sup> Sjá Rose, *What is gender history?*, 2–3.

<sup>26</sup> *SA*. Dagbók Alþingis 1895 III, 1073.

<sup>27</sup> *Vef*. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands.

<sup>28</sup> Aðeins Eyrarsókn í Skutulsfirði (Ísafjarðarkaupstaður).

<sup>29</sup> *Vef*. Sóknarmannatalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. Einnig er að finna upplýsingar um sóknarbörn úr Suður-Pingeyjarsýslu en ekki úr þeim sóknum sem eiga við í þessari rannsókn.

Á þéttbýlli svæðum eins og til dæmis á Akureyri, Ísafirði og í Reykjavík gat verið erfitt að staðsetja konurnar þar sem heimilin áttu sér ekki nafn heldur götuheiti og númer sem gat verið breytilegt milli sóknarmannatala og manntala.

Þegar undirskriftalistarnir voru skoðaðir kom í ljós að oftar en ekki fylgdu þeir sóknum frekar en hreppum en svo gátu hreppar náð yfir fleiri en eina sókn, eins og Borgarhreppur á Mýrum sem nefndur var að ofan. Þaðan komu undirskriftirnar úr tveimur sóknum, Álftanessókn og Álftártungusókn. Hvergi er að finna tölur yfir mannfjölda í hreppum árið 1895 því sóknarmannatölin miðuðust við sóknir. Því eru sóknir notaðar til að afmarka mismunandi svæði. Einnig er vert að taka það fram að oft var ekki skráð úr hvaða hreppi eða sókn undirskriftirnar komu.

Í ritgerðinni er heildarfjöldi kvenna í sýslum og sóknum notaður til þess að finna út hversu margar konur skrifuðu undir, hlutfallslega. Heildarfjöldi kvenna í hverri sýslu árið 1895 er að finna í *Stjórnartíðindum*<sup>30</sup> en til þess að finna út fjölda kvenna í hverri sókn er stuðst við *Hagskinnu* og Manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands. Í örfáum tilfellum skrifuðu prestar mannfjölda eftir kyni við sóknir sínar og eru þær tölur notaðar. *Hagskinnu* og manntalsvefinn greinir hins vegar á um fjölda í sóknum þrátt fyrir að styðjast við sömu heimild. En þar sem *Hagskinna* er ekki með skiptingu eftir kyni, þá gefur manntalsvefurinn hugmynd um hlutfallslegan fjölda kvenna í hverri sókn. Þar af leiðandi eru notaðar hlutfallslegar upplýsingar um fjölda kvenna frá manntalsvefnum á meðalfjölda *Hagskinnu* 1890 og 1901.<sup>31</sup> Til dæmis gefur manntalsvefurinn upp að 279 manns, þar af 146 konur, hafi verið í Ássókn í Norður-Múlasýslu árið 1890 og 270, þar af 135 konur, árið 1901. *Hagskinna* telur 269 manns árið 1890 og 246 árið 1901. Konur voru því um 2,3% fleiri heldur en karlar árið 1890 og jafn margar árið 1901. Að meðaltali voru þær því um 1,1% fleiri heldur en karlar eða 131.<sup>32</sup>

Erfitt gat verið að staðsetja konur með algeng nöfn, eins og til dæmis, „Guðrún Jónsdóttir“ og „Kristín Jónsdóttir“ en þá gátu undirskriftalistarnir sjálfir gefið vísbendingar um hvaða konur þetta voru. Hjálplegt var að skoða nöfn þeirra kvenna sem skrifuðu á undan eða á eftir algengu nafni og staðsetja út frá því. Þetta á einkum við í sveitum en reyndist erfiðara á þéttbýlli svæðum, einkum í Reykjavík. Undirskriftalistarnir voru hins vegar ekki allir þannig að konur af sama bæ skrifuðu undir í beinni röð og ef óljóst var hvaða „Guðrún Jónsdóttir“ skrifaði undir þá var henni sleppt frekar en að giska á það. Jafnframt var ekki hægt að staðfesta

<sup>30</sup> *Stjórnartíðindi* 1896 C, 98–100.

<sup>31</sup> *Hagskinna*, 64–75 og *Vef*. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands.

<sup>32</sup> *Hagskinna*, 72–73 og *Vef*. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Norður-Múlasýsla, Ássókn, 1890 og 1901.



288 konur í sóknarmannatölunum eða á manntalsvefnum og þar af leiðandi eru þær ekki teknar með í úrvinnsluna. Það er þó töluverður minnihluti eða um 12,1% undirskrifa.

Undirskriftalistarnir geta einnig gefið hugmynd um hver stóð fyrir undirskriftasöfnuninni innan sóknarinnar. Hinu íslenska kvenfélagi bárust tvö bréf frá konum sem söfnuðu undirskriftum í sinni sveit, annars vegar Guðlaugu M. Jónsdóttur á Eiðum í Norður-Múlasýslu og hins vegar Bóthildi Björnsdóttur í Skorradal í Borgarfjarðarsýslu. Vikið er betur að þeim síðar í ritgerðinni en það sem skiptir máli hér er að nöfn þeirra voru efst á undirskriftalistunum. Það er því ekki ólíklegt að fyrsta nafnið á lista hafi verið nafn þeirrar sem safnaði undirskriftum í sinni sveit. Hér er gengið út frá því ef engar aðrar vísbendingar, svo sem fjölskyldu- eða vinatengsl, er að finna í heimildum.

Það er ekki einfalt mál að flokka þær konur sem skrifuðu undir listana eftir stöðu. Í þau fáu skipti þar sem að konur skrifuðu stöðu sína á listana þá gat það samt verið óljóst hvaða stöðu þær gegndu á heimilinu. Þetta má til dæmis sjá í Otradalssókn í Barðastrandarsýslu en þar skrifuðu þær „kona“ eða „stúlka“ fyrir aftan nafn sitt. Þegar sóknarmannatalið í Otradalssókn var skoðað kom í ljós að þær sem skráðu sig sem „kona“ voru skráðar sem húsmóðir, vinnukona eða ættingi en þær sem skráðu sig sem „stúlka“ voru annað hvort skráðar sem „dætur“ eða „vinnukonur“ þar.<sup>33</sup> Því er miðað við skráða stöðu í sóknarmannatalinu. Prestar skráðu oftast heimilisfólk eftir virðingarstöðu í sóknarmannatölin. Sá sem stóð fyrir heimilinu var ávallt fyrsta nafnið á listanum (húsbændur og ekkjur), þar á eftir var húsmóðirin og síðan börn. Svo fylgdu ættingjar þar á eftir, eins og til dæmis „móðir bónda“ eða „systir húsmóður“ og svo bústýrur, vinnuhjú, húsfólk og ómagar. Þær sem eru skráðar sem „dætur“ eru allar þær konur sem bjuggu ennþá á heimili foreldra sinna. Þær gátu því verið á öllum aldri ef þær voru ekki skráðar með annað hlutverk á heimilinu, eins og til dæmis vinnukonur.

Í sóknarmannatölunum eru eiginkonur húsbænda skráðar sem „hans kona“ eða álíka því þær voru á framfæri hans. Það á einnig við um giftar vinnukonur og eiginkonur húsmanna og þurrabúðarmanna. Erfiðast var að skrá stöðu eiginkvenna húsmanna. Samkvæmt skilgreiningu *Hagskinnu* var húsfólk „samkvæmt íslenskri málvenju fólk sem var til húsa hjá öðrum en hélt heimili út af fyrir sig og hafði ef til vill einhverja grasnyt“ en þurrabúðarmenn „bjuggu í húsum eða kofum við sjóinn, jafnan á annars manns jörðu, og lifðu mest á fiskveiðum á vertíðum og kaupavinnu á sumrin en höfðu litla eða enga grasnyt.“<sup>34</sup> Það var því óljóst hvernig átti að flokka eiginkonu þurrabúðarmanns eða húsmanns, sem átti börn og hafði jafnvel ættingja eða

<sup>33</sup> SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1069 og *ÞÍ.Kirk*. Otradalsprestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1888–1895, árið 1895.

<sup>34</sup> *Hagskinna*, 201–202.

vinnufólk inni á heimilinu. Húsmóðirin réði inni á heimilinu og því mætti færa fyrir því rök að eiginkona þurraþúðarmanns sé húsmóðir; hlutverk þeirra á heimilinu var hið sama.

Því eru þær konur sem höfðu umsjá yfir heimili og áttu börn eða höfðu vinnuhjú, skráðar sem húsmæður. Annað er uppi á teningnum ef ógift kona er skráð sem húskona og þurfti ekki að sjá fyrir neinum öðrum en sjálfri sér. Þá er hún skráð sem húskona. Hið sama gildir um ekkjur. Í ritgerðinni eru konur því flokkaðar í eftirtaldar stöður í töflunum: Húsmæður, dætur, vinnukonur, húskonur/lausakonur, ekkjur, bústýrur og ættingjar. Ef ómagar skrifa undir bætast þeir við dálkinn „ættlingjar“ og eru skráðir sem „Ó“. Ef konur voru skráðar á annan hátt en hér að ofan svo sem „námsmey“ þá bætist „annað“ við dálkinn „ættlingjar“.

Aldursskipting raðast þannig að fyrsta aldursbilið eru stúlkur 14 ára og yngri. Það er gert með tilliti til þess að mjög fáar stúlkur skrifuðu undir sem voru á því aldursbili annars vegar og því við fermingu var það gjarnan venjan að stúlkur tóku að sér veigameiri hlutverk á heimilum hins vegar. Næsta aldursbil verður því minna heldur en hin aldursbilin, eða frá 15–20 ára. Eftir það miðast það við tíu ár, eða 21–30 og svo koll af kolli.

Ásamt ofangreindum heimildum þá komu ýmis önnur rit að góðum notum. Hvað samtímaheimildir varðar þá reyndust dagblöðin sem þá voru gefin út drjúg heimild, einnig kvennablöðin *Framsókn* og *Kvennablaðið*, auk *Ársrits Hins íslenska kvenfélags*, en öll komu þau fyrst út árið 1895. Í skjalasafni Hins íslenska kvenfélags, sem varðveitt er á Handritasafni Landsbókasafns, er fundargerðabók þar sem farið er yfir aðdragandann að undirskriftasöfnuninni.<sup>35</sup> Ævisöguleg skrif hafa einnig reynt góðar heimildir um líf og störf einstakra kvenna sem koma við sögu í ritgerðinni og má þar einkum nefna bækurnar *Móðir mín* sem Pétur Ólafsson tók saman og *Móðir mín – húsfreyjan* sem Gísli Kristjánsson ritstýrði. Leitir á skjalasöfnum víðs vegar um landið sem tengdust á einhvern hátt undirskriftasöfnuninni reyndust árungrslitlar.<sup>36</sup> Undirskriftalistarnir, sóknarmannatölin og manntalsvefurinn eru því aðalheimildir þessarar ritgerðar og unnið er úr þeim upplýsingum sem þar koma fram.

---

<sup>35</sup> Lbs. 971 fol. Fundargerðarbók I. Hluti skjalasafnsins er einnig aðgengilegur á *Vef. Handrit.is*.

<sup>36</sup> Bestu þakkir til allra skjalavarða sem leituðu í sínum safnkosti fyrir veitta aðstoð.

## 1. Kafli – Konur í sókn

### 1.1. Staða kvenna og undirskriftasöfnunin

Nokkrum mánuðum áður en Hið íslenska kvenfélag hóf sína undirskriftasöfnun í apríl 1895 höfðu seyðfirsku konurnar Sigríður Þorsteinsdóttir, Ingibjörg Skaptadóttir, Hildur Þorláksdóttir, Jónína Gísladóttir, Kristín Wium, Margrét Bjarnadóttir og Valgerður Þorláksdóttir, safnað um 7640 undirskriftum út um allt land til stuðnings frumvarpi sem var lagt fram árið 1894 um að veita bæjarstjórnnum og sýslunefndum heimild til að banna sölu á áfengi.<sup>37</sup> Vilji kvenna til þess að setja hömlur á áfengisnautn fólks var mikill, þar sem að drykkjuskapurinn þótti bæði böll á siðferði og hegðun fólks almennts en bitnaði að auki illa á konum. Giftar konur höfðu til dæmis ekki fjárræði og þurftu að treysta á að fjármunum heimilisins yrði ekki sóað.<sup>38</sup> Að því leyti er samhljómur með bindindismálinu og kröfum Hins íslenska kvenfélags um aukin réttindi kvenna. Seyðfirsku konurnar óskuðu þess að frumvarpið yrði aftur lagt fyrir neðri deild þingsins árið 1895 til þess að „ljetta af herðum ízlenskra kvenna og barna hinu þungbæra böli drykkjuskaparins“<sup>39</sup> og Hið íslenska kvenfélag óskaði eftir því að þingið myndi samþykkja frumvörpin um kjörgengi giftra kvenna í sveitastjórnir svo konur gætu tekið beinan þátt í samfélaginu. Fjárræði giftra kvenna var einnig mikilvægt til þess að þær yrðu sjálfstæðari einstaklingar og ekki eins háðar eiginmönnum sínum.

Það skrifuðu töluvert fleiri konur undir áskorunina um bann við sölu á áfengi heldur en hjá Hinu íslenska kvenfélagi 2373. Ýmsar ástæður geta legið þar að baki. Í fyrsta lagi væri hægt að draga þá ályktun að alþýðukonur hefðu haft meiri áhuga á bindindismálinu á þessum tímamarki heldur en að öðlast borgaraleg réttindi og því hafi það staðið þeim nær að reyna að uppræta óhóflega drykkju karla með banni.<sup>40</sup> Í öðru lagi hefði það frekar fallið að hugmyndum um hlutverk kvenna að skrifa undir álíka áskorun og seyðfirsku konurnar lögðu fram. Þegar konur hófu að endurskoða stöðu sína og réttindi á seinni hluta 19. aldar þurftu þær að svara ýmsum mótrökum. Í bókinni *Hinn sanni Íslendingur* fjallar Sigríður Matthíasdóttir um að rök kvenfrelsisinna hafi meðal annars byggst á tveimur andstæðum hugmyndum, annars vegar á „jafnræðis“ hugsjón, þ.e. að konur ættu rétt á sömu grunnréttindum og karlar þar sem konur hefðu sömu getu og þeir til þess að taka pólitískar ákvarðanir; en á sama tíma héldu þær því

---

<sup>37</sup> SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 729–730 og *Lbs.-Hbs.* Nanna Þorbjörg Lárusdóttir, „Í trú von og kærleika“, 44–45.

<sup>38</sup> Sjá umræður um þetta frumvarp í: *Alþingistíðindi* 1895 B, d. 121, 273, 321, 352, 516.

<sup>39</sup> SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 729.

<sup>40</sup> Sjá umræður um að bindindismálið hjá Hinu íslenska kvenfélagi í *Lbs.-Hbs.* Nanna Þorbjörg Lárusdóttir, „Í trú von og kærleika“, 44–46.

fram að konur hefðu „sérstöðu“ eða jákvæða eiginleika sem karlmenn skorti og því ættu þær erindi á hið opinbera svið.<sup>41</sup> Íslenskar konur beittu til dæmis rökum um „sérstöðu“ sína þegar það kom að siðferðislegum álitamálum því litið var svo á að þær hefðu siðferðislega yfirburði gagnvart körlum og hefðu því rétt á að taka þátt á hinu opinbera sviði til þess að betrubæta þjóðfélagið.<sup>42</sup> Það mætti því draga þá ályktun að konum hafi ef til vill þótt eðlilegra eða þægilegra að skrifa undir áskorun sem varðaði siðferði fólks eins og stór hluti bindindishreyfingarinnar barðist fyrir heldur en áskorun um borgaraleg réttindi. Sigríður Þorsteinsdóttir og Ingibjörg Skaptadóttir hvöttu konur einmitt til þess að láta ekki háð og önnur viðbrögð karla trufla sig þegar þær skrifuðu undir áskorun Hins íslenska kvenfélags, þar sem „Mótstöðumenn kvenfrelsisins munu reyna til að gjöra mál þetta hlægilegt, hláturinn er svo handhægur þegar ástæðurnar vanta.“<sup>43</sup>

Undirskriftasöfnun seyðfirsku kvennanna fellur því ágætlega að hugmyndum um siðbættandi hlutverki kvenna, að halda áfenginu í skefjum sem hafði oft slæm áhrif á hegðun fólks, andstætt undirskriftasöfnun Hins íslenska kvenfélags, þar sem krafist var pólitískra réttinda til jafns á við karlmenn. En báðar undirskriftasafnanirnar höfðu það markmið að veita konum meira pláss á hinu opinbera sviði, því það eitt að svona margar konur legðu fram óskir sínar við stjórnvöld var nánast óþekkt fyrir þennan tíma. Á því eru þó að minnsta kosti tvær undantekningar. Sú fyrri var þegar 27 suður-þingeyskar og 73 ífirskar konur sendu áskorun á Þingvallafundinn 1888 þess efnis að taka kvenréttindi fyrir á fundinum. Suður-þingeysku konurnar áttu frumkvæðið að áskoruninni og sendu þær opið bréf til *Þjóðviljans* þar sem þær vonuðust til þess að ífirsku konurnar finndu „þörfina til að gjöra eitthvað“ í kvenfrelismálinu.<sup>44</sup> Þegar kom að Þingvallafundinum flutti Skúli Thoroddsen, þá sýslumaður og ritstjóri *Þjóðviljans*, áskorun frá konunum í Ísafjarðarsýslu en Pétur Jónsson frá Gautlöndum, formaður Þjóðliðsins í Þingeyjarsveit, las upp kröfur þingeysku kvennanna. Á fundinum var samþykkt að skora á Alþingi að veita konum sem stóðu fyrir sínu eigin búi kjörgengi í sveitastjórnir, auka menntunar möguleika þeirra og „gera betrubætur á fjárráðum giftra kvenna“.<sup>45</sup>

---

<sup>41</sup> Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls 181–182; þýðingin á hugtökunum *equality* (jafnræði) og *difference* (sérstaða) fengin frá: Sigríður Matthíasdóttir, „Færar konur“, 55–59.

<sup>42</sup> Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, 192–193 og Erla Hulda Halldórsdóttir, *Núttímans konur*, 291–292.

<sup>43</sup> Sigríður Þorsteinsdóttir og Ingibjörg Skaptadóttir, „Áskorun kvennfjelagsins“, *Framsókn*, 2. maí 1895, 17–18.

<sup>44</sup> „Opið brjef til ífirzkra kvenna“, *Þjóðviljinn*, 26. apríl 1888, 70.

<sup>45</sup> Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta Suður-þingeyinga og Jón á Gautlöndum*, 196–197 og Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, 185–186. Sjá einnig *Þingvallafundartíðindi*, 22–23 og „Fundurinn að Þingvöllum við Öxará“, *Þjóðviljinn*, 6. september 1888, 106.

Suður-Þingeysku konurnar héldu þrýstingi sínum áfram á stjórnvöld um að auka réttindi kvenna. Árið 1891 skrifuðu 243 konur úr Suður-Þingeyjarsýslu undir bænaskrá sem varðaði rétt kvenna til menntunar, fjárræðis og aukna möguleika til opinberra starfa.<sup>46</sup> Rök þeirra byggðust fyrst og fremst á grundvelli jafnræðishugsjóna, þar sem þær lögðu áherslu á að þær fengju sömu möguleika og karlar til að ganga í opinber störf og að ef konur „sem bæði hafa hæfileika og kringumstæður til að gegna opinberum störfum... fái þau störf, ef eigi eru hæfari menn í fyrirrúmi.“ Einnig bentu þær á hversu óréttlátt það væri að kona „skuli að fullu svipt umráðum fjár síns jafnskjótt sem hún er gengin í hjónaband.“<sup>47</sup>

Í Suður-Þingeyjarsýslu hafði verið öflug félagshreyfing sem lagði áherslu á lýðræðis- og mannréttindastefnu og hefur hreyfingin verið kennd við Jón Sigurðsson á Gautlöndum. Margir bændur í sýslunni studdu jafnréttisbaráttu kvenna og töluðu fyrir máli þeirra á opinberum vettvangi.<sup>48</sup> En þegar að Hið íslenska kvenfélag var stofnað árið 1894 var grunnurinn lagður að skipulagðri kvenréttindabaráttu á Íslandi sem önnur kvenfélög byggðu síðan ofan á.<sup>49</sup> Ásamt því að berjast fyrir auknum réttindum kvenna, börðust þær fyrir málum sem vörðuðu almennan hag Íslands. Þar má helst nefna háskólamálið, þar sem þær héldu tombólu og happdrætti til þess að safna fyrir uppbyggingu háskóla á Íslandi.<sup>50</sup> Fjárhæðin sem safnaðist varð grunnurinn að Háskólasjóði Hins íslenska kvenfélags, sem síðar var notaður til að styrkja stúlkur til náms við skólann.<sup>51</sup> Ásamt því auka réttindi kvenna var markmið félagsins að „gæta fenginna réttinda og hagnýta sér þau“ og „að efla menningu kvenna með samtökum og félagsskap.“<sup>52</sup> Meðlimum fjölgaði hratt í félaginu og árið 1895 voru 485 konur skráðar í Hið íslenska kvenfélag.<sup>53</sup>

Fyrstu tvö árin var mikill hugur í kvenfélagskonum og voru umræður líflegar á fundum ef marka má fundargerðabækur kvenfélagsins. Á fundi kvenfélagsins þann 12. mars 1895 talaði Ólafía Jóhannsdóttir fyrir því að kvenfélagið sendi áskorun til Alþingis um að samþykkja áðurnefnd frumvörp Skúla Thoroddsens og Ólafs Ólafssonar um kjörgengi og fjárræði giftra kvenna. Fundargestir tóku vel í þá hugmynd og voru Ólafía ásamt Jarþrúði Jónsdóttur og

<sup>46</sup> Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga og Jón á Gautlöndum*, 198–199.

<sup>47</sup> *SA. Dagbók Alþingis II* 1891, 90–106.

<sup>48</sup> Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga og Jón á Gautlöndum*, 196–199.

<sup>49</sup> Guðmundur Hálfðanarson, „Kosningaréttur kvenna og afmörkun borgarréttar“, 27–28.

<sup>50</sup> *Lbs.-Hbs.* Katrín Björg Ríkarðsdóttir, „Eftirbreytniverð samtök“, 9-10 og *Lbs.* 971 fol. Fundargerðabók Hins íslenska kvenfélags 1894-1927, fundur þann 12. mars 1895.

<sup>51</sup> Sjá Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir ritstj., *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna*, 105 og Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, 325.

<sup>52</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, 21–22.

<sup>53</sup> „Skýrsla yfir tekjur og útgjöld félagsins 1895“, 62–63.

Elínborgu Friðriksdóttur (Kristjánsson) kosnar til þess að semja áskorunina.<sup>54</sup> Áskorunin var síðan lesin upp og samþykkt á aðalfundi félagsins þann 18. mars. Á þeim fundi sköpuðust umræður um mikilvægi kvenréttinda. Ólafía brýndi fyrir konum mikilvægi þess að þær nýttu réttindin sem þær myndu öðlast. Elínborg Friðriksdóttir tók í sama streng og sagðist af eigin reynslu hafa kynnst óréttlætinu sem fylgdi því að konur fengju ekki að kjósa í sýslu- og hreppsnefndir þegar hún var ekkja og borgaði „einna mest til sveitar“. Bríet Bjarnhéðinsdóttir tók þá næst til máls og lagði áherslu á það hvað fjárræði giftra kvenna væri mikilvægt, til að mynda ef eiginmaðurinn „sólundaði öllu fjéinu eða stykki frá konu og börnum til Ameríku.“<sup>55</sup>

Í grein sem birtist í *Ársriti Hins íslenska kvenfélags* 1896 svaraði Ólafía þeim andmælum sem lagafrumvörpin tvö höfðu fengið. Þar benti hún á að konur vildu eiga kost á því að hafa áhrif á samfélag sitt með því að bjóða sig fram í hreppsnefndir og vitnaði til „fjölda undirskripta“ í undirskriftasöfnuninni.<sup>56</sup> Ólafía var framsækin í kvenréttindabaráttunni og trúði því að kosningaréttur og kjörgengi væri „aðalkjarninn í kvennrjettindamálinu“ og að með því fylgdi „frelsi til þess að hafa áhrif á viðburðina í kringum sig“.<sup>57</sup> Þessi orð Ólafíu voru í takt við kvennabaráttuna á alþjóðavettvangi.<sup>58</sup>

Undirskriftasöfnunin fékk ekki mikla umfjöllun í dagblöðum landsins. Skúli Thoroddsen fagnaði henni í grein sem birtist í *Þjóðviljanum unga* þann 30. apríl 1895 og taldi þetta vera kjörið tækifæri fyrir konur til þess að svara mótrökum „andvígismanna kvenfrelismálsins“.<sup>59</sup> Þann 2. maí 1895 birtist grein í kvennablaðinu *Framsókn*, líklega eftir mæðgurnar Sigríði Þorsteinsdóttur og Ingibjörgu Skaptadóttur, um undirskriftasöfnunina. Þar fögnuðu þær þessum aðgerðum kvenfélagsins og hvöttu konur um allt land til þess að skrifa undir þar sem konum gæfist nú tækifæri til að „hrinda af sjér því ámæli að þær sjeu áhugalausar um rjettindi sín, og óski ekki eptir neinum umbótum á lífskjörum sínum.“ Mæðgurnar brýndu fyrir konum að hafa hraðar hendur og skrifa undir því tíminn væri naumur.<sup>60</sup>

<sup>54</sup> *Lbs.* 971 fol. Fundargerðabók Hins íslenska kvenfélags 1894–1927, fundur þann 12. mars 1895.

<sup>55</sup> *Lbs.* 971 fol. Fundargerðabók Hins íslenska kvenfélags 1894–1927, fundur 18. mars 1895.

<sup>56</sup> Ólafía Jóhannsdóttir, „Kvennrjettindamálið á Íslandi“, 11–13.

<sup>57</sup> Sama heimild, 19.

<sup>58</sup> Sjá til dæmis Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, 53–60. Þar gerir hún upphafi og þróun kvennabaráttunnar á Norðurlöndunum, Bandaríkjunum og Bretlandi góð skil og má sjá þar ýmis líkindi milli kvennabaráttunnar hér og erlendis.

<sup>59</sup> Skúli Thoroddsen, „Stúlkurnar koma með“, *Þjóðviljinn ungi*, 30. apríl 1895, 89.

<sup>60</sup> Sigríður Þorsteinsdóttir og Ingibjörg Skaptadóttir, „Áskorun kvennfélagsins“, *Framsókn*, 2. maí 1895, 17–18.

## 1.2. Skipulag og markmið undirskriftasöfnunarinnar

Það er óljóst hvað mæðgurnar áttu við með því að lítill tími væri til stefnu. Undirskriftasöfnunin sem þær skipulögðu gegn áfenginu stóð frá lokum árs 1894 þar til þær afhentu Alþingi undirskriftirnar þann 5. júní 1895 eða í um fimm mánuði.<sup>61</sup> Af þeim fáu dagsetningum sem koma fram á undirskriftalistum Hins íslenska kvenfélags þá virðast konurnar hafa skrifað undir frá því í byrjun apríl til loka júní. Undirskriftirnar voru aftur á móti afhentar Alþingi þann 7. ágúst 1895. Í bréfi sem fylgdi með undirskriftunum segir að Kvenfélagið eigi von á „fjölda áskorana, er sendar hafa verið út um landið, en eru ókomnar enn“ og tóku þær sérstaklega fram að um 30–40 undirskriftir frá Vestmannaeyjum hefðu „eigi komið til skila“. Það gefur vísbendingu um að undirskriftum hafi verið haldið áfram fram í júlí. Söfnunin gæti því hafa staðið yfir í um fjóra mánuði eða mánuði skemur heldur en undirskriftasöfnun seyðfirsku kvennanna.<sup>62</sup>

Ekki kemur fram í fundargerðarbók Hins íslenska kvenfélags hversu lengi undirskriftasöfnunin hafi átt að standa og hið sama má segja um skipulag undirskriftasöfnunarinnar. Allt bendir þó til þess að félagið hafi sent undirskriftalistana til lykilkvenna um allt land, samanber bréfið sem var nefnt hér að ofan sem Kvenfélagið sendi til Alþingis ásamt áskoruninum.<sup>63</sup> Erfitt er að segja til um hverjar þær voru en ekki er ólíklegt að það hafi verið konur sem voru skráðar í Hið íslenska kvenfélag eða sem stjórnarkonur kvenfélagsins þekktu persónulega eða af afspurn. Það var því í þeirra höndum að safna undirskriftum á sínum svæðum eða senda undirskriftalistann áfram um sveitina. Það var að minnsta kosti leiðin sem Guðlaug M. Jónsdóttir á Eiðum í Eiðasókn í Norður-Múlasýslu fór en hún sendi undirskriftalistann um sveitina. Listinn kom í slæmu standi til baka til hennar og sá hún sig knúna til að skrifa bréf til Hins íslenska kvenfélags þar sem hún baðst afsökunar á því „hve illa hefur verið farið með þetta skjal, þegar ég sendi það til undirskriftar hér um sveitina“.<sup>64</sup> Svo virðist sem konurnar hafi í flestum tilfellum þurft að koma öllum nöfnunum niður á aðeins eitt blað úr hverri sókn og þar af leiðandi fór skjalið um margar hendur og gat því laskast.

Bóthildur Björnsdóttir frá Vatnshorni í Skorradal í Borgarfjarðarsýslu fór aðra leið til þess að safna undirskriftum en hún gekk á milli heimila í Fitja- og Lundarsókn og fékk konur til þess að skrifa undir. Í bréfi sem hún sendi Hinu íslenska kvenfélagi, ásamt undirskriftalistunum, baðst hún afsökunar á því hve fáum undirskriftum hún hefði safnað því

<sup>61</sup> „Hendinni næst“, *Framsókn*, 8. janúar 1895, 3.

<sup>62</sup> *SA. Dagbók Alþingis 1895 III*, 1031.

<sup>63</sup> Sama heimild, 1031–1032.

<sup>64</sup> Sama heimild, 1038.

„hjár er strjálbyggt og fáförult milli bæja og sveita í þessum okkar ... djúpu dölum“. Alls safnaði hún 22 undirskriftum en í Fitjasókn voru 42 konur en 101 í Lundarsókn.<sup>65</sup>

Öruggt má telja að landslag, veðurfar og torsóttar leiðir milli bæja hafi haft á fjölda þeirra sem skrifuðu undir. Árið 1887 færði Páll Briem, sem þá var í kjöri til Alþingis, fyrir því rök að kjósendur ættu að geta kosið í hverjum hreppi sem og utan kjörfundar vegna þess hversu langar og erfiðar leiðirnar gátu oft verið á kjörstað fyrir stóran hluta kjósenda.<sup>66</sup> Það hafði allavega áhrif þegar kosið var í Snæfellssýslu þar sem að aðeins 14% karla nýttu kosningarétt sinn árið 1887. Þeir sem skiluðu inn atkvæði sínu voru „einkum hinir betur megandi og þeir sem bjuggu nærri kjörstað.“<sup>67</sup>

Svo virðist sem öll undirskriftasöfnunin hafi verið gerð í hálfgerðum flýti og sést það vel þegar undirskriftalistarnir eru bornir saman við undirskriftalista seyðfirsku kvennanna um áfengisbannið. Sú áskorun var auglýst í fyrsta tölublaði *Framsóknar* og fjallað var um hana meðal annars í *Heimilisblaðinu* og *Stefni* fljótlega eftir að fyrstu undirskriftalistarnir voru sendir út.<sup>68</sup> Bindindishreyfingin var orðin nokkuð sterk og hafði einnig mikinn stuðning frá körlum.<sup>69</sup> Listarnir um áfengisbannið voru dálkaskiptir þar sem konur áttu að skrifa nafn, heimili og stöðu. Ekki var gerð nein krafa um að konur skrifuðu annað en nafn sitt á undirskriftalista Hins íslenska kvenfélags sem dregur úr vægi og trúverðugleika undirskriftalistanna.

Markmið undirskriftasöfnunar Hins íslenska kvenfélags var fyrst og fremst að þrýsta á stjórnvöld að samþykkja frumvörp sem þegar höfðu verið rædd og samþykkt á Alþingi en urðu ekki að lögum.<sup>70</sup> Það mætti því ætla að áskorunin hefði fyrst og fremst höfðað til kvenna sem höfðu hagsmuna að gæta: giftra kvenna sem vildu tryggja eigið fjárræði í hjónabandi og þeirra ekkna og ógiftu kvenna sem stóðu fyrir búi eða eigin rekstri og uppfylltu lagaskilyrði um kosningarétt til sveitarstjórna. Einnig má velta fyrir sér hvort hefðbundið aldurstakmark kosningabærra karla, 25 ára, hefði átt að vera viðmið um hver gæti skrifað undir.<sup>71</sup> Það er hins

<sup>65</sup> *SA*. Dagbók Alþingis 1895 III, 1074; *Hagskinna*, 66-67 og *Vef*. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Borgarfjarðarsýsla, Lundarsókn, Fitjasókn, 1890 og 1901.

<sup>66</sup> Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Eru atkvæðaseðlarnir við höndina?“, 146–147 og 150–152. Sjá einnig: Erla Hulda Halldórsdóttir og Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Ósjálfráðu atkvæðin“, 77–115. Einnig er fjallað um hvernig heimaatkvæðin gerðu konum betur kleift að nýta kosningarétt sinn sem og áhyggjur alþingismanna á fyrri hluta 20. aldar um áhrif veðurs og vegalengdar á kosningabátttöku.

<sup>67</sup> Sama heimild, 151.

<sup>68</sup> „Hendinni næst“, *Framsókn*, 8. janúar 1895, 3; „Gegn áfengisnautn“, *Heimilisblaðið*, 1. mars 1895, 40 og Þrándur, „Kvennfólk á ferðinni“, *Stefni*, 19. mars 1895, 17–18.

<sup>69</sup> *Sjá Lbs.-Hbs*. Nanna Þorbjörg Lárusdóttir, „Í trú von og kærleika“, 70–81.

<sup>70</sup> Fjárræði giftra kvenna var aðeins samþykkt í neðri deild Alþingis en varð ekki fullrætt fyrir þinglok í ágúst 1893; sjá *Alþingistíðindi* 1893 B, d. 152–160 og *Alþingistíðindi* 1893 C, 166.

<sup>71</sup> *Vef*. 100 ára kosningaréttur kvenna á Íslandi, „Hvenær fengu allir fullorðnir kosningarétt á Íslandi?“



vegar ekkert sem bendir til þess að Hið íslenska kvenfélag hafi aðeins óskað eftir undirskriftum frá konum sem hefðu náð ákveðnum aldri eða hefðu sérstaka stöðu. Skýringin kann að vera viðbótakrafan um fullt jafnrétti, „samkvæmt tímans vaxandi menningar- og frelsiskröfum“. <sup>72</sup> Á þann hátt var krafan tímalaus.

Heimildir benda til þess að ekki hafi allir áttað sig almennilega á því hvaða konur mættu skrifa undir eða hvort krafa væri gerð um aldur eða stöðu. Dæmi eru um að ófermdar stelpur hafi skrifað undir eins og betur er vikið að síðar. Í bréfinu sem áður nefnd Bóthildur Björnsdóttir sendi til Hins íslenska kvenfélags velti hún því fyrir sér hver skilyrðin væru til þess að mega skrifa undir. Hún sagðist aðeins hafa óskað eftir undirskriftum frá „fullvaxta konum, en bæði giftar og ógiftar konur, fyrir því þekkti ég enga reglu“. <sup>73</sup> Sjálf var Bóthildur 27 ára og bjó hjá foreldrum sínum í Vatnshorni.

Þó að minnihluti þeirra kvenna sem skrifuðu undir uppfylltu skilyrðin um mögulegt kjörgengi, þá sýndi undirskriftasöfnunin fram á að konur höfðu áhuga og vilja til þess að láta að sér kveða á opinberum vettvangi sem og að þrýsta á stjórnvöld til þess að veita þeim fullt jafnrétti. Það sýndu þær 2373 konur sem skrifuðu undir. Í áður nefndu bréfi Bóthildar Björnsdóttur var hún á þeirri skoðun að konur ættu fyrst og fremst að sækjast eftir jafnrétti til menntunar. Hún skýrði frá því að sveitungum sínum í Fitja- og Lundarsókn þætti:

ekki mikilverð rjettarbót að fá kjörgengi í hreppsnefndir o.s.frv. en að fá jafnt körlum aðgang að menntastofnunum landsins embættum og öðrum atvinnustörfum eptir hæfileikum, álítum við að sjé sú aðalkrafa, sem vjér konur eigum að gjöra, og því aðeins er sanngjarnt að vjer tökum einnig móti skyldum sem litlir eða engir hagsmunir fylgja. Ekki neita ég því, að fjárráða frumvarpið feli í sjer rjettarbót, er notuð kynni að verða í einstökum tilfellum... Það er því einkum vegna síðari málsgreinar áskorunarinnar, sem eg og við flestar höfum undirskrifað hana.

Bóthildur taldi að þessi réttindi væru að öllu „eðlileg“ sem „efla mega vorn andlega og líkamlega þrótt, og munum vjér þá fúslega takast á hendur nýjar skyldur fyrir þjóðfélagið, eptir því sem kraptar vorir leyfa.“ <sup>74</sup> Áhersla á menntun kvenna og aðgengi að skólum og atvinnu var einmitt ofarlega á baugi meðal kvenréttindakvenna á síðari hluta 19. aldar. <sup>75</sup>

Jafn umfangsmiklar undirskriftasafnanir voru ekki vel þekktar hér á landi og hvað þá að frumkvæði kvenna. Ekki er ólíklegt að Ólafía hafi fengið innblástur að utan og í gegnum bindindishreyfinguna en konur voru farnar að nota þessa baráttuaðferð úti í hinum vestræna

<sup>72</sup> SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1031–1032.

<sup>73</sup> SA. Sama heimild, 1074.

<sup>74</sup> SA. Sama heimild, 1074–1075

<sup>75</sup> Um það efni sjá einkum Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*.

heimi. Kvennablöðin tvö, *Framsókn* og *Kvennablaðið*, fylgdust grannt með kvennabaráttunni vestan- og austanhafs. Þar má til dæmis nefna grein sem *Framsókn* birti í september 1895 um kvennabaráttuna í Bandaríkjunum. Þar voru konur að öðlast aukin lagaleg réttindi og söfnuðu konur í New York fylki um 625 þúsund undirskriftum til að veita konum stjórnómáleggt jafnrétti.<sup>76</sup>

Undirskriftasafnanir urðu æ algengari baráttuaðferð í réttindabaráttu minnihlutahópa eftir því sem leið á 20. öldina. Haldnar voru til að mynda tvær undirskriftasafnanir fyrir auknum réttindum kvenna hér á landi á fyrstu tveimur áratugum 20. aldar, annars vegar árið 1907 og hins vegar árið 1913.<sup>77</sup> Undirokaðir settu pressu á stjórnvöldin að sinna sínum lýðræðislegu skyldum og taka mark á vilja fólks. Áskorun Hins íslenska kvenfélags skilaði sér þar sem frumvarpið um kjörgengi kvenna var samþykkt á þinginu sama ár. Aftur fékk frumvarpið ekki staðfestingu konungs þrátt fyrir að konur hefðu látið í ljós vilja sinn til þess að öðlast þessi réttindi.<sup>78</sup>

---

<sup>76</sup> „Kvennfrelismálið“, *Framsókn* 2. september 1895, 33.

<sup>77</sup> Sjá Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, 125–133 og *SA. Dagbók Alþingis* 1913 IV, 738.

<sup>78</sup> Stjórnartíðni 1896 B, 235–236 og sjá einnig Guðmundur Hálfðanarson, „Kosningaréttur kvenna og afmörkun borgararéttar“, 28.

## 2. Kafli – Sýslurnar

### 2.1. Borgarfjarðarsýsla

**Tafla 2.1.1. Fjöldi kvenna og undirskrifta eftir sóknum í Borgarfjarðarsýslu**

Sóknir	Fjöldi kvenna	Undirskriftir	Hlutfall
Fitjasókn	42	12	29%
Lundarsókn	101	10	10%
Hvanneyrasókn	131	9	7%
<b>Samtals</b>	<b>274</b>	<b>31</b>	<b>11,3%</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis III 1895, 1076–1077; Vef. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Borgarfjarðarsýsla, Fitjasókn, Lundarsókn, Hvanneyrasókn og *Hagskinna*, 66–67.

Í Borgarfjarðarsýslu voru 1401 kona árið 1895.<sup>79</sup> Þar af skrifuðu undir 31 þeirra kvenna sem komu úr þremur sóknum en í sýslunni voru 13 sóknir. Í sóknunum voru um 274 konur þannig að um 11,3% þeirra skrifuðu undir. Í Fitjasókn skrifuðu flestar konur undir eða 12 talsins. Sóknin var fámenn og voru því um 29% kvenna sem settu nöfn sín á listann.

Áður nefnd Bóthildur Björnsdóttir fæddist á Vatnshorni í Skorradal árið 1867. Hún ólst þar upp með foreldrum sínum, Birni Eyvindarsyni og Sólveigu Björnsdóttur þar til hún flutti til Reykjavíkur einhvern tímann eftir 1901. Eins og rætt var um í seinasta kafla þá lét Bóthildur kvenréttindi sig varða og þá sérstaklega menntun kvenna. Veturinn 1883–1884 var hún við nám við Kvennaskólann í Reykjavík en flutti síðan aftur á Vatnshorn eftir það.<sup>80</sup> Hún var næst yngst systkina sinna sem lifðu til fullorðinsaldurs og þurftu þau Bjarni bróðir hennar að reka búið með föður þeirra þar til hann lést árið 1899.<sup>81</sup> Hin systkini hennar fluttust víða um land eða til Vesturheims. Bóthildur giftist aldrei en hélt út til Kaupmannahafnar við upphaf 20. aldar til að kynna sér hjúkrun. Það virðist hafa verið mikil menntunarþrá í fjölskyldunni en systur hennar, Steinunn og Þórunn Björnsdætur, héldu einnig út til náms. Steinunn flutti til Bandaríkjanna og gerðist fyrst íslenskra kvenna nunna eftir siðaskiptin en Þórunn hélt út til Kaupmannahafnar og lærði þar ljósmóðurfræði.<sup>82</sup>

Kvenréttindi og trúin virðist hafa skipt Bóthildi miklu máli alla tíð. Þar má til dæmis nefna að árið 1919 skrifaði hún ásamt öðrum þáverandi og fyrrverandi nemendum Kvennaskólans undir ávarp sem birtist í nokkurm blöðum bæjarins um stofnun minningarsjóðs til heiðurs Þóru

<sup>79</sup> *Stjórnartíðindi* 1896 C, 98–100.

<sup>80</sup> Björg Einarsdóttir, „Nemendaskrá“, 299.

<sup>81</sup> „Eptirmæli“, *Þjóðólfur*, 2. febrúar 1900, 24.

<sup>82</sup> Guðfinna Ragnarsdóttir „Nunnurnar“, 17–19.

Melsteðs.<sup>83</sup> Annað dæmi er að finna í stuttri minningargrein sem vinkona hennar skrifaði í *Morgunblaðið* árið 1931. Þar var Bóthildur sögð vera „ríklunduð“ og gáfuð kona sem „lifði fyrir hugsjónir sem fjöldinn [skildi] ekki“. Spurningin er hvaða hugsjónir þetta voru, en líklega tengdust þær jafnréttis- og trúmálum. Samkvæmt vinkonu Bóthildar þá voru skoðanir hennar ekki alltaf vel liðnar þar sem þeir sem þekktu hana myndu „ekki allir líta sömu augum á starf hennar og lífstefnu á síðari árum.“<sup>84</sup>

Eins og áður segir þá var það Bóthildur sem tók af skarið og safnaði undirskriftum í sinni sveit. Í heildina safnaði hún 22 undirskriftum, þar af 12 í Fitjasókn og tíu í Lundasókn. Það voru einu undirskriftirnar sem bárust úr Borgarfjarðarsýslu ásamt undirskriftum frá bænum Grund í Skorradal (Hvanneyrarsókn), en þaðan bárust undirskriftir frá níu konum sem höfðu skrifað undir á sinn eigin undirskriftalista. Líklega var það húsmóðirin á heimilinu, Kristín Vigfúsdóttir, sem fékk allar konurnar á Grund til þess að skrifa undir. Í minningargrein var henni lýst sem „merkiskonu“ sem veitti eiginmanni sínum, Pétri Þorsteinssyni, oft ýmis heilræði þegar hann leitaði til hennar.<sup>85</sup>

Tafla 2.1.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Borgarfjarðarsýslu

Sóknir	Húsmæður	Dætur	Vinnuk.	Ekkjur	Húsk. (H)	Bústýrur	Ættingjar	Óstaðsettar	Heildarfjöldi
	Lausak.(L)								
Fitjasókn	2	6	2	1	-	-	-	1	12
Lundasókn	3	5	2	-	-	-	-	-	10
Hvanneyra-sókn	1	8	-	-	-	-	-	-	9
<b>Samtals</b>	<b>6</b>	<b>19</b>	<b>4</b>	<b>1</b>	-	-	-	<b>1</b>	<b>31</b>
<b>Hlutfall</b>	<b>19,4%</b>	<b>61,3%</b>	<b>12,9%</b>	<b>3,2%</b>	-	-	-	<b>3,2%</b>	<b>100%</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis III 1895, 1076–1077; *ÞÍ.Kirk.* Lundarprestakall. BC/6-1. Sóknarmannatal 1892–1896; Hestþingaprestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1884–1900, árin 1894–1895.

Algengt var að tvær eða fleiri konur skrifuðu undir á hverjum bæ. Það vekur athygli að aðeins Bóthildur skrifaði undir á Vatnshorni, en þar voru tvær vinnukonur sem voru eldri en 15 ára. Í Fitjasókn var það alltaf raunin að á hverjum bæ voru fleiri konur 15 ára og eldri en þær sem skrifuðu undir. Fitjar er áhugavert dæmi um það en þar skrifaði Vigdís Magnúsdóttir ekki

<sup>83</sup> „Ávarp“, *Ísafold*, 7. júní 1919, 3. Þess má geta að Ingibjörg H. Bjarnason, fyrsta konan til þess að verða kjörin á Alþingi, skrifaði einnig undir ávarpaði.

<sup>84</sup> „Bóthildur Björnsdóttir“, *Morgunblaðið*, 18. desember 1931, 7.

<sup>85</sup> Kristleifur Þorsteinsson, *Úr byggðum Borgarfjarðar* 3:312–314. Einnig má sjá í 1. bindi á bls. 360–363 minningargrein um son Kristínar, Bjarna Pétursson hreppstjóra. Er heimilinu Grund lýst sem „samkomustað Skorrðæla“ og virðist sem að Bjarni hafi haldið heiðri foreldra sinna á lofti með gestrisni sinni.

undir, þó að hún hefði átt hvað mest erindi því hún var ekkja og stóð fyrir búinu. Dætur hennar, Þóra og Guðrún Guðmundsdætur settu nafn sitt á listann.

**Tafla 2.1.3. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Borgarfjarðarsýslu**

Aldursbil	Fitjasókn	Lundarsókn	Hvanneyrasókn	Samtals
14 og yngri	-	-	1	1
15–20	1	5	4	10
21–30	6	2	1	9
31–40	1	1	2	4
41–50	1	1	-	2
51–60	1	1	1	3
61–70	1	-	-	1
71–80	-	-	-	-
81 og eldri	-	-	-	-
<i>Óstaðsettar</i>	1	-	-	1
<b>Samtals</b>	<b>12</b>	<b>10</b>	<b>9</b>	<b>31</b>
<b>Meðalaldur</b>	<b>31,8 ára</b>	<b>26,6 ára</b>	<b>25,2 ára</b>	<b>27,9 ára</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis III 1895, 1076–1077; *ÞÍ.Kirk.* Lundarprestakall. BC/6-1. Sóknarmannatal 1892–1896; Hestþingaprestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1884–1900, árin 1894–1895 og *Vef.* Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Borgarfjarðarsýsla, Fitjasókn, Lundarsókn, Hvanneyrasókn

Sömu sögu er að segja í Lundarsókn en af þeim sex heimilum sem áttu fulltrúa á listanum var það aðeins á Reykjum 2 þar sem allar konur skrifuðu undir.

Dætur voru í töluverðum meirihluta undirskrifta í sýslunni. Meðalaldur kvennanna sem skrifuðu undir var því ekki hár, eða 27,9 ára. Það á því vel við að yngsti einstaklingurinn sem skrifaði undir áskorunina er einmitt úr Borgarfjarðarsýslu. Það var Elísabet Þorsteinsdóttur, 5 ára, á Grund en hún var ömmubarn áður nefndrar Kristínar Vigfúsardóttur. Miðað við rithöndina er líklegt að Kristín hafi skrifað nafn Elísabetar á listann. Einnig má finna annað ömmubarn hennar á listanum, Kristínu Jónatansdóttur. Varla hefur Hið íslenska kvenfélag gert ráð fyrir að börn skrifuðu undir en miðað við hvað leiðbeiningar voru takmarkaðar er kannski ekki skrytið að Kristín hafði fengið allar konurnar á heimilinu til þess að skrifa undir. Einnig var ómögulegt fyrir Hið íslenska kvenfélag að vita aldur og stöðu þeirra sem skrifuðu undir þar sem ekki var gerð krafa um að þær upplýsingar fylgdu undirskriftinni.

## 2.2. Mýrarsýsla

**Tafla 2.2.1. Fjöldi kvenna og undirskrifta eftir sóknum í Mýrarsýslu**

Sóknir	Fjöldi kvenna	Undirskriftir	Hlutfall
Hvammssókn	102	27	26,4%
Álftártungusókn	72	15	20,1%
Álftanessókn	124	5	4%
<b>Samtals</b>	<b>298</b>	<b>47</b>	<b>15,8%</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis III 1895, 1072–1073; *Hagskinna*, 67–68; *Vef*. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Mýrarsýsla, Hvammssókn, Álftártungusókn og Álftanessókn 1890 og 1901

Í Mýrarsýslu voru konur 1059 talsins og af þeim skrifuðu 47 undir listann.<sup>86</sup> Það gera um 4,4% kvenna sem skrifuðu undir í sýslunni allri. Undirskriftirnar dreifðust um þrjár af 12 sóknum. Flestar undirskriftirnar komu úr Hvammssókn í Norðurárdal en þar skrifuðu 27 konur undir, sem gera um 26,4% kvenna í sókninni.

Vigdís Pálsdóttir í Hvammi var efsta nafnið á undirskriftalistanum úr Hvammssókn og var líklega sú sem kom undirskriftasöfnuninni af stað þar. Hún var einnig fyrsta nafnið fyrir sinn hrepp í áskoruninni 1907 um kosningarétt og kjörgengi til Alþingis.<sup>87</sup> Vigdís var dóttir Páls Pálssonar alþingismanns Húnvetninga og ólst upp á Breiðabólstað í Vesturhópi.<sup>88</sup> Hún giftist séra Gísla Einarssyni og þau fluttust í Hvamm árið 1888 þar sem Gísli tók við prestsembætti. Vigdís hafði áhuga á sögu og ættfræði og er sögð hafa verið „stórgáfuð kona“ þar sem gestir „komu fróðari af fundi hennar, þeir er fræðast vildu um horfna tíð.“<sup>89</sup>

Vigdís safnaði 27 undirskriftum sem dreifðust á 13 heimili. Sjö konur skrifuðu undir í Hvammi, en aðeins ein vinnukona gerði það ekki. Ólíkt Kristínu Vigfúsdóttur á Grund þá lét Vigdís fimm dætur sínar, sú elsta var ellefu ára en yngsta þriggja ára, ekki skrifa undir. Í allri sókninni voru ein eða tvær konur 15 ára eða eldri á hverju heimili sem skrifuðu ekki undir. Oftast voru það vinnukonur en á Hvassafelli og Skarðshömrum skrifuðu húsmæðurnar ekki undir. Algengt var að aðeins ein kona skrifaði undir, eða á 8 af 13 heimilum. Á Hafþórsstöðum skrifaði aðeins bústýran Halldóra Arnbjörnsdóttir undir en ómaginn Kristín Torfadóttir gerði það ekki. Hér vaknar spurningin um það hverjir máttu í raun skrifa undir. Af hreppnum voru ómagar settir niður hjá bændum í ársdöl og veitti hreppurinn bændum meðgjöf. Ómagar höfðu

<sup>86</sup> *Stjórnartíðindi* 1896 C, 98–100

<sup>87</sup> SA. Dagbók Alþingis 1907 III, 967.

<sup>88</sup> *Vef*. „Páll Pálsson“.

<sup>89</sup> „Síra Gísli Einarsson áttatíu ára“, *Morgunblaðið*, 20. janúar 1938, 6 og „Vigdís Pálsdóttir“, *Vísir*, 5. ágúst 1932, 2.

því takmörkuð réttindi og þurftu þeir líklega leyfi húsbónda til þess að skrifa undir.<sup>90</sup> Aftur á móti eru dæmi um að ómagar hafi skrifað undir undirskriftalistann en vikið er betur að því síðar.

Tafla 2.2.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Mýrarsýslu

Sóknir	Húsmæður	Dætur	Vinnuk.	Ekkjur	Húsk. (H)	Bústýrur	Ættingjar	Óstaðsettar	Heildarfjöldi
					Lausak.(L)				
Hvamms-sókn	7	9	7	1	1L	1	-	1	27
Álftártungu-sókn	12	-	2	-	1H	-	-	-	15
Álftanessókn	4	-	-	-	-	1	-	-	5
<b>Samtals</b>	<b>23</b>	<b>9</b>	<b>9</b>	<b>1</b>	<b>1H</b>	<b>2</b>	-	-	<b>46</b>
					1L				

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis III 1895, 1072–1073; *ÞÍ.Kirk.* Borgarprestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1886–1907; Hvammsprestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1892–1922, árin 1894–1895.

Eins og sjá má á töflu 2.2.2. þá voru það húsmæður sem voru í töluverðum meirihluta þeirra sem skrifuðu undir listann í sýslunni. Í Álftártungusókn skrifuðu til að mynda 12 húsmæður undir og var það aðeins á tveimur heimilum sem að fleiri en ein kona skrifaði undir. Það vekur athygli að engar dætur, 15 ára eða eldri, hafi skrifað undir í Álftártungu- og Álftanessókn. Þær eru þó að finna á þremur heimilum í Álftártungusókn en engar í Álftanessókn samkvæmt sóknarmannatali.<sup>91</sup> Einnig skrifuðu fáar vinnukonur undir þrátt fyrir að þær væri að finna á öllum heimilum nema tveimur heimilum. Vinnukonurnar tvær sem skrifuðu undir voru Gislína Guðrún Þorsteinsdóttir á Valshamri, 36 ára, og Jensína Bjarnadóttir í Álftartungu, 43 ára, og báðar voru giftar vinnumönnum. Tvær aðrar ógiftar vinnukonur hefðu getað skrifað undir á báðum þessum heimilum en gerðu það ekki.

Það er erfitt að fullyrða um af hverju sumar konur skrifuðu undir en aðrar ekki og líklega voru það margir þættir sem höfðu áhrif á það eins og nefnt er síðar. En hægt er að sjá greinilegan mun á fjölda eftir stöðu og á hvaða aldri konurnar voru milli sókna. Í Hvammssókn, þar sem dætur voru í meirihluta þeirra sem skrifuðu undir, var meðalaldurinn 31 ár. Hann var sá sami í Álftanessókn, þrátt fyrir að húsmæður væru meginþorri þeirra sem skrifuðu undir. Það var

<sup>90</sup> Einar Laxness, *Íslandssaga a-ö*, 2:60.

<sup>91</sup> Þetta eru Háhóll, Arnarstapi og Álftá, sjá: *ÞÍ.Kirk.* Borgarprestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1886–1907, árin 1894–1895.

einnig raunin í Álfartungusókn en meðalaldurinn þar var töluvert hærri heldur en í hinum sóknunum eða 44 ár. Meðalaldurinn í sýslunni var því 35,3 ár.

Yngsta konan sem skrifaði undir var Ragnhildur Andrésdóttir, 16 ára á Hvassafelli í Hvammssókn en sú elsta var Ingibjörg Erlendsdóttir, 73 ára, á Hvítstöðum í Álfartungusókn. Ragnhildur skrifaði þar undir ásamt systur sínum en móðir hennar skrifaði ekki undir. Ragnhildur kynntist eiginmanni sínum, Helga Þórðarsyni sumarið 1899 þegar hún var í vinnumennsku á Fornahvammi. Sumarið 1900 héldu þau út til Kanada ásamt Helgu systur Ragnhildar. Þriðja systirin sem skrifaði undir, Guðrún, hafði farið ári fyrr. Þau bjuggu í Winnipeg þar til hún lést árið 1904.<sup>92</sup>

Tafla 2.2.3. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Mýrasýslu

Aldursbil	Hvammssókn	Álfartungusókn	Álftanessókn	Samtals
14 og yngri	-	-	-	-
15–20	6	-	-	6
21–30	9	3	3	15
31–40	6	4	1	11
41–50	1	3	1	5
51–60	2	3	-	5
61–70	-	1	-	1
71–80	1	1	-	2
81 og eldri	-	-	-	-
Óstaðsettar	2	-	-	2
<b>Samtals</b>	<b>27</b>	<b>15</b>	<b>5</b>	<b>47</b>
<b>Meðalaldur</b>	<b>31</b>	<b>44</b>	<b>31</b>	<b>35,3</b>

**Heimild:** : SA. Dagbók Alþingis III 1895, 1072–1073; *ÞÍ.Kirk.* Borgarprestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1886–1907; Hvammsprestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1892–1922, árin 1894–1895 og *Vef.* Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Mýrasýsla, Hvammssókn, Álfartungusókn og Álftanessókn, 1890 og 1901.

<sup>92</sup> Ingunn Ragnarsdóttir, „Gilhagi“, 56–57.



## 2.3. Snæfellsnessýsla

Tafla 2.3.1. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Snæfellsnessýslu

Sóknir	Húsmæður	Dætur	Vinnuk.	Ekkjur	Húsk. (H)	Bústýrur	Ættingjar	Óstaðsettar	Heildafjöldi
	Lausak.(L)								
Bjarnarhafnar-sókn	1	1	1	-	1H	-	3	-	7
<b>Samtals</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>-</b>	<b>1H</b>	<b>-</b>	<b>3</b>	<b>-</b>	<b>7</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1109–1110; *ÞÍ.Kirk.* Helgafell í Helgafellssveit – prestakall. BC/10-1. Sóknarmannatal 1895–1903, árið 1895.

Í Snæfellsnessýslu voru 1629 konur og skrifuðu aðeins sjö þeirra undir, eða 0,4%.<sup>93</sup> Allar konurnar sem skrifuðu undir voru skráðar til heimilis í Bjarnarhöfn í Bjarnarhafnarsókn. Í sókninni bjuggu um 42 konur og skrifuðu því 16,7% þeirra undir listann.

Líklega var það húsmóðirin Amalía Pálsdóttir sem fékk heimiliskonurnar til þess að skrifa undir en hún var fyrsta nafnið á listanum. Tvær vinnukonur skrifuðu ekki undir. Amalía hafði misst fyrri eiginmann sinn Þorleif Þorleifsson, árið 1888.<sup>94</sup> Þá var hún 40 ára og þurfti að standa ein fyrir búinu næstu sex árin. Bærinn var nokkuð stór, en þar bjó hún með fimm börnum sínum (elsta 13 ára og yngsta 5 ára, árið 1889), ásamt 12–17 heimilismönnum á árunum 1888–1893.<sup>95</sup> Ekki er ólíklegt að hennar eigin reynsla hafi ýtt undir þá skoðun hennar að mikilvægt væri að konur í hennar stöðu fengju aukin réttindi, rétt eins og Elínborg Friðriksdóttir nefndi á fundi Hins íslenska kvenfélags og vikið var að í fyrsta kafla.

Allar konurnar sem skrifuðu undir tengdust Amalíu annað hvort fjölskyldu- eða vinaböndum. Amalía giftist Stefáni Benediktssyni búfræðingi árið 1894 og fluttu þá tvær systur hans og foreldrar í Bjarnarhöfn. Systurnar og stjúpmóðir bónda skrifuðu undir. Dóttir Amalíu úr fyrra hjónabandi, Kristín Þorleifsdóttir 17 ára, skrifaði einnig undir og var hún yngsta konan á heimilinu sem gerði það. Elsta konan sem skrifaði undir var húskonan Guðríður Jónsdóttir 74 ára. Hún var ekkja sem misst hafði öll börn sín. Hún var vel liðin í Bjarnarhöfn og hafði búið þar í að minnsta kosti 15 ár. Amalía Pálsdóttir, lofaði hana fyrir „trúmennsku og áreiðanleika“.<sup>96</sup> Eina vinnukonan sem skrifaði undir var Anna Guðmundsdóttir en hún var skyld Þorleifi og hafði verið í fóstri hjá þeim Amalíu.<sup>97</sup>

<sup>93</sup> *Stjórnartíðindi* 1896 C, 98–100.

<sup>94</sup> „Sjáandinn mikli“, *Tíminn* 4. júlí 1992, 8–9.

<sup>95</sup> *ÞÍ.Kirk.* Helgafell í Helgafellssveit – prestakall. BC/10-1. Sóknarmannatal 1895–1903.

<sup>96</sup> Brynjúlfur Jónsson, „Nokkrar sagnir um fjarskynjunargáfu“, *Sunnarfari*, 1. ágúst 1901, 59.

<sup>97</sup> Guðni Jónsson, „Sýnir Kristínar Þorleifsdóttur“, 27–29.

**Tafla 2.3.2. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Snæfellsnessýslu**

<b>Aldursbil</b>	<b>Bjarnarhöfn</b>	<b>Samtals</b>
14 og yngri	-	-
15–20	2	2
21–30	2	2
31–40	-	-
41–50	1	1
51–60	-	-
61–70	1	1
71–80	1	1
81 og eldri	-	-
<i>Óstaðsettar</i>	-	-
<b>Samtals</b>	<b>7</b>	<b>7</b>
<b>Meðalaldur</b>	<b>38,5</b>	<b>38,5</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1109–1110 og *ÞÍ.Kirk.* Helgafell í Helgafellssveit – prestakall. BC/10-1. Sóknarmannatal 1895–1903.

## 2.4. Barðastrandarsýsla

**Tafla 2.4.1. Fjöldi kvenna og undirskrifa eftir sóknum í Barðastrandarsýslu**

Sóknir	Fjöldi kvenna	Undirskriftir	Hlutfall
Laugardalssókn	140	57	40,1%
Otradalssókn	137	13	9,4%
Sauðlauksdalssókn	174	25	14,4%
Selárdalssókn	164	89	54,2%
<b>Samtals</b>	<b>615</b>	<b>184</b>	<b>30%</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1060 og 1065–1070; *Hagskinna*, 68–69 og *Vef*. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Barðastrandarsýsla, Laugardalssókn, Otradalssókn, Sauðlauksdalssókn og Selárdalssókn, 1890 og 1901

Af þeim 1595 konum sem skráðar voru í Barðastrandarsýslu við árslok 1895 skrifuðu 184 undir áskorun Hins íslenska kvenfélags, eða 11%.<sup>98</sup> Undirskriftir bárust úr fjórum af þeim 14 sóknum sem voru í sýslunni. Flestar undirskriftir bárust úr Selárdalssókn eða af þeim 164 konum sem skráðar voru þar þá skrifuðu 89 þeirra undir, eða 54,2%. Fæstar undirskriftir bárust úr Otradalssókn eða aðeins frá 13 af þeim 137 konum sem voru skráðar þar, eða 9,4% þeirra. Af heildarfjölda kvenna í sóknunum skrifuðu 30% undir listann.

Í Selárdalssókn dreifðust undirskriftirnar á 23 heimilli. Á tíu heimilum skrifuðu allar konur eldri en 15 ára undir. Algengt var að ef húsmóðirin skrifaði undir þá gerðu aðrar konur á heimilinu það einnig. Undirskrift húsmóður virðist þó ekki alltaf hafa verið forsenda þess að aðrar heimiliskonur skrifuðu undir. Nefna má til dæmis Hringdal 1 en þar skrifaði húsmóðirin María Magnúsdóttir ekki undir en móðir hennar, sem var ekkja og bjó hjá henni, og fjórar vinnukonur skrifuðu undir.

Það sést vel á töflunni hér fyrir neðan hversu fjölbreyttur kvenna skrifaði undir í sókninni og hversu stór hluti þeirra voru vinnukonur eða alls 50. Heimilin voru fjölmenn og hafði hvert heimili oftast fleiri en tvær vinnukonur og algengt var að þær skrifuðu allar undir. Á tveimur heimilum skrifaði aðeins ein kona undir, annars vegar á Kletti en þar bjó aðeins húskonan Kristín Kristjánsdóttir og eiginmaður hennar, og hins vegar á Granda en þar skrifaði vinnukonan Arngerður Ólafsdóttir undir.

<sup>98</sup> *Stjórnartíðindi* 1896 C, 98–100.

Tafla 2.4.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Barðastrandarsýslu

Sóknir	Húsmæður	Dætur	Vinnuk.	Ekkjur	Húsk. (H) Lausak. (L)	Bústýrur	Ættingjar	Óstaðsettar	Heildarfjöldi
Laugardals- sókn	15	7	18	3	12H 1L	-	-	1	57
Otradalssókn	5	1	6	-	-	-	1	-	13
Sauðlauksdals- sókn	2	7	5	-	4H	-	2	6	25
Selárdalssókn	16	5	50	10	3H	-	2	3	89
<b>Samtals</b>	<b>38</b>	<b>20</b>	<b>79</b>	<b>13</b>	<b>19H</b> <b>1L</b>	-	<b>5</b>	<b>9</b>	<b>184</b>
<b>Hlutfall</b>	<b>20,6%</b>	<b>10,8%</b>	<b>42,4%</b>	<b>7,1%</b>	<b>10,8%</b>	-	<b>2,7%</b>	<b>5,4%</b>	<b>100%</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1060 og 1065–1070; ÞÍ.Kirk. Selárdalsprestakall. BC/4-1.

Sóknarmannatal 1891 og 1893–1897; Otradalssprestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1888–1895;

Sauðlauksdalsprestakall. BC/4-1. Sóknarmannatal 1892, 1894, og 1896–1904, árin 1894–1895.

Í Laugardalssókn við Tálknafjörð skrifuðu 57 konur undir frá 20 heimilum. Á tíu þessara heimila skrifuðu allar konur eldri en 15 ára undir. Miðað við fjölda heimilisfólks í sóknarmannatölunum þá voru heimilin alla jafna fámennari heldur en í Selárdalssókn og var því algengt að aðeins ein eða tvær konur sem voru 15 ára eða eldri skrifuðu undir. Einnig skrifuðu töluvert fleiri húskonur undir í Laugardalssókn heldur en í öðrum sóknum eða alls 12 konur, en til að mynda engin í Otradalssókn og aðeins fjórar í Sauðlauksdalssókn í Patreksfirði.

Það sem vekur athygli í Sauðlauksdalssókn er að aðeins tvær húsmæður skrifuðu undir en sjö dætur. Nánast allar undirskriftirnar sem tókst að staðsetja komu frá verslunarstaðnum Geirseyyri 1–3 í Patreksfirði. Markús Snæbjörnsson var kaupmaður þar og var það líklega eiginkona hans, Guðrún Davíðsdóttir, sem leiddi undirskriftasöfnunina þar. Hjónin áttu sjö börn saman og þar af sex dætur sem skrifuðu allar undir, sem útskýrir hátt hlutfall dætra miðað við hinar sóknirnar.<sup>99</sup> Elsta dóttirin var Jónína Markúsdóttir, 32 ára en yngsta var hin 17 ára Vigdís Markúsdóttir.

<sup>99</sup> Vef. Kjartan Ólafsson, „Geirseyyri og Vatneyri.“

Tafla 2.4.3. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Barðastrandarsýslu

Aldursbil	Laugardalssókn	Selárdalssókn	Otradalssókn	Sauðlauksdalssókn	Samtals
14 og yngri	-	-	-	1	1
15–20	7	8	1	2	17
21–30	12	22	4	6	43
31–40	15	21	2	6	44
41–50	13	14	2	2	31
51–60	5	9	3	2	19
61–70	4	5	1	1	11
71–80	-	6	-	-	7
81 og eldri	-	-	-	-	-
Óstaðsettar	1	4	-	5	11
<b>Samtals</b>	<b>57</b>	<b>89</b>	<b>13</b>	<b>25</b>	<b>184</b>
<b>Meðalaldur</b>	<b>37,2</b>	<b>39,3</b>	<b>39,2</b>	<b>32,5</b>	<b>38,3</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1060 og 1065–1070; *ÞÍ.Kirk.* Selárdalsprestakall. BC/4-1. Sóknarmannatal 1891 og 1893–1897; Otradalsprestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1888–1895; Sauðlauksdalssókn. BC/4-1. Sóknarmannatal 1892, 1894, og 1896–1904, árin 1894–1895 og *Vef.* Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Barðastrandarsýsla, Laugardalssókn, Otradalssókn, Sauðlauksdalssókn og Selárdalssókn, 1890 og 1901.

Þegar horft er til sýslunnar allrar þá voru vinnukonur í töluverðum meirihluta þeirra sem skrifuðu undir og ástæðan fyrir því er líklega sú hve margar þær voru. Einnig hve algengt það var að fleiri en ein kona á hverju heimili skrifaði undir. Konurnar sem stóðu fyrir undirskriftasöfnuninni í Barðastrandarsýslu virðast hafa haft nokkuð skýr viðmið um hvaða konur máttu skrifa undir. Oft hefðu nýfermdar stúlkur (14–15 ára), hvort sem þær voru skráðar sem dætur eða í þjónustu, getað skrifað undir en gerðu það ekki. Ingibjörg Jónsdóttir, 14 ára dóttir húskonunnar Hildar Magnúsardóttur á Geirseyri, var hins vegar undantekningin þar en hún var jafnframt yngsti einstaklingurinn sem skrifaði undir.

Meðalaldurinn í allri sýslunni var 38,3 ár en hann var hæstur í Selárdalssókn og Otradalssókn eða rúmlega 39 ára. Elsta konan sem skrifaði undir kom úr Selárdalssókn en það var ekkjan Ragnheiður Einarsdóttir á Fífustöðum. Hún var 80 ára gömul og bjó hjá syni sínum, Gísla Jónssyni, og Ragnheiði Gísladóttur húsmóður á Fífustöðum. Ragnheiður Gísladóttir

skrifaði undir undirskriftalistann sem og tvær dætur Ragnheiðar Einarsdóttur sem voru skráðar sem vinnukonur á Fífustöðum.<sup>100</sup>

---

<sup>100</sup> ÞÍ.Kirk. Selárdalsprestakall. BC/4-1. Sóknarmannatal 1891 og 1893–1897, árin 1894–1895.

## 2.5. Ísafjarðarsýsla

**Tafla 2.5.1. Fjöldi kvenna og undirskrifa eftir sóknum í Ísafjarðarsýslu**

Sóknir	Fjöldi kvenna	Undirskriftir	Hlutfall
Holtssókn	276	68	24,6%
Nauteyrarsókn	158	44	27,8%
Hólssókn	229	63	27,5%
Eyrarsókn (Álftafj.)	221	36	16,3%
Ögursókn	176	18	10,2%
Eyrarsókn (Ísafj.)	252	38	15%
Ísafjarðarkaupstaður	478	118	24,6%
Kirkjubólssókn	49	22	44,9%
<b>Samtals</b>	<b>1839</b>	<b>407</b>	<b>22,1%</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1077–1088; *Hagskinna*, 68–71; *Stjórnartíðindi* 1896 C, 98–100 og *Vef. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Ísafjarðarsýsla*, Holtssókn, Nauteyrarsókn, Hólssókn, Eyrarsókn, Ögursókn, Eyrarsókn og Kirkjubólssókn, 1890 og 1901.

Af þeim 3367 konum sem bjuggu í Ísafjarðarsýslu skrifuðu 407 þeirra undir áskorunina eða um 12,1%.<sup>101</sup> Undirskriftirnar dreifðust á sjö sóknir en í sýslunni voru í heildina 19 sóknir. Ísafjarðarkaupstaður tilheyrði Eyrarsókn (varð Ísafjarðarsókn 1907) en er tekinn sérstaklega fyrir þar sem að tæpur þriðjungur undirskriftanna kom þaðan. Í kaupstaðnum voru um 478 konur og skrifuðu 118 þeirra undir eða um 24,6%. Heildarfjöldi kvenna í Eyrarsókn var um 730 konur. Af þeim skrifuðu 156 konur undir eða um 21,4%. Hæsta hlutfall kvenna sem skrifuðu undir var í Kirkjubólssókn í Valþjófsdal en þar skrifuðu undir 22 af þeim 49 konum sem bjuggu í sókninni eða um 44,9% þeirra.

Úr Ögursókn bárust fæstar undirskriftir. Efsta nafnið á undirskriftalistanum þar var Þórunn Bjarnadóttir, húsmóðir á eyinni Vigur í Ísafjarðardjúpi. Þórunn bjó þar ásamt eiginmanni sínum séra Sigurði Stefánssyni alþingismanni, þremur börnum og um 13 vinnuhjúum. Mikil sigling var um Ísafjarðardjúp á þessum árum og komu skipverjar oft í heimsókn í Vigur. Einnig gerði fólk sér ferð þangað því gestrisnin var mikil, eða eins segir í bókinni *Merkir Íslendingar*: „sóttu menn mjög þangað kynni, bæði úr nágrenni og lengra að af landinu, og sátu þar einn dag eða tvo eða viku... [og] var þar þá oft gleði mikil og veizla að fornum sið“.<sup>102</sup> Það má því velta því fyrir sér hvort að þær konur sem skrifuðu undir hefðu verið í heimsókn hjá Þórunni á einhverjum tímamarki þegar að Þórunn var með listann, eða

<sup>101</sup> *Stjórnartíðindi* C 1895, 98–100.

<sup>102</sup> Sigurður Kristjánsson, „Sigurður Stefánsson, prestur í Ögurþingum“, 1:103.

hvort hún hafi gert sér ferð í land til þess að safna undirskriftum. Það var þó langt á milli bæjanna þar sem skrifað var undir í sókninni og hún hefði því hugsanlega getað látið undirskriftalistann ganga milli manna eins og Guðlaug M. Jónsdóttir gerði í Norður-Múlasýslu. Það voru notuð mismunandi ritfæri sem gæti gefið til kynna að ekki hafi verið skrifað undir á sama tíma. Það er þó erfitt að fullyrða um hvora leiðina hún fór.

Á eftir Kirkjubólssókn skrifuðu hlutfallslega flestar konur undir í Nauteyrarsókn. Af 158 konum skrifuðu 44 þeirra undir eða um 27,8% kvenna. Rétt eins og í Ögursókn var langt á milli staða í sókninni og láu þeir austan megin við Ísafjörð.<sup>103</sup> Það var því ekki endilega alltaf raunin að langar vegalengdir á milli staða stæðu í vegi fyrir því að konur skrifuðu undir.

Í Hólssókn skrifuðu 63 af 229 konum undir eða 27,5% kvenna í sókninni en þar var töluvert styttra á milli heimila heldur en Ögur- og Nauteyrarsókn. Konur úr Hólssókn skrifuðu nöfn sín á tvo mismunandi undirskriftalista. Á öðrum þeirra áttu konurnar heimili í Bolungarvík og nærsveitum þess en á hinum áttu allar konurnar heimili við Skálavík norðvestan Bolungarvíkur. Á báðum svæðum var stutt á milli heimila undirskrifenda (hálfur til tveir kílómetrar). Af 72 heimilum dreifðust undirskriftirnar milli 38 heimila og skrifuðu allar konur eldri en 14 ára undir á 31 heimili.

Sömu sögu er að segja af Eyrarsókn í Álftafirði. Af 221 konu þar þá skrifuðu 36 konur undir eða tæplega 16,3%. Nær allar undirskriftir komu frá svæðinu í kringum Súðavík fyrir utan sjö undirskriftir sem komu úr Hattardali innst inni í Álftafirði. Þrátt fyrir að vegalengdir á milli staða væru ekki langar miðað við til að mynda í Ögursókn, þá var þar næst lægsta hlutfall kvenna sem skrifuðu undir af öllum sóknum Ísafjarðarsýslu.

Undirskriftirnar í Hóls-, Nauteyrar- og Eyrarsóknum í Álftafirði varpa ljósi á að samspil margra þátta hefur áhrif á fjölda undirskrifa. Þótt vegalengdir og torsóttir vegir hefðu áhrif á hvaða konur skrifuðu undir, þá sérstaklega fyrir þær konur sem gengu á milli heimila, kemur fleira til. Þar má til dæmis nefna að tilviljanir réðu ýmsu um það hvaða konur fengu undirskriftalistann í hendur þegar hann var látinn ganga á milli manna. Sama gildi ef skrifað var undir á einum stað, þ.e. hvaða konur ættu þá leið til þeirra sem höfðu umsjá með listunum? Það voru því sumar konur sem fengu einfaldlega ekki tækifæri til þess að skrifa undir. Einnig verður að taka það fram að hugsanlegt er að sumar konur hafi hreinlega ekki viljað skrifa undir.

---

<sup>103</sup> Ekki bærinn Ísafjörður sem stendur í Skutulfirði.



Tafla 2.5.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Ísafjarðarsýslu

Sóknir	Húsmæður	Dætur	Vinnuk.	Ekkjur	Húsk. (H) Lausak. (L)	Bústýrur	Ættingjar Annað (A)	Óstaðs.	Heildarfj.
Holtssókn	25	12	16	3	-	-	2	10	68
Nauteyrarsókn	8	11	12	6	3H	.	.	4	44
Hólssókn	33	10	7	4	2H	2	4	1	63
Eyrarsókn (Súðavíkurs.)	11	3	7	2	2H	1	1	9	36
Ögursókn	9	2	1	-	-	-	-	6	18
Eyrarsókn (Ísafj.)	10	2	17	1	-	-	-	8	38
Ísafjarðar- kaupstaður	37	13	18	10	8H 3L	2	1Æ 2A*	24	118
Kirkjubólssókn	6	2	11	-	2H	-	-	1	22
<b>Samtals</b>	<b>139</b>	<b>55</b>	<b>89</b>	<b>26</b>	<b>18H 3L</b>	<b>5</b>	<b>8</b>	<b>65*</b>	<b>407</b>
<b>Hlutfall</b>	<b>34,2%</b>	<b>13,5%</b>	<b>21,9%</b>	<b>6,4%</b>	<b>5,2%</b>	<b>1,2%</b>	<b>2%</b>	<b>16%</b>	<b>100%</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1077–1088; *ÞÍ.Kirk.* Holtsprestakall. BC/8-1. Sóknarmannatal 1875–1878 og 1880–1897; Kirkjubólssþing. BC/4-1. Sóknarmannatal 1895–1908; Eyrarprestakall í Skutulsfirði. BC/5-1. Sóknarmannatal 1891–1900; Ögurþing - prestakall. BC/6-1. Sóknarmannatal 1895–1901, árin 1894–1895.

\*Ein kona skráð sem prentari hjá Skúla Thoroddsen, önnur skráð sem kennslukona.

Eins og sjá má á töflu 2.5.2. voru flestir undirskrifenda húsmæður. Það var aðeins í Nauteyrarsókn þar sem að fleiri dætur en húsmæður skrifuðu undir. Algengt var að allar konur heimilisins skrifuðu undir sem útskýrir mikinn fjölda vinnukvenna. Það sama má segja um Eyrarsókn (Ísafjarðarsókn) en þar voru vinnukonur tæpur helmingur undirskrifa.

Í Kirkjubólssókn voru vinnukonur einnig í töluverðum meirihluta en ólíkt Eyrarsókn (Ísfj.) skrifaði húsmóðir ávallt líka undir á hverju heimili. Ein af vinnukonunum sem skrifaði undir var hin 18 ára Bessabe Halldórsdóttir á Þorfinnsstöðum. Hún ólst þar upp hjá föðurbróður sínum, Eiríki Halldórssyni. Fljótlega eftir 1895 fór hún í vist til frændkonu sinnar og dóttur Eiríks, Þórunnar, á Ísafirði. Ásamt því að starfa í fiskivinnu og læra saumaskap, þá kynntist hún þar skrifum Theodóru og Skúla Thoroddsen. Hún leit mikið upp til Theodóru en einnig var hún hrifin Hannesi Hafstein, sem var um tíma sýslumaður á Ísafirði. Bessabe fylgdist ávallt með landsmálunum og þar á meðal réttindum kvenna. Hún var til dæmis áskrifandi að

*Kvennablaðinu og Fjallkonunni* og líkaði vel við bæði Bríeti Bjarnhéðinsdóttur og Valdimar Ásmundsson, ritstjóra *Fjallkonunnar*.<sup>104</sup>

**Tafla 2.5.3. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Ísafjarðarsýslu**

Aldursbil	Holtssókn	Nauteyrarsókn	Hólssókn	Eyrarsókn	Ögur- sókn	Eyrarsókn	Ísafjarðar- kfst.	Kirkjubóls- sókn	Samtals
14 og yngri	-	-	-	-	-	-	-	-	-
15–20	8	8	10	6	-	6	13	2	53
21–30	18	11	16	6	3	8	23	7	92
31–40	13	9	15	6	5	9	19	6	82
41–50	9	3	8	7	2	3	19	5	56
51–60	7	4	7	1	2	1	13	1	36
61–70	2	4	5	2	-	2	7	-	22
71–80	2	-	1	-	-	-	1	-	4
81 og eldri	-	1	-	-	-	-	-	-	1
<i>Óstaðsettar</i>	9	4	1	8	6	9 <sup>105</sup>	23	1 <sup>106</sup>	61
<b>Samtals</b>	<b>68</b>	<b>44</b>	<b>63</b>	<b>36</b>	<b>18</b>	<b>38</b>	<b>118</b>	<b>22</b>	<b>407</b>
<b>Meðalaldur</b>	<b>36,5</b>	<b>36,5</b>	<b>35,8</b>	<b>34,7</b>	<b>37,2</b>	<b>32,2</b>	<b>37,3</b>	<b>34,2</b>	<b>35,5</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1077–1088; *ÞÍ.Kirk.* Holtsprestakall. BC/8-1. Sóknarmannatal 1875–1878 og 1880–1897; Kirkjubólsping. BC/4-1. Sóknarmannatal 1895–1908; Eyrarprestakall í Skutulsfirði. BC/5-1. Sóknarmannatal 1891–1900; Ögurþing - prestakall. BC/6-1. Sóknarmannatal 1895–1901, árin 1894–1895 og *Vef.* Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Ísafjarðarsýsla, Holtssókn, Nauteyrarsókn, Hólssókn, Eyrarsókn, Ögursókn, Eyrarsókn og Kirkjubólssókn, 1890 og 1901.

Auk Bessabe skrifuðu fjórar aðrar konur á Þorfinnsstöðum undir. Þórunn Eiríksdóttir var þá flutt til Ísafjarðar og skrifaði undir þar. Í Ísafjarðarkaupstað skrifuðu 118 konur undir og voru húsmæður um 40% þeirra sem tókst að hafa upp á í sóknarmannatölum og manntali. Í kaupstaðnum voru 164 heimili skráð en undirskriftirnar dreifðust á 65 heimili. Það var því algengt að aðeins ein kona skrifaði undir á hverju heimili og oft aðeins húsmóðirin. Heimilin samanstóðu oftast af hinni hefðbundnu kjarnafjölskyldu og ef til vill einu vinnuhjúi.<sup>107</sup> Það var til dæmis aðeins á tveimur heimilum þar sem að tvær vinnukonur skrifuðu undir (nr. 141 og 135). Annað þeirra var heimili Skúla og Theodóru Thoroddsens en þar skrifaði Theodóra undir,

<sup>104</sup> Guðmundur Ingi Kristjánsson, „Bessabe Halldórsdóttir“, 163–164 og 176.

<sup>105</sup> Vantar aldur á eina vinnukonu.

<sup>106</sup> Vantar aldur á eina vinnukonu.

<sup>107</sup> Eyrarprestakall í Skutulsfirði. BC/5-1. Sóknarmannatal 1891–1900, 95, Vissulega voru býli sem hýstu fólk af öllum stöðum en algengast voru hin hefðbundna kjarnafjölskylda, húsbóndi(húsmæður), húsmóðir og börn.

tvær vinnukonur, „prentari“ og húskona. Það sem vekur aftur á móti athygli er að árið 1895 voru tvær aðrar vinnukonur staðsettar þar sem skrifuðu ekki undir. Skúli hafði áður hvatt allar konur til þess að skrifa undir en ólíklegt er að pressað hafi verið á konurnar til þess að skrifa undir ef þær vildu það ekki.

Í Holtssókn var það líklega kennslustúlkan Sara Þorleifsdóttir sem hafði umsjá með undirskriftalistanum en hún er efsta nafnið á listanum. Hún var á Þorustöðum þegar þetta var en hafði nýlega lokið námi frá Kvennaskólanum í Reykjavík þar sem hún bjó á heimavistinni.<sup>108</sup> Hún flutti síðar með eiginmanni og fjölskyldu í Húnavatnssýslu og tók að sér kennslustörf þar.<sup>109</sup>

Meðalaldurinn var nokkuð jafn milli sókna. Í flestum sóknum var hann um 36–37 ár en í Eyrarsókn (Ísafjarðarsókn) var hann töluvert lægri eða um 32 ár. Stafaði það líklega af því að af þeim 29 sem skrifuðu undir þá voru aðeins sex þeirra eldri en 40 ára. Einnig skrifuðu margar vinnukonur undir eins og áður kom fram.

Ögursókn var eina sóknin þar sem engin yngri en 21 skrifaði undir. Enda voru það nær einungis húsmæður sem skrifuðu undir þar og aðeins tvær dætur. Ögur- og Eyrarsókn voru einu sóknirnar þar sem konur á aldursbilinu 31–40 voru fleiri heldur en 21–30. Það síðarnefnda var algengasta aldursbilið í sýslunni. Einnig var nokkuð algengt að konur á aldursbilinu 15–20 ára skrifuðu undir.

---

<sup>108</sup> „Námsmeyjar í Reykjavíkur kvennaskóla veturinn 1891–1892“, *Ísafold*, 11. nóvember 1891, 359.

<sup>109</sup> *Vef. Íslendingabók*, Sara Þorleifsdóttir, 5. des. 1871 – 18. des. 1942.

## 2.6. Skagafjarðarsýsla

**Tafla 2.6.1. Fjöldi kvenna og undirskrifta eftir sóknum í Skagafjarðarsýslu**

Sóknir	Fjöldi kvenna	Undirskriftir	Hlutfall
Viðvíkursókn	84	13	15,4%
Hofstaðasókn	72	1	1,3%
Hólasókn	104	3	2,9%
<b>Samtals</b>	<b>270</b>	<b>17</b>	<b>6,3%</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1089–1090: *Hagskinna*, 70–71 og *Vef*. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Skagafjarðarsýsla, Viðvíkursókn, Hofstaðasókn og Hólasókn, 1890 og 1901.

Í Skagafjarðarsýslu skrifuðu 17 af 2224 konum undir listann eða aðeins 0,8% þeirra.<sup>110</sup> Undirskriftirnar bárust frá ellefu heimilum sem dreifðust um þrjár sóknir. Flestar undirskriftir komu úr Viðvíkursókn, 13 talsins og dreifðust á milli sjö heimila. Í sókninni bjuggu 84 konur, þannig að aðeins um 15,4% þeirra skrifuðu undir. Í Hofstaða- og Hólasókn skrifuðu mun færri konur undir og af þeim fjölda kvenna sem bjuggu í sóknunum samanlagt skrifuðu aðeins 6,3% undir áskorunina eins og sjá má töflu 2.6.1.

Það er athyglisvert að ekki hafi fleiri konur skrifað undir þar sem að fyrsta kvenfélagið á Íslandi var stofnað í Rípuhreppi árið 1871. Eitt af því sem félagið lét sig varða var menntun kvenna og unnið var meðal annars að því að stofnaður yrði kvennaskóli í sýslunni, sem varð að veruleika árið 1877.<sup>111</sup> Aðeins nokkrum mánuðum eftir að undirskriftalistarnir gengu um sýsluna var Hið skagfirski kvenfélag stofnað, þann 25. ágúst 1895. Líkt og Hið íslenska kvenfélag var Hið skagfirski kvenfélag með það í lögum sínum að: „styðja að því, að réttindi og menning kvenna aukist, einnig vill það styrkja allt það, sem að þess áliti, horfir til sannra framfara. Félagið lætur halda fyrirlestur um það efni, er því þykir bezt henta, þá er það getur því viðkomið.“<sup>112</sup> Aðeins Hið íslenska kvenfélag var með kvenréttindi að yfirlýstu markmiði á þessum tíma og færir Aðalheiður B. Ormsdóttir rök fyrir því í bókinni *Við ósinn* að Hið skagfirski kvenfélag hafi fengið innblástur frá Hinu íslenska kvenfélagi. Hið skagfirski kvenfélag keypti til dæmis tvö eintök af ársriti Hins íslenska kvenfélags árið 1896 til þess að kynna félagskonum og öðrum konum í sveitinni fyrir störfum þess.<sup>113</sup>

Meðal stofnenda Hins skagfirski kvenfélags skrifuðu tvær þeirra undir áskorun Hins íslenska kvenfélags. Annars vegar var það Guðrún Jónsdóttir, húsmóðir og eiginkona

<sup>110</sup> Stjórnartíðindi 1896 C, 98–100.

<sup>111</sup> Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir ritstj., *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna*, 104.

<sup>112</sup> Aðalheiður B. Ormsdóttir, *Við Ósinn*, 62.

<sup>113</sup> Sama heimild, 51.

Hermanns Jónssonar skólastjóra á Hólum og hins vegar var það húsmóðirin Jóhanna Jónsdóttir í Viðvík, eiginkona séra Zóphoníasar Halldórssonar. Jóhanna var stjúpdóttir áðurnefndrar Sigbrúðar Friðriksdóttur stofnanda Hins íslenska kvenfélags og systir Jarþrúðar Jónsdóttur.<sup>114</sup> Eitt fyrsta verk Hins skagfirski kvenfélags var að fá Jóhönnu til þess að halda fyrirlestur um kvenréttindi. Jóhanna tók vel í að semja fyrirlesturinn en fékk eiginmann sinn til þess að flytja hann þann 18. febrúar 1896. Í fyrirlestrinum lagði Jóhanna áherslu á menntamál kvenna. Hún var lítt hrifin af kvennaskólum landsins og taldi heppilegast að leggja þá niður því „kennsla sú sem þar fengizt væri bæði ónóg og gengi í öfuga átt, að því leyti að margt sem þar er kennt, sjé ónýtt flingur“. Lagði Jóhanna áherslu á að konur ættu að krefjast þess að fá aðgengi að bóklegu námi (realskólum) því stúlkur gætu lært það sem kennt væri í kvennaskólunum, svo sem handavinnu, hjá „skröddurum og saumakonum“.<sup>115</sup> Þetta var í samræmi við umræðuna sem hafði átt sér stað á 9. áratugnum, annars vegar áhyggjur af því að skólarnir kenndu stúlkum margt sem hefði ekkert með húsmóðurhlutverkið að gera og hins vegar að skólarnir einblíndu á hið hefðbundna hlutverk kvenna en ættu fremur að leggja meiri áherslu á bóklegt nám.<sup>116</sup>

Tafla 2.6.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Skagafjarðarsýslu

Sóknir	Húsmæður	Dætur	Vinnuk.	Ekkjur	Húsk. (H) Lausak. (L)	Bústýrur	Ættingjar	Óstaðs.	Heildarfj.
Viðvíkur- sókn	5	1	6	0	-	1	-	-	13
Hofstaða- sókn	-	-	-	1	-	-	-	-	1
Hólasókn	3	-	-	-	-	-	-	-	3
<b>Samtals</b>	<b>8</b>	<b>1</b>	<b>6</b>	<b>1</b>	<b>-</b>	<b>1</b>	<b>.</b>	<b>-</b>	<b>17</b>
<b>Hlutfall</b>	<b>47%</b>	<b>5,9%</b>	<b>35,3%</b>	<b>5,9%</b>	<b>-</b>	<b>5,9%</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>100%</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1089–1090; *bl.Kirk.* Hólaprestakall í Hjaltadal. BC/7-1. Sóknarmannatal 1888–1905, árin 1894–1895 og *Vef.* Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Skagafjarðarsýsla, Viðvíkursókn, Hofstaðasókn og Hólasókn, 1890 og 1901.

Jóhanna er fyrsta skýra dæmið um það hvernig fjölskyldutengsl gátu haft áhrif á hvaða konur skrifuðu undir. Það er ekki ólíklegt að annað hvort Jarþrúður eða Sigbrúður hafði sent Jóhönnu

<sup>114</sup> Sama heimild, 49–52.

<sup>115</sup> Aðalheiður B. Ormsdóttir, *Við ósinn*, 64–65. Birtist upprunalega: „Brjef úr Skagaf.“, *Stefnir*, 24. mars 1896, 15.

<sup>116</sup> Sjá Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, 197–216 og 220–223.

undirskriftalistann og hún svo safnað undirskriftum kvenna í nágrenninu. Þrátt fyrir að Hið skagfirska kvenfélag væri stofnað fljótlega eftir undirskriftasöfnunina, þá bárust engar undirskriftir frá öðrum sóknum í Skagafjarðarsýslu. Flestir stofnendur félagsins áttu heimili á Sauðárkróki.

Líklega hittust konurnar á einum stað og skrifuðu undir ef marka má uppröðunina á undirskriftunum sem og að allar konur notuðu sama bláa pennann. Velta má fyrir sér hvort þær hafi hist hjá Jóhönnu í Viðvík, bæði vegna tengsla hennar við forsprakka Hins íslenska kvenfélags og staðsetningar og stærðar bæjarins. Viðvík var „miðsvæðis“ ef tekið er mið af hinum bæjum þar sem skrifað var undir í sýslunni.

Konurnar sem komu úr Hofstaðasókn og Hólasókn hafa mögulega gert sér ferð til Viðvíkur til að skrifa undir. Þær voru allar húsmæður og höfðu því frekar tækifæri til þess að ferðast á milli bæja heldur en vinnukonur. Á þessum fjórum bæjum hefður fleiri konur getað skrifað undir og þá helst á Hólum þar sem átta vinnukonur hefðu getað sett nafn sitt á listann. Aftur á móti skrifuðu vinnukonurnar Ingunn Guðmundsdóttir á Teigi og Guðbjörg Guðmundsdóttir á Krossi í Viðvíkursókn undir en húsmæðurnar gerðu það ekki.

**Tafla 2.6.3. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Skagafjarðarsýslu**

Aldursbil	Viðvíkursókn	Hofstaðasókn	Hólasókn	Samtals
14 og yngri	-	-	-	-
15–20	1	-	-	1
21–30	7	-	-	7
31–40	3	-	1	4
41–50	1	-	1	2
51–60	-	1	1	2
61–70	1	-	-	1
71–80	-	-	-	-
81 og eldri	-	-	-	-
<i>Óstaðsettar</i>	-	-	-	-
<b>Samtals</b>	<b>13</b>	<b>1</b>	<b>3</b>	<b>17</b>
<b>Meðalaldur</b>	<b>31</b>	<b>51</b>	<b>44</b>	<b>35</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1089–1090; *ÞÍ.Kirk.* Hólaprestakall í Hjaltadal. BC/7-1. Sóknarmannatal 1888–1905, árin 1894–1895 og *Vef.* Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Skagafjarðarsýsla, Viðvíkursókn, Hofstaðasókn og Hólasókn, 1890 og 1901.

Ingunn hafði verið lausakona á Neðri-Ási hjá Kristínu Björnsdóttur, sem skrifaði undir, árið 1890 og Guðbjörg var í Viðvík hjá Jóhönnu sama ár.<sup>117</sup> Tengsl virðast því hafa haft eitthvað að segja um það að þær skrifuðu undir en hinar vinnukonurnar sem skrifuðu undir áttu aðsetur í Viðvík og Kýrholti og fylgdu húsmæðrum.

Meðalaldurinn í sýslunni var 35 ár. Algengasta aldursbilið var 21–30 ára en alls voru það sjö konur sem skrifuðu undir. Allar komu þær úr Viðvíkursókn ásamt yngstu konunni sem skrifaði undir en það var hin 18 ára vinnukona Jónína Sigurðardóttir í Kýrholti. Meðalaldurinn var því tölvvert lægri þar heldur en í hinum sóknunum eða 31 ár, en 44 ár í Hólasókn og 51 ár í Hofstaðasókn.

---

<sup>117</sup> *Vef. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Skagafjarðarsýsla, Ingunn Guðmundsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, 1890.*

## 2.7. Akureyri

Tafla 2.7.1. Fjöldi kvenna eftir stöðu á Akureyri

Sóknir	Húsmæður	Dætur	Vinnuk.	Ekkjur	Húsk. (H) Lausak. (L)	Bústýrur	Ættingjar	Óstaðsettar	Heildarfjöldi
Akureyri	37	14	7	7	2H	1	-	12	80
<b>Samtals</b>	<b>37</b>	<b>14</b>	<b>7</b>	<b>7</b>	<b>2H</b>	<b>1</b>	<b>-</b>	<b>12</b>	<b>80</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1062–1064; *ÞÍ.Kirk.* Akureyrarprestakall. BC/12-1. Sóknarmannatal 1885–1890 og 1892–1898, árin 1894–1895 og *Vef.* Sóknarmannatalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Eyjafjarðarprófastsdæmi, Akureyrarprestakall, Akureyrarsókn.

Á Akureyri voru um 364 konur árið 1895.<sup>118</sup> Af þeim skrifuðu 80 konur undir listann eða um 22%. Ekki bárust fleiri undirskriftir úr Eyjafjarðarsýslu og er það tekið skýrt fram á undirskriftalistunum að allar konurnar áttu heimili á Akureyri.

Rétt eins og í Skagafjarðarsýslu, þá var búið að stofna kvenfélag á Akureyri þegar skrifað var undir áskorunina en það var gert þann 13. janúar 1894 og fékk það heitið Framtíðin. Þorbjörg Stefánsdóttir (Jónsson) var líklegast sú sem átti frumkvæðið að því að efna til félagsskapar kvenna á Akureyri. Þorbjörg hafði kynnst starfi Thorvaldsensfélagsins í Reykjavík og líklega fengið innblástur þaðan til að stofna slíkt félag á Akureyri. Kvenfélagið starfaði í þágu fátækra og ef marka má blaðagreinar um félagið þá tóku Akureyringar vel í störf þess enda fátækt mikil. Á fyrstu árum félagsins stóð það að ekkna- og styrktarsjóði og félagskonur saumuðu fót handa fátækum fjölskyldum svo eitthvað sé nefnt.<sup>119</sup>

Stofnendur félagsins voru að öllum líkindum 15 talsins og tilheyrðu konurnar hópi heldri kvenna á Akureyri.<sup>120</sup> Af þeim 15 sem stofnuðu félagið skrifuðu níu konur undir undirskriftasöfnun Hins íslenska kvenfélags. Meðal annars áður nefnd Þorbjörg Stefánsdóttir, Guðrún Borgfjörð, Anna Stephensen, Anna Schiöth ljósmyndari og Alma Thorarensen.<sup>121</sup> Guðrún Borgfjörð var mágkona Þorbjargar og bjó Guðrún hjá henni og bróður sínum, Klemens Jónssyni landritara og alþingismanni. Einnig er það athyglisvert að faðir Guðrúnar, Jón

<sup>118</sup> *Stjórnartíðindi* 1896 C, 98–100.

<sup>119</sup> Steindór Steindórsson og Sverrir Pálsson, *Kvenfélagið Framtíðin*, 17–27.

<sup>120</sup> Ekki er vitað nákvæmlega hvaða konur það voru sem sátu stofnfundinn þar sem skjöl félagsins frá upphafsárum þess eyðilögðust í bruna.

<sup>121</sup> Ásamt þeim voru það Nicoline Christensen, Rannveig Laxdal og Dómhildur Jóhannesdóttir sem komu að stofnun kvenfélagsins. Konurnar sem gerðust meðlimir á árunum 1894–1897 og skrifuðu undir voru: Soffía Þorvaldsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Guðrún Jochumson, Guðný Jónsdóttir, Jakobína Pétursdóttir og Lovísa Loftsdóttir.



Borgfjörð, var skráður meðlimur í nafnaskrá sem má finna í skjalasafni Framtíðarinnar sem varðveitt er á Héraðsskjalasafni Akureyrar.<sup>122</sup>

Af þeim 68 konum sem tókst að staðsetja dreifðust undirskriftir þeirra á 43 heimili. Það var því algengt að aðeins ein kona skrifaði undir og voru það í flestum tilfellum húsmæður. Í heildina skrifuðu 37 húsmæður undir og því var það aðeins á sex heimilum þar sem húsmóðir skrifaði ekki undir. Dæmi um það var heimili Edvarts Eilert Möllers (heimili nr. 30) fyrrum verslunarstjóra en hann bjó með dætrum sínum Jónínu og Nönnu Möller. Á heimilinu bjuggu einnig Pétur og kona hans María Möller ásamt dóttur þeirra Friðriku Möller og systur Péturs, Christínu Friðriku Möller. Hvorki María né Christina skirfuðu undir og engin vinnuhjú voru á heimilinu. Það voru því aðeins dætur þeirra sem skrifuðu undir.

**Tafla 2.7.2. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur á Akureyri**

Aldursbil	Akureyri
14 og yngri	-
15–20	8
21–30	15
31–40	22
41–50	16
51–60	8
61–70	1
71–80	-
81 og eldri	-
<i>Óstaðsettar</i>	10
<b>Samtals</b>	<b>80</b>
<b>Meðalaldur</b>	<b>36,5</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1062–1064; *ÞÍ.Kirk.* Akureyrarprestakall. BC/12-1. Sóknarmannatal 1885–1890 og 1892–1898, árin 1894–1895 og *Vef.* Sóknarmannatalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Eyjafjarðarprófastsdæmi, Akureyrarprestakall, Akureyrarsókn.

Aðeins sjö vinnukonur skrifuðu undir áskorunina en um 40 vinnukonur voru skráðar í sóknarmannatalið.<sup>123</sup> Af þessum sjö voru fjórar á heimili kvenna sem höfðu unnið að bættri stöðu kvenna. Tvær af þessum vinnukonum voru staðsettar á heimili Matthíasar Jochumssonar, skálds og stuðningsmanns kvenfrelsis, og Guðrúnar Runólfsdóttur eiginkonu hans. Ein þeirra

<sup>122</sup> *HskjAk.* Kvenfélagið Framtíðin á Akureyri F-222/22. Nafnaskrá félaga kvenfélagsins Framtíðin á Akureyri frá stofnun félagsins 13. janúar 1894. Bestu þakkir fær Katrín Björg Þórisdóttir skjalavörður fyrir að benda mér á þessa heimild.

<sup>123</sup> *ÞÍ.Kirk.* Akureyrarprestakall. BC/12-1. Sóknarmannatal 1885–1890 og 1892–1898, árin 1894–1895 og *Vef.* Sóknarmannatalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Eyjafjarðarprófastsdæmi, Akureyrarprestakall, Akureyrarsókn, Vinnukona, 1894–1895.

var hjá Soffiu Þorvaldsdóttur sem var skráð í Kvenfélagið Framtíðina og önnur var hjá Kristjönu Magnúsdóttur sem var ein af stofnkonum þess félags og sat þar í fyrstu stjórn. Á þessum heimilum skrifuðu allar konur eldri en 14 ára undir. Einnig voru yngstu konurnar sem skrifuðu undir á þessum heimilum, annars vegar dóttir Soffíu, Snjólaug Sigurðardóttir, og hins vegar dóttir Guðrúnar Runólfsdóttur, Þóra Matthíasdóttir. Báðar voru þær 15 ára gamlar.

Algengasta aldursbilið var 31–40 ára og var meðalaldurinn í sýslunni eftir því eða 36,5 ára. Stór hluti húsmæðranna sem skrifuðu undir voru á þessu aldursbili sem og þrjár ekkjur. Aðeins níu konur eldri en 50 ára sem skrifuðu undir. Sú elsta var Kristín Jónsdóttir sem var þá 65 ára þegar hún skrifaði undir og dóttir hennar, Valgerður Sigurðardóttir 30 ára sem skrifaði einnig undir.

## 2.8. Suður-Þingeyjarsýsla

Tafla 2.8.1. Fjöldi kvenna og undirskrifta eftir sóknum í Suður-Þingeyjarsýslu

Sóknir	Fjöldi kvenna	Undirskriftir	Hlutfall
Þverársókn	51	15	29,4%
Einarsstaðasókn	170	11	15,4%
Lundarbreykku- sókn	108	3	2,8%
Ljósavatnssókn	83	15	18,1%
Húsavíkursókn	239	35	14,6%
Þóroddsstaðar- sókn	89	43	48,3%
<b>Samtals</b>	<b>740</b>	<b>122</b>	<b>16,5%</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1111–1116; *ÞÍ.Kirk.* Helgastaðaprestakall. BC/2-1. Sóknarmannatal 1889–1902; *Hagskinna*, 72–73 og *Vef.* Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Suður-Þingeyjarsýsla, Þverársókn, Einarsstaðasókn, Lundarbreykkursókn, Ljósavatnssókn, Húsavíkursókn, Þóroddsstaðarsókn, 1890 og 1901.

Í Suður-Þingeyjarsýslu skrifuðu undir 122 af 1958 konum eða um 6,8%.<sup>124</sup> Undirskriftirnar komu úr sex af 18 sóknum í sýslunni og rúmlega þriðjungur þeirra komu úr Þóroddsstaðarsókn. Í sókninni sjálfri skrifuðu tæplega helmingur kvenna undir og voru það konur frá 18 heimilum. Húsmóðirin skrifaði undir á öllum heimilum og undirskriftir frá öðrum heimiliskonum fylgdu á eftir.

Eins og vikið var að hér að ofan þá sendu suður-þingeyskar konur áskorun á Þingvallafundinn árið 1888 og bænaskrá til Alþingis 1891. Af þeim 243 konum sem skrifuðu undir bænaskrána árið 1891 þá skrifuðu 25 þeirra einnig undir áskorun Hins íslenska kvenfélags. Það mætti því draga þá ályktun að áhugi á kvenfrelismálum hafi verið meiri í Suður-Þingeyjarsýslu en undirskriftirnar fyrir Hið íslenska kvenfélag bera með sér. Tæplega helmingi fleiri konur skrifuðu undir bænaskrána heldur en áskorun Hins íslenska kvenfélags í Suður-Þingeyjarsýslu. Það er ekki óvenjulegt þar sem að bænaskráin var að frumkvæði Suður-Þingeyinga og ekki sakaði að hafa stuðninginn frá félagsshreyfingunni sem fjallað var um í fyrsta kafla. Undirskriftasöfnunin árið 1891 var vel skipulögð og allar konurnar skrifuðu undir með stuttu millibili, eða frá lok maí til byrjun júní.<sup>125</sup> Eins og vikið var að hér fyrir ofan, þá var undirskriftasöfnun Hins íslenska kvenfélags flóknari í framkvæmd, þar sem félagið þurfti

<sup>124</sup> *Stjórnartíðindi* 1896 C, 98–100.

<sup>125</sup> Konurnar í Þverár- og Lundarsókn skrifuðu undir í maí og ekki er ólíklegt að aðrar konur í sýslunni hafi skrifað undir á svipuðum tíma

að treysta á dugnað og frumkvæði einstakra kvenna úr hverri sveit við að koma konum saman til að skrifa undir eða þá ganga á milli bæja til að safna undirskriftum.<sup>126</sup>

Tafla 2.8.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Suður-Þingeyjarsýslu

Sóknir	Húsmæður	Dætur	Vinnuk.	Ekkjur	Húsk. (H)	Bústýrur	Ættingjar	Óstaðsettar	Heildarfjöldi
	Lausak. (L)								
Þverársókn	1	6	4	-	-	-	2	2	15
Einarsstaðar-sókn	3	1	2	-	-	1	3	1	11
Lundarbrekku-sókn	1	2	-	-	-	-	-	-	3
Ljósavatns-sókn	5	2	6	-	1H	-	1	-	15
Húsavíkur-sókn	13	6	9	-	2L	1	1	3	35
Þóroddsstaðar-sókn	19	6	10	1	2H	1	1	3	43
<b>Samtals</b>	<b>42</b>	<b>23</b>	<b>30</b>	<b>2</b>	<b>3H</b>	<b>3</b>	<b>8</b>	<b>9</b>	<b>122 konur</b>
	<b>2L</b>								
<b>Hlutafl</b>	<b>34,4%</b>	<b>18,9%</b>	<b>24,6%</b>	<b>1,6%</b>	<b>4,1%</b>	<b>2,5%</b>	<b>6,6%</b>	<b>7,4%</b>	<b>100%</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1111–1116; *ÞÍ.Kirk.* Helgastaðaprestakall. BC/2-1. Sóknarmannatal 1889–1902; Eyjardalsárprestakall. BC/3-1. Sóknarmannatal 1892–1927; Þóroddsstaðarprestakall. BC/3-1. Sóknarmannatal 1888–1903; Húsavíkurprestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1881–1918, árin 1894–1895.

Rétt eins og í Þóroddsstaðarsókn þá var það algengt í hinum sóknunum að ef húsmóðir skrifaði undir þá fylgdu undirskriftir annarra heimiliskvenna með. Ef litið er á töflu 2.8.2 þá er margt mjög líkt með sóknunum; undirskriftir frá húsmæðrum algengastar, þar á eftir vinnukonur og svo loks dætur. Þverársókn sker sig úr því þar skrifuðu sex dætur undir en aðeins ein húsmóðir. Það var Guðný Halldórsdóttir á Auðnum sem skrifaði einnig undir bænaskrána árið 1891. Guðný var eiginkona Benedikts Jónssonar frá Auðnum, eins af helstu leiðtogum félagshreyfingarinnar (Þjóðliðsins) í Suður-Þingeyjarsýslu eftir 1880,<sup>127</sup> og móðir Unnar Benediktsdóttur (Huldu) skáldkonu. Heimili þeirra hefur verið lýst sem miklu menningarheimili enda hýsti það Bókafélag Þingeyinga.<sup>128</sup> Guðný var dóttir Halldórs

<sup>126</sup> Unnið úr SA. Dagbók Alþingis 1891 II, 88–106 og SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1111–1116.

<sup>127</sup> Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga og Jón á Gautlöndum*, 148. Gunnar Karlsson greinir frá því að Benedikt Jónsson hafi skrifað þrjú eintök af bænaskránni á bls. 199.

<sup>128</sup> Jónas Jónsson, „Benedikt Jónsson, frá Auðnum“ 73–75.

Jónssonar prests og læknis á Grenjaðarstað. Hún fékk þar tækifæri til þess að mennta sig en Grenjaðarstaður var þekkt sem menningarsetur og skóli fyrir unga drengi. Hún fékk því að njóta góðs af því og lærði þar tungumál og fleira. Guðný var þekkt fyrir umhyggjusemi og kærleik til þeirra sem minna máttu sín og var hún eiginmanni sínum góður ráðgjafi um hin ýmsu mál.<sup>129</sup>

**Tafla 2.8.3. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Suður-Þingeyjarsýslu**

Aldursbil	Þverár- sókn	Einars- staðarsókn	Lundarbrekku- sókn	Ljósavatns- sókn	Húsavíkur- sókn	Þórodds- staðarsókn	Samtals
14 og yngri	1	-	-	-	1	-	2
15–20	2	-	2	3	8	5	20
21–30	7	8	-	1	11	4	31
31–40	2	1	-	4	4	10	21
41–50	1	1	1	3	5	11	22
51–60	-	-	-	3	2	5	10
61–70	-	-	-	-	1	3	4
71–80	-	-	-	-	-	1	1
81 og eldri	-	-	-	-	-	-	-
Óstaðsettar	2	1	-	1 <sup>130</sup>	3	4	11
<b>Samtals</b>	<b>15</b>	<b>11</b>	<b>3</b>	<b>15</b>	<b>35</b>	<b>43</b>	<b>122</b>
<b>Meðalaldur</b>	<b>26</b>	<b>29,2</b>	<b>26,7</b>	<b>36,3</b>	<b>30,4</b>	<b>39,7</b>	<b>33,6</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1111–1116; *ÞÍ.Kirk.* Helgastaðaprestakall. BC/2-1. Sóknarmannatal 1889–1902; Eyjardalsárprestakall. BC/3-1. Sóknarmannatal 1892–1927; Þóroddsstaðarprestakall. BC/3-1. Sóknarmannatal 1888–1903; Húsavíkurprestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1881–1918, árin 1894–1895 og *Vef.* Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Suður-Þingeyjarsýsla, Þverársókn, Einarsstaðarsókn, Lundarbrenkursókn, Ljósavatnssókn, Húsavíkursókn, Þóroddsstaðarsókn, 1890 og 1901.

Unnur Benediktsdóttir (Hulda) var ásamt Pálinu Þorsteinsdóttur í Húsavíkursókn yngsta konan sem skrifaði undir í sýslunni, 14 ára gömul. Guðný, móðir hennar, hefur því ekki séð neitt því til fyrirstöðu að fermd stúlka skrifaði undir áskorun sem gat varðað framtíð hennar. Unnur fékk menningarlegt uppeldi og tækifæri til að mennta sig við hússtjórn og hannyrðir á Akureyri. Síðar lærði hún íslensku hjá Benedikt Sveinssyni og önnur tungumál hjá fleiri merktum mönnum. Þessi tími mótaði hana sem skáld og þá kviknaði einnig áhugi hennar á stjórnmálum

<sup>129</sup> Jónas Þorbergsson, „Guðný Halldórsdóttir frá Grenjaðarstað“, *Tíminn*, 19. desember 1935, 210 og Benedikt S. Bjarklind, „Unnur Benediktsdóttir Bjarklind“, 144.

<sup>130</sup> Vantar aldur á eina konu. Líklega 14–15 ára.

sem entist þó stutt að sögn sonar hennar. Hún var feimin og tók til að mynda lítinn þátt í félagsstarfi á Húsavík (Kvenfélagið) þó hún styddi slíkt heilshugar.<sup>131</sup>

Eins og við mátti búast var meðalaldurinn lægstur í Þverársókn en hæstur í Þóroddsstaðarsókn. Þar skrifaði undir María Sveinsdóttir, 72 ára húskona á Granastöðum, en hún var elst þeirra sem skrifuðu undir í sýslunni. Meðalaldurinn var einmitt hæstur þar eða 39,7 ár en í sýslunni var hann 33,6 ár. Yngri konur virðast hafa verið líklegri til að skrifa undir í öllum sóknum fyrir utan Þóroddsstaðar- og Ljósavatnssókn ef marka má meðalaldurinn eins og tafla 2.8.3 sýnir.

---

<sup>131</sup> Benedikt S. Bjarklind, „Unnur Benediktsdóttir Bjarklind“, 143–146.

## 2.9. Norður-Þingeyjarsýsla

**Tafla 2.9.1. Fjöldi kvenna og undirskrifa eftir sóknum í Norður-Þingeyjarsýslu**

Sóknir	Fjöldi kvenna	Undirskriftir	Hlutfall
Presthólasókn	79	22	27,8%
Ásmundarstaðarsókn	63	25	39,7%
<b>Samtals</b>	<b>142</b>	<b>47</b>	<b>33%</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1111–1114 og *ÞÍ.Kirk.* Presthólaprestakall. BC/4-1. Sóknarmannatal 1893–1913, árið 1895.<sup>132</sup>

Af 688 konum í Norður-Þingeyjarsýslu skrifuðu 47 undir áskorun Hins íslenska kvenfélags, eða um 7%.<sup>133</sup> Þær komu úr tveimur af sjö sóknum, Presthólasókn annars vegar þar sem 22 konur skrifuðu undir og Ásmundarstaðarsókn hins vegar með 25 undirskriftir.<sup>134</sup> Í sóknunum báðum voru alls 142 konur og 33% þeirra skrifuðu undir listann. Í báðum sóknum voru vinnukonur algengastar á undirskriftalistanum og voru þær til að mynda helmingur undirskrifa í Presthólasókn. Það sem greinir hins vegar á milli sókna var að í Ásmundarstaðarsókn skrifuðu allar húsmæður á hverju heimili undir en það var ekki raunin í Presthólasókn. Á Daðastöðum skrifuðu aðeins tvær vinnukonur undir sem og á Blikalóni ásamt einni ekkju. Í báðum sóknum var þó algengara að fleiri en ein kona skrifaði undir á hverju heimili.

**Tafla 2.9.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Norður-Þingeyjarsýslu**

Sóknir	Húsmæður	Dætur	Vinnuk.	Ekkjur	Húsk. (H) Lausak. (L)	Bústýrur	Ættingjar	Óstaðsettar	Heildarfjöldi
Presthólasókn	6	2	11	1	-	-	2	-	22
Ásmundar- staðarsókn	8	6	10	-	1H	-	-	-	25
<b>Samtals</b>	<b>14</b>	<b>8</b>	<b>21</b>	<b>1</b>	<b>1H</b>	<b>-</b>	<b>2</b>	<b>-</b>	<b>47</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1111–1114 og *ÞÍ.Kirk.* Presthólaprestakall. BC/4-1. Sóknarmannatal 1893–1913, árin 1894–1895.

Rétt eins og í Suður-Þingeyjarsýslu skrifaði ein stúlka yngri en 15 ára undir í sýslunni en það var Guðný Guðnadóttir á Hóli í Ásmundarstaðarsókn, aðeins 13 ára. Það er nokkuð augljóst þegar að rithöndin er skoðuð að móðir hennar, Friðný Friðriksdóttir, hefur skrifaði undir í hennar nafni. Elsta konan sem skrifaði undir í Norður-Þingeyjarsýslu var hún Margrét

<sup>132</sup> Aftast í sóknarmannatalinu fyrir árið 1895 er að finna mannfjölda eftir kyni í sóknunum tveimur.

<sup>133</sup> *Stjórnartíðindi* 1896 C, 98–100.

<sup>134</sup> *Hagskinna*, 72–73.

Hálfðanardóttir húsfreyja á Oddastöðum í Presthólasókn, þá 68 ára. Meðalaldurinn var svipaður í sóknunum og í allri sýslunni var hann 31,7 ára.

**Tafla 2.9.3. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Norður-Þingeyjarsýslu**

Aldursbil	Presthólasókn	Ásmundarstaðarsókn	Samtals
14 og yngri	-	1	1
15–20	8	4	12
21–30	5	5	10
31–40	4	7	11
41–50	1	5	6
51–60	2	1	3
61–70	2	1	3
71–80	-	-	-
81 og eldri	-	-	-
Óstaðsettar	-	1	1
<b>Samtals</b>	<b>22</b>	<b>25</b>	<b>47</b>
<b>Meðalaldur</b>	<b>31</b>	<b>32,3</b>	<b>31,7</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1111–1114 og *ÞÍ.Kirk.* Presthólaprestakall. BC/4-1. Sóknarmannatal 1893–1913, árin 1894–1895.



## 2.10. Norður-Múlasýsla

**Tafla 2.10.1. Fjöldi kvenna og undirskrifta eftir sóknum í Norður-Múlasýslu**

Sóknir	Fjöldi kvenna	Undirskriftir	Hlutfall
Dvergasteinssókn	478	93	19,5%
Valþjófsstaðarsókn	157	31	19,7%
Hjaltastaðarsókn	127	42	33%
Ássókn	111	41	37%
Desjarmýrarsókn	171	41	24%
Njarðvíkursókn	18	9	50%
Eiðasókn	96	31	32,2%
<b>Samtals</b>	<b>1158</b>	<b>288</b>	<b>24,9%</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1048–1058; *Hagskinna*, 72–75 og *Vef*. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Norður-Múlasýsla, Njarðvíkursókn, 1890 og 1901.

Í Norður-Múlasýslu voru um 1853 konur.<sup>135</sup> Af þeim skrifuðu 288 undir, eða um 15,5% þeirra, og dreifðust þær á sjö af 13 sóknum í sýslunni.<sup>136</sup> Eins og sjá má á töflu 2.10.1 þá voru 1158 konur í sóknunum þar sem skrifað var undir og 24,9% þeirra settu nöfn sín á listann. Þó að hlutfallslega hafi flestar konur skrifað undir í Njarðvíkursókn þá bárust flestar undirskriftir úr Dvergasteinssókn í sýslunni eða 93 talsins. Hinn ört stækkandi Seyðisfjörður tilheyrði sókninni en þar skrifuðu 40 konur undir, þar á meðal mæðgurnar Sigríður Þorsteinsdóttir og Ingibjörg Skaptadóttir. Af öðrum konum á Seyðisfirði sem efndu til undirskriftasöfnunar um áfengisfrumvarpið ári fyrr þá voru það aðeins Hildur og Valgerður Þorláksdætur sem skrifuðu undir. Hildur bjó þá á Vestdalseyri (nr. 133) og Valgerður á Dvergasteini (nr. 164) og skrifuðu allar konur undir á báðum heimilum.<sup>137</sup> Sömu sögu er að segja á heimili mæðgnanna Sigríðar og Ingibjargar.

Almennt séð þá skrifaði stór hluti kvenna undir áskorunina í sýslunni allri og var því algengt að finna nöfn allra kvenna yfir 14 ára aldri á hverju heimili. Það útskýrir hátt hlutfall þeirra sem voru skráðar sem húsmæður og vinnukonur, eins og sjá má á töflu 2.10.2 voru þær samtals 72,2%. Heimilin í Dvergasteinssókn voru ekki eins fjölmenn eins og í hinum sóknunum en voru þó töluvert fleiri. Því var það oftast en ekki aðeins húsmóðirin sem skrifaði undir.

<sup>135</sup> *Stjórnartíðindi* 1896 C, 98-100.

<sup>136</sup> *Hagskinna*, 72–75.

<sup>137</sup> SA. Dagbók Alþingis III 1895, 729.

Tafla 2.10.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Norður-Múlasýslu

Sóknir	Húsmæður	Dætur	Vinnuk.	Ekkjur	Húsk. (H) Lausak. (L)	Bústýrur	Ættingjar	Óstað- settar	Heildar- fjöldi
Dvergasteins- sókn	47	7	22	-	1L	1	6	9	93
Valþjófsstaðar- sókn	5	4	18	2	-	-	2	-	31
Hjaltastaðar- sókn	15	4	13	2	2H	-	4	2	42
Ássókn	15	6	17	2	-	-	-	1	41
Desjamýrar- sókn	14	5	13	2	4H	1	-	2	41
Njarðvíkur- sókn	4	-	4	-	1H	-	-	-	9
Eiðasókn*	9	4	12	-	-	1	1	4	31
<b>Samtals</b>	<b>109</b>	<b>30</b>	<b>99</b>	<b>8</b>	<b>7H</b> <b>1L</b>	<b>3</b>	<b>13</b>	<b>18</b>	<b>288</b>
<b>Hlutfall</b>	<b>37,8%</b>	<b>10,4%</b>	<b>34,4%</b>	<b>2,8%</b>	<b>2,8%</b>	<b>1%</b>	<b>4,5%</b>	<b>6,2%</b>	<b>100%</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis III 1895, 1048–1058; *ÞÍ.Kirk.* Dvergasteinsprestakall. BC/4-1. Sóknarmannatal 1894–1903; Valþjófsstaðarprestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1869–1896; Hjaltastaðarprestakall. BC/3-1. Sóknarmannatal 1895; Ásprestakall. BC/3-1. Sóknarmannatal 1879–1899; Desjamýrarprestakall. BC/9-1. Sóknarmannatal 1895–1905; Desjamýrarprestakall. BC/8-1. Sóknarmannatal 1877–1894, árin 1894–1895.

Vinnukonur voru fjölmennastar í Valþjófsstaðarsókn, Ássókn og Eiðasókn. Flestar voru þær í Valþjófsstaðarsókn eða meira en helmingur þeirra sem skrifuðu undir. Aðeins sex bæir áttu fulltrúa á listanum en á Bessastaðagerði í Fljótsdal skrifuðu þrjár vinnukonur undir en ekki húsmóðirin. Undirskriftalistinn sjálfur er settur upp á skipulegan máta, þar sem hvert nafn er númerað og tveir dálkar eru hafðir fyrir nafn og heimili. Það gefur til kynna að konurnar hafa líklega skrifað undir á einum stað, mögulega á Brekku, þar sem að þær notuðust við sömu skriffæri sem og vegna þess hversu skipulagður listinn er.

Tafla 2.10.3. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Norður-Múlasýslu

Aldursbil	Dvergasteins- sókn	Valþjófsstaðar- sókn	Hjaltastaðar- sókn	Ássókn	Desjarmýrar- sókn	Njarðvíkur- sókn	Eiðasókn	Samtals
14 og yngri	-	3	-	-	-	-	-	3
15–20	9	3	5	7	5	-	5	34
21–30	22	11	11	17	11	4	9	85
31–40	22	3	9	7	8	2	4	55
41–50	21	6	6	5	6	1	7	52
51–60	8	3	1	4	7	2	-	25
61–70	2	-	7	-	1	-	2	12
71–80	1	2	1	-	-	-	-	4
81 og eldri	-	-	-	-	-	-	-	-
Óstaðsettar	9	-	2	1	2	-	4	18
<b>Samtals</b>	<b>94</b>	<b>31</b>	<b>42</b>	<b>41</b>	<b>41</b>	<b>9</b>	<b>31</b>	<b>257</b>
<b>Meðalaldur</b>	<b>36,2</b>	<b>34,2</b>	<b>40,4</b>	<b>30,9</b>	<b>35,7</b>	<b>35,9</b>	<b>32,4</b>	<b>34,8</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis III 1895, 1048–1058; ÞÍ.Kirk. Dvergasteinsprestakall. BC/4-1. Sóknarmannatal 1894–1903; Valþjófsstaðarprestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1869–1896; Hjaltastaðarprestakall. BC/3-1. Sóknarmannatal 1895; Ásprestakall. BC/3-1. Sóknarmannatal 1879–1899; Desjamýrarprestakall. BC/9-1. Sóknarmannatal 1895–1905; Desjamýrarprestakall. BC/8-1. Sóknarmannatal 1877–1894, árin 1894–1895 og Vef. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Norður-Múlasýsla, Dvergasteinasókn, Valþjófsstaðarsókn, Hjaltastaðarsókn, Ássókn, Desjamýrarsókn, Njarðvíkursókn og Eiðasókn, 1890 og 1901.

Sigurveig Gunnarsdóttir, húsmóðir á Brekku, er efsta nafnið á listanum. Hún skrifaði þar undir ásamt dóttur sinni Elísabetu Brynjólfsdóttur og fimm af sex vinnukonum á bænum. Sigurveig var 45 ára þegar hún skrifaði undir en hún lést árið 1903. Aðeins ellefu dögum áður en hún lést hafði hún misst elsta son sinn Sigurð Brynjólfsson, þá 24 ára gamlan.<sup>138</sup> Hann hafði nýlega gifsts vinnukonunni Sigríði Þorsteinsdóttur sem hafði verið á Brekku síðan 1894 og hún skrifaði einnig undir.<sup>139</sup> Elísabet, dóttir Sigurveigar, varð 74 ára en litlar heimildir er að finna um ævi hennar aðrar en að hún vann Vinnuhjúaverðlaunin árið 1920 og var hún enn í vinnumennsku árið 1930.<sup>140</sup>

Eins og nefnt var hér að ofan þá var meginþorri undirskrifta frá húsmæðrum og vinnukonum í sýslunni allri. Dætur voru aðeins um 10,4% undirskrifta og eru til dæmi um að af tveimur dætrum á heimili hafi aðeins önnur þeirra skrifað undir. Það var til dæmis raunin á Fjallsseli í Ássókn en þar skrifaði undir Guðrún Jónsdóttir, 21 árs, en ekki Jónína Jónsdóttir,

<sup>138</sup> „Mannlát“, *Þjóðólfur* 12. febrúar 1904, 27.

<sup>139</sup> Benedikt Gíslason, „Elín Pétursdóttir“, *Morgunblaðið* 11. september 1956, 10.

<sup>140</sup> „Vinnuhjúaverðlaun 1920“, *Búnaðarrit*, ágúst 1920, 208.

eldri systir hennar. Mögulegt er að hún hafi verið í vinnumennsku á Krossvík þar sem hún er skráð þar árið 1894. Það er hins vegar ekki algengt að sjá margar dætur yfir 15 ára aldri skráðar á heimili í sóknarmannatölum sýslunnar. Skýringin kann að vera sú að það hafi verið ríkari venja að senda börn fyrr í vinnumennsku á annað heimili heldur en víða annars staðar á landinu en ekki verður kafað dýpra í það hér.

Í Ássókn skrifuðu flestar dætur undir og eins og sjá má á töflu 2.10.3 þá var meðalaldurinn lægstur þar, tæpum fimm árum lægri en meðalaldurinn í allri sýslunni var. Lang algengasta aldursbilið í sýslunni var 21–30 ára. Það er athyglisvert að í Valþjófsstaðarsókn skrifuðu undir þrjár konur sem voru 14 ára eða yngri. Yngst var Björg Ólafsdóttir, 13 ára, á Hamborg. Elsti einstaklingurinn var Sigríður Jónsdóttir á Seyðisfirði en hún var 79 ára gömul.<sup>141</sup> Á heimili hennar skrifuðu þrjár kynslóðir undir, dóttir hennar Þóra Eyjólfsdóttir, 40 ára, og dóttir Þóru, Sólveig Runólfsdóttir, sem var 16 ára.

Svo virðist sem að ungar húsmæður hafi verið líklegri til þess að skrifa undir í sýslunni og ef það voru dætur eldri en 14 ára á heimilinu, þá fylgdu nöfn þeirra gjarnan á eftir.

---

<sup>141</sup> Var á Strönd nr. 51 árið 1894.

## 2.11. Suður-Múlasýsla

**Tafla 2.11.1. Fjöldi kvenna og undirskrifta eftir sóknum í Suður-Múlasýslu**

Sóknir	Fjöldi kvenna	Undirskriftir	Hlutfall
Hofsprestakall <sup>142</sup>	186	32	17,2%
Eydalasókn	221	78	35,3%
Vallanessókn	157	18	11,5%
<b>Samtals</b>	<b>564</b>	<b>128</b>	<b>22,6%</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1048–1058; *Hagskinna*, 72–75; *Vef*. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Suður-Múlasýsla, Eydalasókn og Vallanessókn, 1890 og 1901; Sóknarmannatalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Suður-Múlasýsla, Hofssókn, 1894 og 1895.

Í Suður-Múlasýslu skrifuðu undir 128 konur og komu þær úr þremur af tólf sóknum.<sup>143</sup> Í sýslunni voru 2538 konur þannig að um 5% þeirra skrifuðu undir.<sup>144</sup> Meira en helmingur undirskriftanna komu úr Eydalasókn eða 78 í heildina, sem er um 35,3% allra kvenna í sókninni. Helmingi lægra hlutfall var í Hofsprestakalli þar sem aðeins 32 konur skrifuðu undir og aðeins 18 konur í Vallanessókn.

Sóknirnar eiga það sameiginlegt að húsmæður voru fjölmennastar þeirra sem skrifuðu undir og þar á eftir voru það vinnukonur. Í Hofsprestakalli var algengara heldur en í hinum sóknunum að aðeins húsmóðirin skrifaði undir. Það var tilfellið á níu af þeim 18 heimilum sem þar sem skrifað var undir. Á fimm heimilum skrifaði fleiri en ein kona undir.

Í Eydalasókn var allt annað uppi á teningnum en þar var nokkuð algengt að fleiri en ein kona skrifaði undir á hverju heimili, eða 19 tilfellum af 28. Það útskýrir hátt hlutfall vinnukvenna og dætra því algengt var að allar konur yfir 14 ára aldri skrifuðu undir á þeim heimilum. Til að mynda var nokkuð fjölbreyttur hópur kvenna á Gilsárstekk sem settu nöfn sín á listann. Þar skrifaði undir húsmóðirin Þorbjörg Magnúsdóttir undir, systir hennar (ættingi), stjúp móðir (prestsekkja), móðir vinnumanns (ekkjja) og fjórar vinnukonur.

Sonur Þorbjargar, Magnús Gíslason, skrifaði um hana í *Móðir mín. Nýtt safn*. Hann fer þar fögrum orðum um móður sína og minnst þess hvað hún „þráði það heitast að geta aflað sér einhverrar menntunar.“ Hún ólst upp við fátækt og hafði því ekki tækifæri til þess að sækja kvennaskóla né bóklegt nám vegna kynferðis síns.

<sup>142</sup> Tölur fengnar frá: *Vef*. Sóknarmannatalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Suður-Múlasýsla, Hofssókn, 1894–1895. Ekki er gerður greinarmunur á milli Djúpavogs- og Hofssóknar í: Hofsprestakall í Álftafirði. BC/6-1, og eru allir bæirnir flokkaðir undir „Hofssókn“ á sóknarmannatalsvefnum. Því er notast við „Hofsprestakall“ sem Hofssókn og Djúpavogssókn (áður Hálssókn) tilheyrðu.

<sup>143</sup> *Hagskinna*, 74–75.

<sup>144</sup> *Stjórnartíðindi* 1896 C, 98–100.

Tafla 2.11.2 Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Suður-Múlasýslu

Sóknir	Húsmæður	Dætur	Vinnuk.	Ekkjur	Húsk. (H) Lausak. (L)	Bústýrur	Ættingjar	Óstaðsettar	Heildarfj.
Hofs- prestakall	14	4	5	-	1H	1	3	4	32
Eydalasókn	21	11	25	5*	3H	-	4	9	78
Vallanes- sókn	3	1	5	-	1L	-	2	6	18
<b>Samtals</b>	<b>38</b>	<b>16</b>	<b>35</b>	<b>5</b>	<b>4H</b> <b>1L</b>	<b>1</b>	<b>9</b>	<b>19</b>	<b>128</b>
<b>Hlutfall</b>	<b>29,7%</b>	<b>12,5%</b>	<b>27,3%</b>	<b>3,9%</b>	<b>3,9%</b>	<b>0,7%</b>	<b>7%</b>	<b>14,8%</b>	<b>100%</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis III 1895, 1048–1058; *ÞÍ.Kirk.* Eydalaprestakall. BC/6-1. Sóknarmannatal 1876–1927; Hofsprestakall í Álftafirði. BC/6-1. Sóknarmannatal 1885–1916; Vallanesprestakall. BC/2-1. Sóknarmannatal 1865–1896, árin 1894–1895.

Þorbjörgu langaði alltaf að verða lækni og lýsir Magnús því að hún hafi nokkrum sinnum tekið á móti börnum ef ekki náðist í yfirsetukonu. Þegar hún var um þrítugt varð „útþráin... öllu yfirsterkari“ og flutti hún til Kaupmannahafnar „í von um að geta lært þar eitthvað nytsamt“. Þar vann hún fyrir kaup á matsöluþæð og lærði saumaskap.<sup>145</sup> Magnús minnst þess að hún hafi oft talað um „nauðsyn þess að afla konum menntunar og að koma þyrfti upp fleiri skólum í því skyni“ sem og hversu ósanngjarnt það væri að „konum væri meinað að hafa afskipti af landsmálum, þar sem þær hefðu hvorki kosningarétt né kjörgengi né aðgang að embættum.“. Hún komst svo að orði þegar það var deilt um þessi mál á heimilinu: „að varla hefði guð látið son sinn fæðast af konu ef konur stæðu karlmönnum svo langt að baki, sem mennirnir vildu vera láta“.<sup>146</sup> Þorbjörg þyrfti því líklega ekki að hugsa sig tvisvar um þegar hún skrifaði undir.

Þær undirskriftir sem tókst að staðsetja í Vallanessókn dreifðust á fjóra bæi. Af fimm konum sem voru eldri en 14 ára skrifaði aðeins ein kona undir í Kollstaðagerði. Á Egilsstöðum skrifuðu alls tíu konur undir og tókst að finna út stöðu sjö þeirra. Það var því meira en helmingur undirskrifta í sókninni staðsettur þar. Margrét Pétursdóttir var húsmóðir á Egilsstöðum og þar bjuggu einnig systir hennar, Anna Pétursdóttir, og móðir hennar Ólöf Bjarnadóttir með henni. Þær þrjár, ásamt fjórum vinnukonum (sem hægt var að staðfesta), skrifuðu undir. Ólöf var þá 61 árs gömul en lifði þar til hún varð 103 ára og var þá elsta manneskja landsins. Hún hafði verið með útgerð á Seyðisfirði þegar systurnar voru að alast

<sup>145</sup> Magnús Gíslason, „Þorbjörg Magnúsdóttir“, 108–109.

<sup>146</sup> Sama heimild, 115.

upp en þær höfðu misst föður sinn þegar að þær voru ungar. Ólöf var ein þeirra kvenna sem gekk í karlmannsstörf þegar þess þurfti og fórst það vel úr hendi.

**Tafla 2.11.2. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Suður-Múlasýslu**

Aldursbil	Hofsókn	Eydalasókn	Vallanessókn	Samtals
14 og yngri	-	1	-	-
15–20	2	10	1	14
21–30	8	16	8	32
31–40	7	13	1	21
41–50	5	10	-	15
51–60	4	13	1	18
61–70	2	4	1	7
71–80	-	1	-	1
81 og eldri	-	1	-	1
<i>Óstaðsettar</i>	4	9	6	19
<b>Samtals</b>	<b>32</b>	<b>78</b>	<b>18</b>	<b>128</b>
<b>Meðalaldur</b>	<b>38,2</b>	<b>37,3</b>	<b>31,7</b>	<b>37,2</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis III 1895, 1048–1058; *ÞÍ.Kirk.* Eydalaprestakall. BC/6-1. Sóknarmannatal 1876–1927; Hofsprestakall í Álftafirði. BC/6-1. Sóknarmannatal 1885–1916; Vallaneprestakall. BC/2-1. Sóknarmannatal 1865–1896, árin 1894–1895.

Það átti því einstaklega vel við að hún skrifaði undir og velta má því fyrir sér hvort henni hafi ekki þótt óréttlátt að hafa ekki átt möguleikan á að öðlast kjörgengi þrátt fyrir að vera fyrirvinna heimilisins eftir andláts eiginmanns sín.<sup>147</sup>

Annað dæmi um konu sem var í svipaðri stöðu er Sigríður Gísladóttir, 54 ára vinnukonu á Þorvaldsstöðum í Eydalasókn. Hún og eiginmaður hennar, Helgi Gunnlaugsson, voru á Þiljuvöllum í Berunessókn árið 1880. Hún var þar skráð sem húsmóðir en eitthvað hefur komið upp á þar sem þau voru bæði skráð í vinnumennsku í Fagradal í Eydalasókn tíu árum seinna. Árið 1895 var Helgi hins vegar skráður sem „þarfakarl“ og hún vinnukona. Þannig þurfti hún líklega að vinna fyrir kaup og húsaskjól fyrir eiginmann sinn.<sup>148</sup> Hún hafði því ríka ástæðu að skrifa undir til þess að öðlast fjárræði þar sem hún vann fyrir fjármununum.<sup>149</sup>

Eins og sjá má á töflu 2.11.3. þá var hæsti meðalaldurinn í Hofsprestakalli. Stafaði það út af því hversu margar húsmæður skrifuðu undir og tiltölulega fáar dætur og vinnukonur.

<sup>147</sup> Einar Ásmundsson, „Anna Pétursdóttir“, 239–240.

<sup>148</sup> Vef. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Suður-Múlasýsla, Sigríður Gísladóttir, 1880–1901 og *ÞÍ.Kirk.* Eydalaprestakall. BC/6-1. Sóknarmannatal 1876–1927.

<sup>149</sup> *Lovsaming for Island*, 18:112–113.

Meðalaldurinn lækkar um eitt ár í Eydalasókn og er töluvert lægri í Vallanessókn. Í Eydalasókn skrifuðu undir sex konur sem voru eldri en 60 ára, þar á meðal elsta konan sem skrifaði undir í sýslunni, Ragnheiður Jónsdóttir 83 ára prestsekkja. Í sókninni var einnig að finna yngsta einstaklinginn sem skrifaði undir en það var hin 14 ára Guðný Jónsdóttir á Tóarseli. Hún skrifaði undir ásamt systur sinni Önnu Jónsdóttur en móður þeirra, Sigurbjörg Jónsdóttir, skrifaði ekki undir.



## 2.12. Vestur-Skaftafellssýsla

**Tafla 2.12.1. Fjöldi kvenna og undirskrifta eftir sóknum í Vestur-Skaftafellssýslu**

Sóknir	Fjöldi kvenna	Undirskriftir	Hlutfall
Sólheimasókn	95	28	29,5%
<b>Samtals</b>	<b>95</b>	<b>28</b>	<b>29,5%</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1061 og *ÞÍ. Kirk.* Sólheimaping – prestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1892–1903, árin 1894–1895.

Í Vestur-Skaftafellssýslu bjuggu 1092 konur árið 1895.<sup>150</sup> Af þeim skrifuðu 28 konur undir eða um 2,6%. Allar undirskriftirnar bárust úr Sólheimasókn en í sýslunni voru níu sóknir.<sup>151</sup> Undirskriftirnar dreifðust á 12 heimili en 18 konur komu frá Ytri-Sólheimum 1–4 og Eystri-Sólheimum. Ragnheiður Einarsdóttir á Nikhóli er efsta nafnið á listanum og er líklega sú sem stóð fyrir undirskriftasöfnuninni í sinni sveit. Hún var þá 25 ára og gift Stefáni Gíslasyni lækni.<sup>152</sup>

**Tafla 2.12.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Vestur-Skaftafellssýslu**

Sóknir	Húsmæður	Dætur	Vinnuk.	Ekkjur	Húsk. (H) Lausak. (L)	Bústýrur	Ættingjar (Æ) Ómagar (Ó)	Óstaðsettar	Heildarfjöldi
Sólheima- sókn	11	7	6	-	1H	-	1Ó	1	26
<b>Samtals</b>	<b>11</b>	<b>7</b>	<b>6</b>	<b>-</b>	<b>1H</b>	<b>-</b>	<b>1Ó</b>	<b>2</b>	<b>26</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1061 og *ÞÍ. Kirk.* Sólheimaping – prestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1892–1903, árin 1894–1895.

Eins og sjá má á töflu 2.12.2. voru flestar konurnar sem skrifuðu undir skráðar sem húsmæður, þar á eftir eru dætur og vinnukonur. Það sem er aftur á móti athyglisvert er að einn ómagi skrifaði undir listann. Það var hin 55 ára Margrét Bjarnadóttir á Ytri-Sólheimum 4. Þegar ævi hennar er skoðuð kemur í ljós að hún var tengd hinum konunum sem skrifuðu undir ættar- og vinaböndum. Hún hafði allt frá barnæsku sterkar tengingar við Ytri-Sólheima. Hún var dóttir Guðríðar Eyjólfsdóttur en árið 1845 var hún send í fóstur þangað til ömmu sinnar Margrétar

<sup>150</sup> *Stjórnartíðindi* 1896 C, 98–100.

<sup>151</sup> *Hagskinna*, 64–65.

<sup>152</sup> „Mannlát“, *Norðurland* 21. mars 1903, 103.

Loftsdóttur. Þar kynntist hún líklega jafnöldru sinni Þórdísi Berentsdóttur. Guðrún Eyjólfsdóttir, móðursystir Margrétar Bjarnadóttir (Guðríður Eyjólfsdóttir) og móðir Margrétar Ólafsdóttur bjuggu á næsta heimili árið 1845 sem og Elsa Dórotea Einarsdóttir sem skrifaði undir listann ásamt fjórum dætrum sínum. Líklega var Margrét Bjarnadóttir send í fóstur vegna fátæktar foreldra hennar. Árið 1860 var Guðríður (móðir Margrétar Bjarnad.) skráð í vinnumennsku á Ytri-Sólheima en þá var Margrét í vinnumennsku á Höfðabrekku Eystri í Höfðabrekkusókn. Árið 1880 var hún skráð sem vinnukona á Sólheimum hjá Þórdísi Berentsdóttur húsmóður, sem skrifaði undir ásamt tveimur dætrum sínum. Tíu árum seinna var hún flutt yfir til Margrétar Ólafsdóttur húsmóður á Ytri-Sólheimum 4, sem skrifaði einnig undir, og er þá skráð sem „niðursetningur“. Margrét Bjarnadóttir virðist hafa verið í vinnumennsku alla sína ævi eða allt frá 1860 þar til hún gat ekki lengur unnið. Hún lést á Ytri-Sólheimum árið 1899.<sup>153</sup>

**Tafla 2.12.3. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Vestur-Skaftafellssýslu**

Aldursbil	Sólheimasókn
14 og yngri	-
15–20	4
21–30	6
31–40	10
41–50	1
51–60	4
61–70	-
71–80	1
81 og eldri	-
Óstaðsettar	2
<b>Samtals</b>	<b>28</b>
<b>Meðalaldur</b>	<b>33,8</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1061 og *ÞÍ. Kirk.* Sólheimaþing – prestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1892–1903, árin 1894–1895.

Margrét var því þannig hluti af kynslóð kvenna á Sólheimum sem ólust upp saman. Þó hún hafi verið á sveit þá hafði hún unnið alla sína ævi og sannað gildi sitt í samfélaginu. Líklega voru þarna sterk fjölskyldu- og vinatengsl sem gerðu það að verkum að nær allar konur sem voru

<sup>153</sup> *ÞÍ.Kirk.* Sólheimaþing – prestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1892–1903; Sólheimaþing - prestakall BC/4-1. Sóknarmannatal 1879–1892; Sólheimaþing – prestakall BC/3-1 1841–1861; *Vef.* Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Vestur-Skaftafellssýsla, Margrét Bjarnadóttir, 1845–1901 og *Vef.* Íslendingabók, Margrét Bjarnadóttir, f. 1840, d. 5. feb. 1899.

eldri en 14 ára á þessum heimilum skrifuðu undir. Spurningin er hvort að þessi góðu tengsl milli kvennanna hafi gert það að verkum að það þótti eðlilegt að kona sem var opinberlega skráð sem niðursetningur skrifaði undir en um það er nánar fjallað í kafla þrjú.

Elsta konan sem skrifaði undir var vinnukona á Ytri Sólheimum 3, Steinunn Magnúsdóttir, og var hún 71 árs. Hún er skráð sem vinnukona í sóknarmannatalið en var einnig móðir Steinunnar Eyjólfsdóttur húsmóður á sama heimili, sem skrifaði líka undir. Einnig skrifaði systir húsmóður undir en hún var líka skráð sem vinnukona. Fyrir utan húsconuna Guðrúnu Jónsdóttur, þá voru allar konurnar á Ytri-Sólheimum sem skrifuðu undir tengdar fjölskyldu- og vinaböndum.

## 2.13. Rangárvallasýsla

**Tafla 2.13.1. Fjöldi kvenna og undirskrifta eftir sóknum í Rangárvallasýslu**

Sóknir	Fjöldi kvenna	Undirskriftir	Hlutfall
Stóradalssókn	120	19	15,9%
Oddasókn	211	12	5,7%
Árbæjarsókn	82	6	7,3%
<b>Samtals</b>	<b>413</b>	<b>37</b>	<b>9%</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1106–1108; *Hagskinna*, 64–65 og *Vef. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands*: Rangárvallasýsla, Stóradalssókn, Oddasókn og Árbæjarsókn, 1890 og 1901.

Í Rangárvallasýslu voru 2849 konur.<sup>154</sup> Aðeins 37 konur skrifuðu undir eða tæp 1,3%. Undirskriftirnar bárust úr þremur af 20 sóknum.<sup>155</sup> Flestar konur skrifuðu undir í Stóradalssókn í sýslunni. Líklega var það Sigríður Sighvatsdóttir sem safnað undirskriftum í sinni sókn en hennar nafn var efst á listanum. Hún var dóttir Önnu Þorvarðardóttur, sem skrifaði undir, og Sighvats Árnasonar í Eyvindarholti, hreppstjóra og alþingismanns fyrir Rangárvallasýslu.

**Tafla 2.13.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Rangárvallasýslu**

Sóknir	Húsmæður	Dætur	Vinnuk.	Ekkjur	Húsk.	Bústýrur	Ættingjar	Óstaðsettar	Heildarfjöldi
					(H)				
					Lausak.				
					(L)				
Stóradals- sókn	8	6	5	-	-	-	-	-	19 konur
Oddasókn	5	3	4	-	-	-	-	-	12 konur
Árbæjar- sókn	3	1	2	-	-	-	-	-	6 konur
<b>Samtals</b>	<b>16</b>	<b>10</b>	<b>11</b>	-	-	-	-	-	<b>37 konur</b>
<b>Hlutfall</b>	<b>43,2%</b>	<b>27%</b>	<b>29,7%</b>	-	-	-	-	-	<b>100%</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1106–1108; *ÞÍ.Kirk.* Holtsprestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1888–1905; Oddi á Rangárvöllum – prestakall. BC/7-1. 1892–1898; Holtaping – prestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1892–1897, árin 1894–1895.

Sighvatur hafði talað fyrir réttindum kvenna á þingi árið 1885, þar sem hann lagði fram frumvarp um aukinn rétt kvenna. Frumvarpið kvað í fyrsta lagi á um að veita skyldi ógiftum

<sup>154</sup> *Stjórnartíðindi* 1896 C, 98–100.

<sup>155</sup> *Hagskinna*, 64–65.

konum og ekkjum, sem uppfylltu sömu skilyrði og karlar, kosningarétt til Alþingis og í öðru lagi að veita þeim heimild til að taka próf við latínuskólann og presta- og læknaskólann. Í grein sinni „Um kvenréttindavilja íslenskra sveitakarla á 19. öld“ taldi Gunnar Karlsson að eiginkona Sighvats, Anna Þorvarðardóttir, hafi haft áhrif á hann og fengið hann til að „hugsa um kynhlutverk á nýjan hátt.“ Hún var 30 árum yngri en Sighvatur og „skörungur mikill til ráða og gerða“ eins og Þórður Tómasson komst að orði.<sup>156</sup>

Í Árbæjarsókn bárust fimm af sex undirskriftum frá Syðri- og Efri-Rauðalæk og ein frá Brekkum. Í Oddasókn skrifuðu í heildina 12 konur undir og þar af voru fimm þeirra á Móeiðarhvoli.

Eins og sjá má á töflu 2.13.2 voru það húsmæður, dætur og vinnukonur sem skrifuðu undir. Á öllum heimilum þar sem skrifað var undir voru fleiri konur sem voru eldri en 14 ára sem skrifuðu ekki undir. Meðalaldurinn var því tæplega 34 ár og var hann töluvert hærri í Oddasókn heldur en í hinum tveimur sóknunum en þar munaði aðeins tæplega einu ári. Sú yngsta sem skrifaði undir í sýslunni allri var Valgerður Runólfsdóttir, 15 ára dóttir Guðnýar Bjarnadóttur á Syðri-Rauðalæk.

**Tafla 2.13.3. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Rangárvallasýslu**

Aldursbil	Stóradalssókn	Oddasókn	Árbæjarsókn	Samtals
14 og yngri	-	-	-	-
15–20	4	-	2	6
21–30	8	4	1	13
31–40	2	3	-	5
41–50	2	2	3	7
51–60	2	2	-	4
61–70	1	1	-	2
71–80	-	-	-	-
81 og eldri	-	-	-	-
Óstaðsettar	-	-	-	-
<b>Samtals</b>	<b>19</b>	<b>12</b>	<b>6</b>	<b>37</b>
<b>Meðalaldur</b>	<b>30,9</b>	<b>39,4</b>	<b>31,8</b>	<b>33,9</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1106–1108; *ÞÍ.Kirk.* Holtsprestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1888–1905; Oddi á Rangárvöllum – prestakall. BC/7-1. 1892–1898; Holtáping – prestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1892–1897, árin 1894–1895.

<sup>156</sup> Gunnar Karlsson, „Um kvenréttindavilja íslenskra sveitakarla á 19. öld“, 133–135

## 2.14. Árnessýsla

Tafla 2.14.1. Fjöldi kvenna og undirskrifta í hverri sókn í Árnessýslu

Sóknir	Fjöldi kvenna	Undirskriftir	Hlutfall
Skálholtssókn	87	27	31%
Ólafsvallasókn	144	67	46,5%
Arnarbællissókn	104	20	19,2%
Hjallasókn	126	2	1,5%
Reykjasókn	92	9	9,8%
Mosfellssókn	114	59	41%
Miðdalssókn	64	24	37,5%
Búrfellssókn	52	17	32,7%
Klausturhólasókn	92	13	14,1%
Haukadalssókn	76	19	25%
Úthlíðarsókn	47	18	38,3%
Torfastaðasókn	83	21	25,3%
<b>Samtals</b>	1081	296	27,4%

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1091–1097; *Hagskinna*, 64–67 og *Vef*. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Árnessýsla, Skálholtssókn, Ólafsvallasókn, Arnarbællissókn, Hjallasókn, Reykjasókn, Mosfellssókn, Miðdalssókn, Búrfellssókn, Klausturhólasókn, Haukadalssókn, Úthlíðarsókn og Torfastaðasókn, 1890 og 1901.

Í Árnessýslu bjuggu 3416 konur og af þeim skrifuðu 296 undir eða um 8,7%.<sup>157</sup> Undirskriftirnar komu úr 12 af 28 sóknum.<sup>158</sup> Flestar þeirra bárust úr Ólafsvallasókn. Þær voru á sama undirskriftablaði og Skálholtssókn og skrifuðu því 94 konur undir á sama blaðið. Einnig voru það einu sóknirnar sem fengu prest til þess að votta það að þær ættu heimili í Ólafsvallaprestakalli en það var séra Brynjólfur Jónsson á Ólafsvöllum sem skrifaði undir það.<sup>159</sup> Eiginkona hans, Ingunn Eyjólfsdóttir, skrifaði undir áskorunin en varð aldrei vitni að þeim réttarbótum sem óskað var eftir því hún lést ári seinna.<sup>160</sup> Fæstar undirskriftirnar komu úr Hjallasókn en þar skrifuðu undir listann aðeins tvær dætur frá Vindheimum. Það var eina sóknin ásamt Reykjasókn þar sem minna en 10% kvenna skrifuðu undir.

Á öllum undirskriftablöðunum eru konur úr fleiri en einni sókn og var því erfitt að áætla hvaða sókn konurnar sem fundust ekki tilheyrðu. Til dæmis voru undirskriftirnar frá Arnarbælis-, Hjalla- og Reykjasókn allar á sama blaðinu en fimm konur fundust ekki. Því verða

<sup>157</sup> *Stjórnartíðindi* 1896 C, 98–100.

<sup>158</sup> *Hagskinna*, 64–65.

<sup>159</sup> SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1092. „Að allt ofanefnt kvennfólk á heimilisstað í Ólafsvallaprestakalli. Vottar Brynjólfur Jónsson prestur 29/6 1895.“

<sup>160</sup> „Íslands-fréttir“, *Heimskringla* 16. apríl 1896, 1.

Tafla 2.14.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Árnessýslu

Sóknir	Húsmæður	Dætur	Vinnuk.	Ekkjur	Húsk. (H) Lausak. (L)	Bústýrur	Ættingjar (Æ) Ómagar (Ó)	Óstaðsettar	Heildarfjöldi
Skálholts- sókn	6	1	13	1	-	1	3Æ	2	27
Ólafsvalla- sókn	22	7	19	1	5H	2	5Æ	6	67
Arnarbælis- sókn	3	2	9	-	1H	-	-	5	20
Hjallasókn	-	2	-	-	-	-	-	-	2
Reykjasókn	3	6	-	-	-	-	-	-	9
Mosfells- sókn	17	8	23	1	3H	1	3Æ 3Ó	-	59
Miðdals- sókn	9	4	9	-	-	1	1Æ	-	24
Búrfells- sókn <sup>161</sup>	4	3	9	-	-	-	-	1	17
Klaustur- hólasókn	3	0	8	-	-	1	1Æ	-	13
Haukdals- sókn	5	2	7	1	-	-	-	4	19*
Úthlíðar- sókn	7	4	6	-	1H	-	-	-	18
Torfastaða- sókn	5	9	7	-	-	-	-	-	21
<b>Samtals</b>	<b>84</b>	<b>48</b>	<b>110</b>	<b>4</b>	<b>10H</b>	<b>6</b>	<b>13Æ</b> <b>3Ó</b>	<b>18</b>	<b>296</b>
<b>Hlutfall</b>	<b>28,4%</b>	<b>16,2%</b>	<b>37,2%</b>	<b>1,4%</b>	<b>3,4%</b>	<b>2%</b>	<b>5,4%</b>	<b>6%</b>	<b>100%</b>

\* Fjórar konur sem skrifuðu tvisvar undir

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1091–1097; ÞÍ.Kirk. Ólafsvellir á Skeiðum – prestakall BC/7-1. Sóknarmannatal 1889–1921: Arnarbæli í Ölfusi/Hveragerði – prestakall BC/7-1. Sóknarmannatal 1893–1900; Torfastaðaprestakall. BC/7-1. Sóknarmannatal 1887–1901; Mosfell í Grímsnesi – prestakall BC/6-1. Sóknarmannatal 1886–1896.

<sup>161</sup> Á Kaldárhöfða eru tvær konur sem eru skráðar vinnukonur en eru í raun dætur húsmóður, sem skrifaði ekki undir. Þær eru skráðar sem dætur.

þær konur sem fara í „óstaðsettar“ dálkinn í töflu 2.14.2. með þeim sóknum þar sem að nýtt undirskriftablað byrjar.<sup>162</sup>

Af þeim 296 konum sem skrifuðu undir voru 110 þeirra vinnukonur. Rétt eins og í öðrum sýslum þá voru þær og húsmæður í töluverðum meirihluta þeirra sem skrifuðu undir eða 65,6% undirskrifta í Árnessýslu. Það var aðeins í Ólafsvalla- og Úthlíðarsókn þar sem fleiri húsmæður en vinnukonur skrifuðu undir. Það var því algengt að ef húsmóðir skrifaði undir þá skrifuðu nær allar konur eldri en 14 ára undir líka. Í Mosfellssókn skrifuðu 59 konur undir og dreifðust undirskriftirnar á 19 bæi. Í Skálholtssókn dreifðust undirskriftirnar á átta bæi. Flestar þeirra komu frá Skálholti 1–2 en þar skrifuðu níu konur undir, sex af þeim voru vinnukonur.

Algengt var að á hverju heimili væru margar vinnukonur og skrifuðu þær oft allar undir. Einnig var þar fjölbreyttur hópur kvenna sem setti nöfn sín á undirskriftalistana. Þar má til dæmis benda á að þrír ómagar skrifuðu undir sem voru allir skráðir í Mosfellssókn. Anna Pálsdóttir 64 ára í Hverakoti var ein þeirra. Samkvæmt manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands var hún í vinnumennsku allt frá 1860 en bjó hjá bróður sínum árið 1855. Hún var fyrst á Hverakoti árið 1890 sem vinnukona og var þar enn eftir að hún þáði sveitastyrk.<sup>163</sup> Svipaða sögu er að segja af Sigríði Sigurðardóttur 68 ára á Kringlu. Hún var skráð í Mosfellssókn sem vinnukona allt frá árinu 1860 þar sem hún vann á Hverakoti, svo á Minna-Mosfelli árið 1870, þar sem Guðrún Þorgilsdóttir húsmóðir þar skrifaði einnig undir, og svo loks á Kringlu árið 1870–1895. Eftir það er hún skráð sem niðursetningur og var einnig skráð þar í manntalinu 1901.<sup>164</sup> Þriðji ómaginn var hún Elín Guðmundsdóttir 73 ára á Efra-Apavatni. Hún var skráð í vinnumennsku í Miðdal árið 1860. Árið 1862 eignaðist hún Kristínu Bjarnadóttur og árið 1870 var hún skráð sem bústýra á Útey í Miðdalssókn. Eftir það var hún vinnukona allt þar til hún þáði sveitastyrk milli 1890–1895.<sup>165</sup>

Ólíkt flest öllum öðrum sóknum á landinu, þá virðist ekki hafi verið litið þannig á í Mosfellssókn að ómagar hefðu ekki rétt til þess að skrifa undir. Fyrir utan eina fullorðna konu sem var skráð sem ómagi í sóknarmannatalið þá fengu hinar sem skráðar voru þannig að skrifa undir listan.

---

<sup>162</sup> Sóknirnar sem voru saman á undirskriftablaði: Skálholts- og Ólafsvallasókn; Arnarbælis-, Hjalla- og Reykjasókn; Mosfells- og Miðdalssókn; Búrfells- og Klausturhólasókn og Haukdals-, Úthlíðar- og Torfastaðasókn.

<sup>163</sup> Vef. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Árnessýsla, Mosfellssókn, Anna Pálsdóttir, 1845–1901.

<sup>164</sup> Vef. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Árnessýsla, Mosfellssókn, Sigríður Sigurðardóttir, 1860–1901.

<sup>165</sup> Vef. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Árnessýsla, Mosfellssókn, Elín Guðmundsdóttir, 1860–1901.



Meðalaldurinn í sýslunni var 38,2 ár. Eins og sjá má á töflu 2.14.3. þá var meðalaldurinn ansi breytilegur milli sókna, hæstur var hann í Skálholtssókn en lægstur í Hjallasókn. Sjö konur á aldursbilinu 61–70 ára skrifuðu undir í sókninni og voru þær úr öllum stéttum nema „dætur“.

Tafla 2.14.3. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Árnassýslu

Sóknir	14 og yngri	15–20	21–30	31–40	41–50	51–60	61–70	71–80	81 og eldri	Óstaðsettar	Samtals	Meðalaldur
Skálholts-sókn	-	1	8	5	3	2	7	1	-	-	27	42,6
Ólafsvalla-sókn	-	3	16	12	8	14	7	1	-	6	61	41,5
Arnbælis-sókn	-	3	7	1	3	-	-	1	-	5	20	32
Hjallasókn	-	1	1	-	-	-	-	-	-	-	2	21,5
Reykja-sókn	-	-	4	3	-	1	1	-	-	-	9	35,8
Mosfells-sókn	-	8	12	10	10	8	8	3	-	-	59	40,7
Miðdals-sókn	-	4	7	4	5	2	2	-	-	-	24	34,4
Búrfells-sókn	-	3	5	1	2	4	1	-	-	1	17	36,3
Klausturh.-sókn	-	-	5	2	2	1	3	-	-	-	13	40,8
Torfastaða-sókn	1	4	8	5	1	1	1	-	-	-	21	30,3
Haukdals-sókn	-	2	5	2	3	-	1	-	-	6	19	33,8
Úthlíðar-sókn	-	3	5	2	1	6	1	-	-	-	18	38,3
<b>Samtals</b>	<b>1</b>	<b>32</b>	<b>83</b>	<b>47</b>	<b>38</b>	<b>39</b>	<b>32</b>	<b>6</b>	<b>-</b>	<b>16</b>	<b>296</b>	<b>38,2</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1091–1097; ÞÍ.Kirk. Ólafsvellir á Skeiðum – prestakall BC/7-1. Sóknarmannatal 1889–1921: Arnarbæli í Ölfusi/Hveragerði – prestakall BC/7-1. Sóknarmannatal 1893–1900; Torfastaðaprestakall. BC/7-1. Sóknarmannatal 1887–1901; Mosfell í Grímsnesi – prestakall BC/6-1. Sóknarmannatal 1886–1896 og Vef. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Árnassýsla, Skálholtssókn, Ólafsvallasókn, Arnarbællissókn, Hjallasókn, Reykjasókn, Mosfellssókn, Miðdalssókn, Búrfellssókn, Klausturhólasókn, Haukadalsókn, Úthlíðarsókn og Torfastaðasókn, 1890 og 1901.

Vert er að benda á að í Haukadalssókn skrifuðu fjórar vinnukonur í Múla undir á tvo mismunandi undirskriftalista. Á annan listann skrifaði undir húsmóðirin Anna Jónsdóttir en ekki á hinn. Hvernig það vildi til er erfitt að fullyrða um en ekki er ólíklegt að þær hafi fengið tvo lista í hendurnar með einhverju millibili og því ákveðið að skrifa undir þá báða. Hugsanlega sýnir þetta einskæran vilja þeirra til þess að bæta rétt kvenna.

## 2.15. Gullbringu- og Kjósarsýsla

Tafla 2.15.1. Fjöldi kvenna og undirskrifta í hverri sókn í Gullbringu- og Kjósarsýslu

Sóknir	Fjöldi kvenna	Undirskriftir	Hlutfall
Njarðvíkursókn	119	34	28,6%
Útskálasókn	469	5	1%
Kálfatjarnarsókn	290	20	6,9%
Garðasókn	520	98	18,8%
Saurbæjarsókn	97	14	14,4%
Reynivallasókn	132	50	37,9%
<b>Samtals</b>	1626	221	13,6%

**Heimild:** SA. Dagbók Alþínigs 1895 III, 1098–1105; *Hagskinna*, 66–67 og *Vef*. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Gullbringusýsla, Njarðvíkursókn, Útskálasókn, Kálfatjarnarsókn og Garðasókn, 1890 og 1901; Kjósarsýsla, Saurbæjarsókn og Reynivallasókn, 1890 og 1901.

Í Gullbringu- og Kjósarsýslu bjuggu um 3121 konur ef Reykjavík er ekki tekin með í þann fjölda.<sup>166</sup> Alls skrifuðu 221 kona undir eða um 7,1% kvenna og komu undirskriftirnar úr sex af 13 sóknum.<sup>167</sup> Rúmlega 44% undirskrifta komu úr Garðasókn og nær allar þeirra úr Hafnarfirði. Það útskýrir hátt hlutfall húsmæðra sem skrifuðu undir í sókninni. Oftar en ekki voru það einungis húsmæður sem skrifuðu undir þar sem heimilin voru töluvert fámennari heldur en á dreifbýlli svæðum en á sama tíma mun fleiri. En mikill fjöldi húsmæðra einskorðast ekki aðeins við Garðasókn því það var einnig raunin í Njarðvíkursókn. Af þeim 34 konum sem rituðu nafn sitt á listann voru 21 þeirra skráðar húsmæður. Aðeins ein dóttir skrifaði undir en hún bjó með föður sínum sem var ekkil í þurrabúð. Sama má segja með Reynivallasókn en á öllum heimilunum skrifaði húsmóðir undir og var algengt að allar konur eldri en 14 ára á heimilunum skrifuðu undir í sókninni.

Þrátt fyrir að húsmæður hafi verið tæplega helmingur þeirra sem skrifuðu undir má sjá að konur úr öllum stéttum skrifuðu undir. Það vekur athygli að einn ómagi skrifaði undir. Það var hún Herdís Kristjánsdóttir í Hafnarfirði 74. Hún skrifaði þar undir ásamt húsmóðurinni Þórdísi Símonardóttur en hún var tengdadóttir Herdísar. Árið 1890 bjó hún hjá syni sínum og tengdadóttur, Vigdís Jónsdóttur sem skrifaði einnig undir. Árið 1901 var Herdís flutt til dóttur sinnar Oddnýar Auðunsdóttur. Oddný skrifaði undir en þá var hún skráð sem vinnukona á Flensborg. Önnur dóttir hennar, Margrét Auðunsdóttir í Hafnarfirði 64, skrifaði einnig undir. Það voru því fjölskyldur sem skrifuðu undir en voru samt ekki staðsettar á einu heimili heldur

<sup>166</sup> *Stjórnartíðindi* 1896 C, 98–100

<sup>167</sup> *Hagskinna*, 66–67.

dreifðust undirskriftirnar á nokkur heimili.<sup>168</sup> Ekki er ólíklegt að tengslin hafi skipt máli þegar það kom að því að ómagar skrifuðu undir og einnig það að hún bjó ávallt hjá ættingjum sínum. Ef manntölin eru skoðuð, þá hafði Herdís, börn hennar og fleiri konur sem skrifuðu undir í Hafnafirði búið þar alveg síðan 1860.<sup>169</sup> Þar má nefna Guðrúnu Jónsdóttur ekkju í Hafnafirði 75, Þóru Oddsdóttur húsmóðir í Hafnafirði 82 og Valgerði Gísladóttur í Hafnafirði 87.

Tafla 2.15.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sókn í Gullbringu- og Kjósarsýslu

Sóknir	Húsmæður	Dætur	Vinnuk.	Ekkjur	Húsk. (H) Lausak. (L)	Bústýrur	Ættingjar Ómagar	Óstaðsettar	Heildarfjöldi
Njarðvíkur- sókn	22	1	2	2	3H	-	1Æ	3	34
Útskálasókn	5	-	-	-	-	-	-	-	5
Kálfatjarnar- sókn	5	6	4	-	3H	1	1Æ	-	20
Garðasókn	52	9	10	3	1H	2	1Æ 1Ó	19	98
Saurbæjar- sókn	8	4	2	-	-	-	-	-	14
Reynivalla- sókn	16	7	14	1	1L	-	5	6	50
<b>Samtals</b>	<b>108</b>	<b>27</b>	<b>32</b>	<b>6</b>	<b>7H 1L</b>	<b>3</b>	<b>8Æ 1Ó</b>	<b>28</b>	<b>221</b>
<b>Hlutfall</b>	<b>48,9%</b>	<b>12,2%</b>	<b>14,5%</b>	<b>2,7%</b>	<b>3,6%</b>	<b>1,4%</b>	<b>4,1%</b>	<b>12,7%</b>	<b>100%</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1098–1105; *ÞÍ.Kirk.* Kálfatjarnarprestakall. BC/10-1. Sóknarmannatal 1886–1897; Útskálaprestakall. BC/10-1. Sóknarmannatal 1890–1898; Garðaprestakall. BC/6-1. Sóknarmannatal 1890–1900; Reynivellir í Kjós – prestakall BC/5-1. Sóknarmannatal 1880–1897, árin 1894–1895; og *Vef.* Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Gullbringusýsla, Njarðvíkursókn, Útskálasókn, Kálfatjarnarsókn og Garðasókn, 1890 og 1901; Kjósarsýsla, Saurbæjarsókn og Reynivallasókn, 1890 og 1901.

Það skrifuðu 32 vinnukonur og 27 dætur í sýslunni undir listann. Stór hluti vinnukvenna komu úr Reynivallasókn en annars var ekki algengt í þessari sýslu að vinnukonur skrifuðu undir. Hægt væri að útskýra það á þann hátt að almennt séð hafi heimilin verið minni, sem þýðir minni búskapur, sem og að heimilin lifðu einnig á fiskveiðum. Aðeins í Kálfatjarnarsókn skrifuðu

<sup>168</sup> *Vef.* Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Gullbringusýsla, Garðasókn, Herdís Kristjánsdóttir, 1860–1890

<sup>169</sup> *Vef.* Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Gullbringusýsla, Garðasókn, Guðrún Jónsdóttir, Þóra Oddsdóttir, Valgerður Gísladóttir, 1860–1890.

fleiri dætur undir heldur en húsmæður. Það var þó ávallt í kjölfar undirskrifa húsmæðra sem dæturnar sett sín nöfn. En margar húsmæður sem skrifuðu undir voru á aldursbilinu 21–30 ára og 31–40 ára. Þannig að stór hluti dætranna var því yngri en 15 ára og eins og sjá má á töflu 2.15.3. Þá skrifaði engin undir sem var 14 ára eða yngri.

Tafla 2.15.3. Fjöldi kvenna eftir aldursbili og meðalaldur í hverri sókn í Gullbringu- og Kjósarsýslu

Aldursbil	Njarðvíkur- sókn	Útskálasókn	Kálfatjarnar- sókn	Garðasókn	Saurbæjarsókn	Reynivallasókn	Samtals
14 og yngri	-	-	-	-	-	-	-
15–20	-	-	5	7	1	7	20
21–30	6	-	5	23	5	9	48
31–40	6	3	3	22	2	12	48
41–50	8	1	3	16	3	3	34
51–60	6	1	2	6	1	6	22
61–70	4	-	2	2	2	6	16
71–80	-	-	-	3	-	1	4
81 og eldri	-	-	-	-	-	-	-
<i>Óstaðsettar</i>	4 <sup>170</sup>	-	-	19	-	6	29
<b>Samtals</b>	<b>34</b>	<b>5</b>	<b>20</b>	<b>98</b>	<b>14</b>	<b>50</b>	<b>221</b>
<b>Meðalaldur</b>	<b>43</b>	<b>40,2</b>	<b>35,6</b>	<b>37,2</b>	<b>37,5</b>	<b>38,8</b>	<b>38,4</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1098–1105; *ÞÍ.Kirk.* Kálfatjarnarprestakall. BC/10-1. Sóknarmannatal 1886–1897; Útskálaprestakall. BC/10-1. Sóknarmannatal 1890–1898; Garðaprestakall. BC/6-1. Sóknarmannatal 1890–1900; Reynivellir í Kjós – prestakall BC/5-1. Sóknarmannatal 1880–1897, árin 1894–1895; og *Vef.* Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Gullbringusýsla, Njarðvíkursókn, Útskálasókn, Kálfatjarnarsókn og Garðasókn, 1890 og 1901; Kjósarsýsla, Saurbæjarsókn og Reynivallasókn, 1890 og 1901.

Meðalaldurinn hækkar einmitt ef fáar dætur og vinnukonur skrifuðu undir eins og sjá má á Njarðvíkursókn og Útskálasókn. Flestar sem skrifuðu undir í Njarðvíkursókn voru eldri en 41 árs, þannig að ekki er ólíklegt að stór hluti dætranna hafi verið farnar í vinnumennsku. Í Kálfatjarnarsókn var meðalaldurinn lægstur en þar skrifuðu fleiri dætur undir en húsmæður. Þar var einnig algengara að fleiri konur en ein skrifaði undir á hverju heimili, til dæmis skrifuðu fimm konur undir á Háabæ 1 og þrjár í Suðurkoti, Nýjabæ og Norðurkoti. Það þýðir að það var ansi fjölbreyttur hópur kvenna sem skrifaði undir í sókninni.

Í sýslunni allri var meðalaldurinn 38,4 ára. Yngsta konan sem skrifaði undir var Hallfríður Jóhanna Proppé, 15 ára dóttir Helgu Jónsdóttur, sem skrifaði einnig undir, og Claus E.D. Proppé bakara. Faðir hennar opnaði fyrsta bakaríið í Hafnafirði árið 1875 og rak það þar

<sup>170</sup> Vantar aldur á eina vinnukonu.

til hann lést árið 1898. Helga Jónsdóttir, kona hans, hélt þá rekstrinum áfram eða þar til hún seldi bakarið árið 1901. Hallfríður stundaði nám við Flensborg og hélt síðar út til Kaupmannahafnar að læra hannyrðir. Þegar Helga flutti til Reykjavíkur þá bjó Hallfríður hjá henni og kenndi hannyrðir. Hún var mjög fær á sínu sviði og saumaði hún ásamt þremur öðrum konum skautbúninginn á Alexandrínu drottningu þegar hún kom í heimsókn ásamt Kristjáni 10. danakonungi árið 1921.<sup>171</sup>

Elstu konurnar sem skrifuðu undir voru áður nefnd Herdís Kristjánsdóttir og Vigdís Hinriksdóttir ekkja í Hafnafirði 24, báðar 74 ára gamlar. Vigdís bjó þá hjá dóttur sinni, Ragnheiði Björnsdóttur ljósmóður og tveimur dætrum hennar, Vigdís og Vilborgu Þorgilsdætrum. Allar skrifuðu þær undir. Systurnar Vigdís og Vilborg voru báðar virkar í félagsstarfi kvenna og Vigdís var til að mynda meðal stofnanda Kvenfélags Frikirkjunnar í Hafnafirði.<sup>172</sup>

---

<sup>171</sup> Líney Helgadóttir, Oddný Kristjánsdóttir, og Dóra Jónsdóttir, „Enn um skautbúning Alexandrínu drottningar“, 28–29.

<sup>172</sup> „Kvenfélag Frikirkjunnar í Hafnafirði 90 ára“, *Fjarðarpósturinn*, 18. apríl 2013, 10. Sjá einnig um þær systur: Gísli Sigurgeirsson, „Stúkan Morgunstjarnan nr. 11, 80 ára“, *Alþýðublað Hafnarfjarðar – Jólublað*, 24. desember 1965, 23 og „Vilborg Þorgilsdóttir – minning“, *Morgunblaðið*, 30. ágúst 1955, 2.

## 2.16. Reykjavík

Tafla 2.16.1. Fjöldi kvenna og undirskrifta í Reykjavík

Sóknir	Fjöldi kvenna	Undirskriftir	Hlutfall
Reykjavík	2295	433	18,9%
<b>Samtals</b>	<b>2295</b>	<b>433</b>	<b>18,9%</b>

Heimild: SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1033–1047 og *Stjórnartíðindi* 1896 C, 98–100.

Í Reykjavík bjuggu 2295 konur og 433 þeirra skrifuðu undir, eða um 18,9%.<sup>173</sup> Eins og vikið var að í inngangi þá gat verið erfitt að staðsetja konur á þéttbýlli svæðum og átti það sérstaklega við um Reykjavík. Því tókst aðeins að staðsetja 330 konur. Aftur á móti veitir þessi fjöldi kvenna ágæta sýn á af hvaða stöðu konurnar gegndu sem skrifuðu undir.

Í Reykjavík var minna um það en á landsbyggðinni að allar konur sem voru eldri en 14 ára skrifuðu undir á hverju heimili. Einnig voru ekki eins margir skráðir á hvert heimili eins og á dreifbýlli svæðum. Í Reykjavík, líkt og á landinu öllu, réðist það oftast af því hvort húsmóðirin skrifaði undir og þá fylgdu á eftir undirskriftir frá öðru heimilisfólki. Það sést vel á töflu 2.16.2. Þar sem kemur fram að 142 húsmæður hafi skrifað undir. Af þeim konum sem hægt var að staðfesta voru húsmæður um 43% undirskrifta. Það voru því oft aðeins húsmæður á heimilinum sem settu nöfn sín á listann. Ein þeirra var Marta María Pétursdóttir, 43 ára húsmóðir í Kirkjustræti nr. 6. Dóttir hennar Guðrún Indriðadóttir skrifar um hana í *Móðir mín* að hún hafi verið frjálsslynd kona sem illa „þoldi kúgun og yfirdrotnun“. Hún vildi fá að ráða sínum skoðunum sjálf og „unni öðrum þess að hafa sínar skoðanir í friði“. Hún hafði mikinn áhuga á stjórnámálum og var lærdómsfús. Meðfram því að sjá um heimilið þá gerðist hún aðstoðarmaður eiginmanns síns, Indriða Einarssonar þegar hann vann sem endurskoðandi Landsreikninganna.<sup>174</sup>

Þá er að finna þekktari nöfn á undirskriftalistanum í Reykjavík. Þar má nefna Bríeti Bjarnhéðinsdóttur, Ólafíu Jóhannsdóttur, Jarþrúði Jónsdóttur og Sigþrúði Friðriksdóttur. Einnig má nefna þær Katrínu Magnússon (Skúladóttur), 36 ára húsmóður í Hafnarstræti nr. 16. Hún varð formaður Hins íslenska kvenfélags árið 1903 og var hún fyrst kvenna til þess að ná kjöri í bæjarstjórnarkosningum árið 1908 ásamt Bríeti Bjarnhéðinsdóttur, Þórunni Jónassen, sem var formaður Thorvaldsensfélagsins, og Guðrúnu Björnsdóttur, einni af stofnendum

<sup>173</sup> *Stjórnartíðindi* 1896 C, 98–100

<sup>174</sup> Guðrún Indriðadóttir, „Marta María Pálsdóttir“, 146–155.

Kvenréttindafélags Íslands árið 1907. Þórunn Jónassen var sú eina af frambjóðendum árið 1908 sem skrifaði ekki undir áskorun Hins íslenska kvenfélags.<sup>175</sup>

Tafla 2.16.2. Fjöldi kvenna eftir stöðu í Reykjavík

Sóknir	Húsmæður	Dætur	Vinnuk.	Ekkjur	Húsk. (H) Lausak.(L)	Bústýrur	Ættingjar (Æ) Annað <sup>176</sup> (A)	Óstaðsettar	Heildarfjöldi
Reykjavík	142	65	41	17	14H 1L	19	26Æ 5A	103	433
<b>Samtals</b>	<b>142</b>	<b>65</b>	<b>41</b>	<b>17</b>	<b>14H</b> <b>1L</b>	<b>19</b>	<b>26Æ</b> <b>5A</b>	<b>103</b>	<b>433</b>
<b>Hlutfall</b>	<b>32,8%</b>	<b>15%</b>	<b>9,5%</b>	<b>3,9%</b>	<b>3,5%</b>	<b>4,4%</b>	<b>7,2%</b>	<b>23,8%</b>	<b>100%</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1033–1047 og *ÞÍ.Kirk.* Seltjarnarnesþing – prestakall. BC/15-1. 1894–1899, árið 1894.

Eins og sjá má í dálkinum „ættingjar“ í töflu 2.16.2., þá skrifuðu fimm konur undir sem falla ekki að þeirri skráningu sem hefur verið unnið með því þær voru skráðar kennslukonur og námsmeyjar í sóknarmannatalinu. Til að mynda var Guðrún Helgadóttir, 30 ára, á Laugavegi nr. 11 skráð „að læra sauma“ í sóknarmannatalið. Ekki er ólíklegt að hún hafi sinnt einhverjum öðrum störfum á heimilinu en hún bjó hins vegar á þriðja býli ásamt annarri konu sem var einnig að læra saum. Þær lærðu líklega hjá Guðlaugu Ingibjörgu Jónsdóttur, sem bjó á fyrsta býli og skrifaði undir. Hún hafði verið barnakennari á heimili foreldra sinna í Hjarðarholti í Dölum og víðar og kenndi hún „bæði til munns og handa og þótti ágætur kennari“.<sup>177</sup>

Í Reykjavík voru einmitt tækifæri til fjölbreyttari starfa og flykkust ógiftar konur þangað við lok 19. aldar og upphaf þeirrar 20. Konur sem komu úr „þrengslum, fábreytni og vinnuánauð sveitanna í leit að nýrri lífsleið í höfuðstaðnum“ eins og Sigríður Th. Erlendsdóttir komst að orði í bókinni *Veröld sem ég vil*.<sup>178</sup> Aftur á móti enduðu flestar þeirra í stöðu vinnukonu en þegar líða fór á 20. öldina þá buðust fjölbreyttari störf svo sem verslunar- og skrifstofustörf. Gunnþórunn Ingibjörg Halldórsdóttir er þó eitt dæmi um konu sem endaði í nýju starfi sem leikkona. Hún skrifaði undir ásamt móður sinni Helgu Jónsdóttur og bjuggu

<sup>175</sup> Auður Styrkárdsóttir, „„Vel byrjar það!““, *Morgunblaðið*, 2. febrúar 2008, 3. Sjá einnig Auður Styrkárdsóttir, *Barátta um vald*, 25–47.

<sup>176</sup> Þetta eru kennslukonur og námsmeyjar.

<sup>177</sup> „Frú Guðlaug I. Jónsdóttir“, *Vísir* 21. nóvember 1939, 2.

<sup>178</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, 13–19. Sjá einnig: Sigríður Th. Erlendsdóttir, „Reykvískar konur í atvinnulífinu 1880–1914“, 41–60. Þar fjallar Sigríður nánar um þátttöku kvenna í atvinnulífinu.



þær saman í Þinghóltsstræti nr. 12. Gunnþórunn var afar vinsæl leikkona og hún rak einnig verslun með Guðrúnu Jónasson bæjarfulltrúa.<sup>179</sup>

**Tafla 2.16.3. Fjöldi kvenna eftir aldri og meðalaldur í Reykjavík**

Aldursbil	Reykjavík	Samtal
14 og yngri	5	5
15–20	47	47
21–30	67	67
31–40	72	72
41–50	61	61
51–60	41	41
61–70	28	28
71–80	6	6
81 og eldri	1	1
<i>Óstaðsettar</i>	105	105
<b>Samtals</b>	<b>433</b>	<b>433</b>
<b>Meðalaldur</b>	<b>38</b>	<b>38</b>

**Heimild:** SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1033–1047 og *ÞÍ.Kirk.* Seltjarnarnesþing – prestakall. BC/15-1. 1894–1899, árið 1894.

Það var því ansi fjölbreyttur hópur kvenna sem skrifaði undir í Reykjavík og þær voru á öllum aldri. Meðalaldur kvennanna í kaupstaðnum var 38 ára. Þeirra elst, sem skrifaði undir, var Björg Þórðardóttir, 85 ára á Vesturgötu nr. 25. Hún skrifaði þar undir ásamt dóttir sinni Björgu Jónsdóttur. Þá skrifuðu undir listann fimm stelpur sem voru aðeins 14 ára gamlar. Allar voru þær skráðar „dætur“ og skrifuðu undir ásamt mæðrum sínum. Þar má til dæmis nefna Margréti Pálsdóttur á Pálsbæ en hún skrifaði þar undir ásamt móður sinni Ingibjörgu Guðmundsdóttur.

<sup>179</sup> Kristín Svava Tómasdóttir, „Nýjar leiðir til að lifa og elska“, 136. Sjá einnig: Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir ritstj., *Artöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna*, 85 og „Leikfjela Reykjavíkur II. Tvær leikkonur“, *Ódinn*, 1. janúar 1906, 76.

### 3. Kafli – Samanburður

Í þessum kafla eru dregnar saman heildartölur yfir fjölda kvenna eftir stöðu og aldri á öllu landinu. Gerð er grein fyrir hlutfalli fjölda undirskrifa við heildarfjölda kvenna á öllu landinu, í sýslunum og sóknum.

Tafla 3.1. Fjöldi kvenna og undirskrifa í sýslum/kaupstöðum og hlutfall

Sýslur/Kaupstaðir	Fjöldi kvenna	Undirskriftir	Hlutfall
Borgarfjarðarsýsla	1401	31	2,2%
Mýrarsýsla	1059	47	4,4%
Snæfellsnessýsla	1629	7	0,4%
Barðastrandarsýsla	1595	184	11,5%
Ísafjarðarsýsla	3367	407	12,1%
Ísafjarðarkaupstaður	2224	17	0,7%
Skagafjarðarsýsla	364	80	22%
Akureyri	1958	122	6,2%
Suður-Þingeyjarsýsla	688	47	6,8%
Norður-Þingeyjarsýsla	1595	288	18,1%
Norður-Múlasýsla	2505	128	5,1%
Suður-Múlasýsla	1022	28	2,7%
Vestur-Skaftafellssýsla.	2849	37	1,3%
Rangárvallasýsla.	3416	296	8,7%
Árnessýsla.	3121	221	7,1%
Gullbringu- og Kjósarsýsla.	2295	433	20%
<b>Samtals</b>	<b>30927</b>	<b>2373</b>	<b>7,7%</b>

**Heimild:** Unnið upp úr heimildum fyrir hverja sýslu í 2. kafla.

Óhætt er að segja að þær 2373 konur sem skrifuðu undir áskorunina hafi „látið í ljósi, að þær óskuðu þessa rjettindar“, eins og Ólafía Jóhannsdóttir komst að orði í áðurnefndri grein í *Ársviti Hins íslenska kvenfélags* árið 1896.<sup>180</sup> Þær tóku sér tíma til þess að setja nafn sitt á listana, sumar gengu milli bæja með lista og aðrar hafa ef til vill eytt tíma í að sannfæra aðrar konur á

<sup>180</sup> Ólafía Jóhannsdóttir, „Kvennrjettindamálið á Íslandi“, 12.

heimilinu um að skrifa undir. Gera má ráð fyrir að þetta hafi verið í fyrsta skipti sem margar þessara kvenna kröfðust einhvers af stjórnvöldum.

Samkvæmt vef Hagstofunnar bjuggu 38.240 konur á landinu öllu árið 1895. Af þeim skrifuðu um 6,3% undir áskorun Hins íslenska kvenfélags. Ef aðeins er miðað við konur 15 ára og eldri þá var fjöldinn 26.373 á öllu landinu og hlutfallið hækkar upp í 9,1%.<sup>181</sup> Það þykir kannski ekki hátt hlutfall kvenna sem óskuðu eftir auknum réttindum en vert er að hafa í huga að aðstæður voru oft erfiðar til þess að safna undirskriftum. Ekki hafði heldur verið haldin eins umfangsmikil undirskriftasöfnun á landsvísu áður og stóð hún aðeins í fjóra mánuði eins og nefnt var í fyrsta kafla.

**Tafla 3.2. Fjöldi kvenna og fjöldi þeirra sem skrifuðu undir í sóknum/kaupstöðum og hlutfall**

Sýslur/Kaupstaðir	Fjöldi kvenna í sóknum	Undirskriftir	Hlutfall
Borgarfjarðarsýsla	274	31	11,3%
Mýrarsýsla	298	47	15,8%
Snæfellsnessýsla	42	7	16,7%
Barðastrandarsýsla	615	184	30%
Ísafjarðarsýsla	1839	289	15,7%
Ísafjarðarkaupstaður	478	118	24,7%
Skagafjarðarsýsla	270	17	6,3%
Akureyri	364	80	22%
Suður-Þingeyjarsýsla	740	122	16,5%
Norður-Þingeyjarsýsla	142	47	33%
Norður-Múlasýsla	1158	288	24,9%
Suður-Múlasýsla	564	128	22,6%
Vestur-Skaftafellssýsla.	95	28	29,5%
Rangárvallasýsla.	413	37	9%
Árnessýsla.	1081	296	27,4%
Gullbringu- og Kjósarsýsla.	1626	221	11,2%
Reykjavík	2295	433	18,9%
<b>Samtals</b>	<b>11816</b>	<b>2373</b>	<b>20%</b>

**Heimild:** Unnið upp úr heimildum fyrir hverja sýslu í 2. kafla.

<sup>181</sup> Vef. „Mannfjöldi eftir kyni og aldri 1841–2023“.

Tafla 3.1. sýnir hversu margar konur voru í hverri sýslu og hve margar undirskriftir bárust þaðan. Í öllum sýslunum voru um 30.927 konur og af þeim skrifuðu 2373 konur undir eða alls 7,7% þeirra. Tafla 3.2. sýnir hins vegar fjölda kvenna og undirskrifta í sóknum/kaupstöðum þar sem konur skrifuðu undir. Þar voru um 11.816 konur og skrifuðu um 20% þeirra undir. Vert er að hafa í huga að hlutfallið myndi hækka enn meira ef aðeins væri tekið mið af fjölda kvenna í sóknunum sem voru 15 ára eða eldri. Eins og nefnt var í fyrsta og öðrum kafla þá voru það margir ytri þættir sem höfðu áhrif á það hversu margar konur skrifuðu undir og því endurspeglar fjöldi undirskrifta ekki alltaf áhuga kvenna á kvenréttindamálum. Einnig er vert að minna á að sumar undirskriftir bárust aldrei til Hins íslenska kvenfélags, eins og undirskriftirnar úr Vestmannaeyjum sem nefndar voru í inngangi. Mögulegt er að fleiri undirskriftalistar hafi farið forgörðum, týnst á leið milli bæja, í pósti eða aldrei verið sendir.

Það er nokkuð ljóst að fjöldi undirskrifta í hverri sókn valt fyrst og fremst á einstaklingsframtaki kvenna. Því fleiri konur sem tóku það að sér að safna undirskriftum, því fleiri undirskriftir bárust úr sýslunum. Einnig var það algengt víða um landið að allar konur á heimili, eða allavega meirihluti þeirra, sem voru eldri en 14 ára skrifuðu undir. Ekki er ólíklegt að þurft hafi að sannfæra sumar konur. Einnig má velja því fyrir sér hvort konur hafi treyst sér til þess að skrifa undir slíka áskorun ef húsbóndinn eða annað heimilisfólk hefði staðið á mótum því. Bríet Bjarnhéðinsdóttir fjallaði um stöðu kvenna í fyrirlestri sem hún hélt árið 1887. Hún komst svo að orði þegar að konur stigu út fyrir sitt kynhlutverk:<sup>182</sup>

Það er einmitt þessi þröngsýni og heimskulegi dómur fjöldans, sem veldur svo opt aðburðaleysi og þolinmæði kvenna, en hvorki skortur á skynsemi eða vilja til að komast áfram. Það lítur svo út, sem það sje eitthvað svo óhæfilegt fyrir konur, að skapa sjer sjálfstæðar skoðanir og framfylgja þeim, að þær geti ekki unnið það fyrir, ef það skyldi þá verða álitid „ókvenlegt“. Og það má fullyrða, að þessu orði hefir fylgt það töframagn, sem um margar aldir hefir hneptt hugi og framkvæmdir kvenna í þá fjötra, sem enn eru að mestu óleystir.

Þrátt fyrir stuðning sumra karla við kvenréttindamálin þá voru konur að stíga út fyrir sitt hefðbundna kynhlutverk með því að skrifa undir. Þeirra staður var heimilið, einkasviðið, og það er því kannski ekkert skrýtið að sumar konur hafi einfaldlega ekki treyst sér til þess að skrifa undir.

Í kafla tvö voru teknar fyrir einstaka konur, húsmæður sem áttu það sameiginlegt að þær höfðu sjálfstraustið til þess að skrifa undir. Þær tóku sér ýmislegt fyrir hendur og voru allar harðduglegar. Sumar þeirra voru farnar að velja stöðu sinni fyrir sér, eins og til dæmis Þorbjörg

---

<sup>182</sup> Bríet Bjarnhéðinsdóttir, *Fyrirlestur um hagi og réttindi kvenna*, 19.

Magnúsdóttir á Gilsárstekk í Suður-Múlasýslu. Hana dreymdi um að fá að mennta sig og fannst óréttlátt að konur hefðu ekki kosningarétt.<sup>183</sup> Sama má segja um Bessabe Halldórsdóttir á Þorfinnsstöðum, en hún skrifaði undir þegar hún var aðeins 18 ára. Hún ólst upp í umhverfi sem leyfði henni að velta stöðu sinni fyrir sér. Þegar hún varð eldri fylgdist hún ætíð með pólitík og kvenréttindamálunum.<sup>184</sup> Uppeldið og öflugt bakland gat því reynst mikilvægt fyrir konur til þess að skrifa undir. Það mátti einnig sjá hjá þeim ómögum sem skrifuðu undir. Allir höfðu þeir vina- eða fjölskyldutengsl við heimilisfólkið eða höfðu verið lengi í vinnumennsku á sama heimilinu sem síðar tók þá að sér.

**Tafla 3.3. Hlutfall af heildarfjölda undirskrifa í hverri sýslu/kaupstað**

Sýslur/kaupstaðir	Fjöldi undirskrifa	Hlutfall miðað við heildarfj. undirskrifa
Borgarfjarðarsýsla	31	1,3%
Mýrarsýsla	47	2%
Snæfellsnessýsla	7	0,3%
Barðastrandarsýsla	184	7,7%
Ísafjarðarsýsla	289	12,2%
<i>Ísafjarðarkaupstaður</i>	118	5%
Skagafjarðarsýsla	17	0,7%
Akureyri	80	3,4%
Suður-Þingeyjarsýsla	122	5,1%
Norður-Þingeyjarsýsla	47	2%
Norður-Múlasýsla	288	12,1%
Suður-Múlasýsla	128	5,4%
Vestur-Skaftafellssýsla.	28	1,2%
Rangárvallasýsla.	37	1,5%
Árnessýsla.	296	12,4%
Gullbringu- og Kjósarsýsla.	221	9,3%
Reykjavík	433	18,2%
<b>Samtals</b>	<b>2373</b>	<b>100%</b>

**Heimild:** Unnið upp úr tölum fyrir hverja sýslu í 2. kafla.

<sup>183</sup> Magnús Gíslason, „Þorbjörg Magnúsdóttir“, 105–117.

<sup>184</sup> Guðmundur Ingi Kristjánsson „Bessabe Halldórsdóttir, Kirkjubóli.“, 163–180.

Eins og sjá má á töflu 3.3. Þá bárust flestar undirskriftir úr Reykjavík, 433 talsins. Spyrja má hvort konur á þéttbýlli stöðum hafi verið líklegri til að skrifa undir, eins og á Ísafirði, Akureyri og í Reykjavík, en þaðan bárust samtals 26,6% allra undirskrifa á landinu.<sup>185</sup> Ef lítið er aftur á töflu 3.2. Þá bjuggu 478 konur í Ísafjarðarkaupstað og skrifuðu 118 þar undir, eða 24,7%. Hlutfallið á Akureyri var 22% en 18,9% í Reykjavík.<sup>186</sup>

Í þessu samhengi er þó hægt að fara í ýmsa útreikninga. Ef til dæmis aðeins er tekinn fjöldi kvenna úr þeim sóknum þar sem konur skrifuðu undir, þá skrifuðu hlutfallslega fleiri konur undir í sex sýslum heldur en í Ísafjarðarkaupstað eins og sjá má í töflu 3.2.<sup>187</sup> En þegar lítið er á fjölda kvenna í sóknum þá dreifðust undirskriftirnar á mun stærri svæði og fleiri sóknir heldur en kaupstaðirnir. Það má því draga þá ályktun að á dreifbýlli svæðum þá hafi þátttakan oltið meira á einstaklingsframtakinu heldur en á þéttbýlli stöðum. Í dreifbýlinu þurftu konur jafnvel að fara langar og erfiðar vegalengdir til þess að fá undirskriftir eða til að koma listanum milli bæja. Það má því ætla að það hafi verið mun auðveldara að fá undirskriftir kvenna á þéttbýlli svæðum. Á móti kemur að í dreifbýlinu var meira um það að fleiri konur á hverju heimili skrifuðu undir.

Það kemur lítið á óvart að flestar undirskriftir hafi borist frá Reykjavík enda var það þar sem flestar frammákonur í kvennahreyfingunni voru búsettar og Hið íslenska kvenfélags stofnað og starfrækt. Þá höfðu margar ungar konur sótt í kaupstaðinn til að leita sér að atvinnu eins og nefnt hefur verið að ofan.<sup>188</sup> Konur fengu þar frekari tækifæri til þess að standa á eigin fótum og þá var einnig í boði meiri félagsskapur meðal kvenna (t.d. Hið íslenska kvenfélag og Hvítabandið). Það má því velta því fyrir sér hvort að tengsl hafi verið á milli fjölda undirskrifa og þess að kvenfélag hafi verið starfandi á staðnum eða í hreppnum. Hið íslenska kvenfélag hafði örugglega áhrif á fjölda undirskrifa í Reykjavík, en áhrifin virðast engin í Skagafirði þrátt fyrir að fyrsta kvenfélag landsins hafi verið stofnað þar. En eins og nefnt var að framan þá endurspeglar fjöldi undirskrifa ekki alltaf áhuga kvenna á kvenréttindamálum eða hagsmunamálum kvenna. Aðeins tæpum þremur vikum eftir að Hið íslenska kvenfélag afhenti Alþingi listana í ágúst 1895 var Hið skagfirskra kvenfélag stofnað eins og kemur fram í kafla

---

<sup>185</sup> *Stjórnartíðindi* 1896 C, 100.

<sup>186</sup> *Stjórnartíðindi* 1896 C, 100.

<sup>187</sup> Þetta eru Norður-Múla-, Árnes-, Kjósar-, Vestur-Skaftafells-, Barðastrandar- og Norður-Þingeyjarsýslur.

<sup>188</sup> Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, *Konur sem kjósa*, 67 og Sigríður Th. Erlendsdóttir, „Reykvískar konur í atvinnulífinu 1880–1914“, 41–60.

2.6. Kvenfélagið Framtíðin á Akureyri hafði líklega einhver áhrif á fjölda undirskrifa en erfitt er að segja til um hversu mikil. Þar skrifuðu allavega meirihluti stofnenda félagsins undir.

Tafla 3.4. Fjöldi kvenna eftir stöðu í hverri sýslu

Sýslur	Húsm.	Dætur	Vinnuk.	Ekkja	Húsk. (H) Lausak. (L)	Bústýrur	Ættingjar (Æ) Ómagar (Ó) Annað (A)	Óstaðs.	Samtals
Borgarfj.	6	19	4	1	-	-	-	1	31
Mýras.	23	9	9	1	1H 1L	2	-	1	47
Snæfellsness.	1	1	1	-	1H	-	3Æ	-	7
Barðastrandars.	37	20	79	18	19H 1L	-	-	10	184
Ísafjarðars.	136	55	89	28	21H	5	8Æ 2A	63	407
Skagafjarðars.	8	1	6	1	-	1	-	-	17
Akureyri	37	14	7	7	2H	1	-	12	80
N-Þingeyjars.	14	8	21	1	1H	-	2Æ	-	47
S-Þingeyjars.	42	23	30	2	3H 2L	3	8Æ	9	122
N.Múlas.	109	30	99	8	7H 1L	3	13Æ	18	288
S-Múlas.	38	16	35	5	4H 1L	1	9Æ	19	128
Vestur-Skaftaf.	11	7	6	-	1H	-	1Ó	2	28
Rangárvallas.	16	10	11	-	-	-	-	-	37
Árnessýsla	84	48	110	4	10H	6	13Æ 3Ó	18	296
Gullbringu- og Kjósars.	107	27	32	6	7H 1L	3	8Æ 2Ó	28	221
Reykjavík	142	65	41	17	14H 1L	19	26Æ 5A	103	433
<b>Samtals</b>	<b>811</b>	<b>353</b>	<b>580</b>	<b>99</b>	<b>91H 8L</b>	<b>44</b>	<b>90Æ 6Ó 7A</b>	<b>284</b>	<b>2373</b>
<b>Hlutfall</b>	<b>34,4%</b>	<b>14,8%</b>	<b>24,4%</b>	<b>4,1%</b>	<b>3,8% 0,3%</b>	<b>1,9%</b>	<b>3,8% 0,3% 0,3%</b>	<b>12%</b>	<b>100%</b>

**Heimild:** Unnið upp úr töflum fyrir hverja sýslu í 2. kafla.

Þegar litið er á töflu 3.4. kemur í ljós að 34,4% þeirra sem skrifuðu undir voru húsmæður. Það mátti búast við því að þær yrðu í meirihluta undirskrifa og svo virðist sem undirskrift húsmóður hafi haft áhrif á það hvort aðrar heimiliskonur skrifuðu undir eða ekki á flestum heimilum. Taflan sýnir einnig að konur í mismunandi stéttarstöðu skrifuðu undir. Aðeins mjög

lítill hluti þeirra kvenna sem skrifuðu undir listann höfðu þann takmarkaða kosningarétt til sveitastjórna, sem fékkst 1882, og hefðu þar með mögulega uppfyllt skilyrðin til kjörgengis. Úrbætur á stöðu giftra kvenna snertu heldur ekki allar þær sem skrifuðu undir á beinan hátt en fjárræði giftra kvenna hlaut þó að vera hagsmunamál hinna ógiftu einnig, því ekki vildu þær missa sjálfræði sitt til eiginmanna við giftingu. Undirskriftirnar eru því lýsandi dæmi um að konur hafi verið að hugsa um þá möguleika sem framtíðin fæli í sér.<sup>189</sup> Þær sem skrifuðu undir, gerðu það því þær töldu það réttast að konur fengju kjörgengi í hreppsnefndir o.s.frv. og væru ekki háðar vilja eiginmanna.

Tafla 3.5. Fjöldi kvenna eftir aldursbili í hverri sýslu og hlutfall.

Sóknir	14 og yngri	15–20	21–30	31–40	41–50	51–60	61–70	71–80	81 og eldri	Óstaðsettar	Samtals
Borgarfj.	1	10	9	4	2	3	1	-	-	1	31
Mýras.	-	6	15	11	5	5	1	2	-	2	47
Snæfellsness.	-	2	2	-	1	-	1	1	-	-	7
Barðastrandars.	1	17	43	44	31	19	11	7	-	11	184
Ísafjarðars.	-	53	92	82	56	36	22	4	1	61	407
Skagafjarðars.	-	1	7	4	2	2	1	-	-	-	17
Akureyri	-	8	15	22	16	8	1	-	-	10	80
S-Þingeyjars.	2	20	31	21	22	10	4	1	-	11	122
N-Þingeyjars.	1	12	10	11	6	3	3	-	-	1	47
N.Múlas.	3	34	85	55	52	25	12	4	-	18	288
S-Múlas.	-	14	32	21	15	18	7	1	1	19	128
Vestur-Skaftaf.	-	4	6	10	1	4	-	1	-	2	28
Rangárvallas.	-	6	13	5	7	4	2	-	-	-	37
Árnessýsla	1	32	83	47	38	39	32	6	-	18	296
Gullbringu- og Kjósars.	-	20	48	49	34	21	16	4	-	29	221
Reykjavík	5	47	67	72	61	41	28	6	1	105	433
<b>Samtals</b>	<b>14</b>	<b>286</b>	<b>558</b>	<b>458</b>	<b>349</b>	<b>238</b>	<b>142</b>	<b>37</b>	<b>3</b>	<b>288</b>	<b>2373</b>
<b>Hlutfall</b>	<b>0,6%</b>	<b>12%</b>	<b>23,5%</b>	<b>19,3%</b>	<b>14,7%</b>	<b>10%</b>	<b>6%</b>	<b>1,5%</b>	<b>0,1%</b>	<b>12,1%</b>	<b>100%</b>

Heimild: Unnið upp úr tölum fyrir hverju sýslu í 2. kafla

<sup>189</sup> Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, 260–263.



Lagalegt jafnrétti var einmitt fyrsta skrefið í þeirri löngu baráttu sem framundan var hjá konum um að verða fullgildir borgarar í samfélaginu.<sup>190</sup> Gildandi lög stóðu í vegi fyrir jafnrétti kynjanna og með því að skrifa undir sýndu konurnar vilja til lagalegra breytinga. Langtíma markmiðið var lagalegt jafnrétti „samkvæmt tímans vaxandi menningar- og frelsiskröfum“, eins og segir í áskoruninni.<sup>191</sup> Ómagar og gamlar konur skrifuðu því ekki undir áskorunina fyrir sjálfar sig heldur framtíðina; að ungar stúlkur fengju sömu tækifæri og karlar eftir ákvæðum laganna.

Næst fjölmennasta stéttin sem skrifaði undir voru vinnukonur. Í nokkrum sýslum voru þær jafn vel í töluverðum meirihluta og þá sérstaklega í Barðastrandarsýslu, Árnassýslu og Norður-Þingeyjarsýslu. Á þéttbýlli svæðum var ekki eins algengt að margar vinnukonur skrifuðu undir, til dæmis skrifuðu aðeins sjö vinnukonur undir á Akureyri og 18 á Ísafirði. Ekki voru eins margar vinnukonur á hverju heimili á þéttbýlli svæðum eins og í dreifbýli og heimilin ekki eins fjölmenn eins og vikið var að í öðrum kafla. Það var einnig algengt að heimilin á dreifbýlli svæðum hefðu fleiri en eina vinnukonu og sjá má nöfn þeirra á undirskriftalistunum.

Konur sem bjuggu enn þá á heimilum foreldra sinna, eða „dætur“, sjást nokkuð oft á undirskriftalistunum og voru um 14,8% þeirra sem skrifuðu undir. Aðeins í Borgarfjarðarsýslu voru þær í meirihluta þeirra sem skrifuðu undir eða 19 talsins. Ekki er ólíklegt að Bóthildur Björnsdóttir á Vatnsenda sem fór með undirskriftalistann um Skorradal og Lundarreykjadal, hafi lagt áherslu á að dætur skrifuðu undir. Borgarfjarðarsýsla var þar að auki eina sýslan þar sem að flestar konur voru á aldrinum 0–20 ára eins og sjá má á töflu 3.4. Annars var samræmi

**Tafla 3.6. Meðalaldur í hverri sýslu**

Sýslur	Meðalaldur
Borgarfj.	27,9
Mýras.	35,3
Snæfellsness.	38,5
Barðastrandars.	38,3
Ísafjarðars.	35,5
Skagafjarðars.	35
Akureyri	36,5
S-Þingeyjars.	33,6
N-Þingeyjars.	31,7
N.Múlas.	34,8
S-Múlas.	37,2
Vestur-Skaftaf.	33,8
Rangárvallas.	33,9
Árnassýsla	38,2
Gullbringu- og Kjósars.	38,4
Reykjavík	38
<b>Landið allt</b>	<b>36,2</b>

**Heimild:** Unnið upp úr töflum fyrir hverja sýslu í 2. kafla

<sup>190</sup> Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, *Konur sem kjósa*, 20. Þar er meðal annars fjallað um að lagalegt jafnrétti hafi ekki gert konur að fullgildum borgurum þar sem að aðstæður voru misgóðar fyrir þær til að „iðka“ borgaraleg réttindi sín.

<sup>191</sup> SA. Dagbók Alþingis 1895 III, 1035.

á milli sýslna á hvaða aldri konurnar voru þegar að þær skrifuðu undir. Flestar voru 40 ára eða yngri. Hvort yngri konur (40 ára og yngri) hafi verið líklegri heldur en eldri konur (41 árs og eldri) er erfitt að svara þar sem ekki liggja fyrir gögn þar sem hægt er að skipta heildarfjölda kvenna eftir þeim aldursbilum.

Meðalaldurinn var lægstur í Borgarfjarðarsýslu eins og sjá má á töflu 3.5. Í öllum öðrum sýslum var hann á bilinu 31 til 38 ár. Ekki er hægt að sjá út frá þessum töflum hvort að einhver ein stétt hafi haft mikil áhrif á það hversu hár meðalaldurinn var í sýslunum. Til dæmis voru vinnukonur í töluverðum meirihluta undirskrifta í Norður-Þingeyjarsýslu og meðalaldurinn var aðeins 31,7 ára. Í Barðastrandarsýslu var sama uppi á teningnum en þar var meðalaldurinn með þeim hæstu eða 38,3 ár. Það gefur til kynna að konur úr öllum stéttum og á öllum aldri hafi skrifað undir.

## Niðurstöður

Hægt er að líta á undirskriftasöfnun Hins íslenska kvenfélags frá 1895 út frá ýmsum sjónarhornum. Við fyrstu sýn lítur út fyrir að aðeins lítill hluti kvenna hafi sýnt áskoruninni áhuga, eða aðeins 6,3%. Aftur á móti ef rýnt er betur í gögnin og skoðað hvernig undirskriftirnar dreifðust um sýslur landsins, þá fæst önnur mynd á söfnunina. Í fyrsta lagi kemur það í ljós að þegar aðeins er tekið mið af heildarfjölda kvenna í sóknum þar sem konur skrifuðu undir, þá hækkar hlutfallið í 20%. Í öðru lagi var söfnunin þess eðlis að treysta þurfti á ýmsa ytri þætti. Konur skrifuðu undir í apríl til loka júní og því hafði veðurfar og lengd á milli heimila í sóknum áhrif en fyrst og fremst þurfti að treysta á einstaklingsframtak frá konum sem höfðu misjafnlega góðar aðstæður til þess að safna undirskriftum. Hvernig undirskriftirnar dreifðust um sýslurnar og sóknirnar var háð því hvaða aðferð konurnar notuðu til að safna þeim sem og hversu mikið rými þær höfðu til þess. Það réðist því oft af tilviljun af hverju þessar tilteknu konur skrifuðu undir en ekki aðrar. Fjölskyldu- og vinatengsl gátu stjórnað því hvaða konur skrifuðu undir eins og dæmin um ómagann Margréti Bjarnadóttur í Vestur-Skaftafellssýslu og fjölskylduna í Bjarnarhöfn í Helgafellssveit á Snæfellsnesi sýna. Það var ekki venjan að ómagar skrifuðu undir en ef konur í þeirri stöðu höfðu sterkt bakland og góð tengsl þá var það mögulegt.

Í inngangi var þeirri spurningu varpað fram hvaða konur hefðu skrifað undir áskorun Hins íslenska kvenfélags um aukin réttindi kvenna árið 1895. Svárið er í stuttu máli konur á öllum aldri og úr öllum stéttum. Húsmæður voru þó í töluverðum meirihluta enda virðist sem undirskrift húsmóður hafi oft ráðið því hvort aðrar heimiliskonur fylgdu á eftir. Þó eru dæmi um heimili þar sem aðeins vinnukona eða dóttir skrifuðu undir en ekki húsmóðirin.

Fjölmargar vinnukonur skrifuðu undir enda var það fjölmennasta stétt kvenna á landinu. Á sumum dreifbýlli svæðum voru þær í meirihluta þeirra sem skrifuðu undir, til dæmis í Norður-Múlasýslu og Barðastrandarsýslu. Heimilin voru mörg hver stór og fjöldi heimilisfólks í samræmi við það. Heimilisgerðin hafði því oft áhrif á dreifingu undirskrifta eftir stöðu. Stærri heimili höfðu fleiri vinnukonur, en á þéttbýlli svæðum voru heimilin alla jafna fámennari og með færri vinnukonur. Þar skrifaði þó fjölbreyttur hópur kvenna undir og þá einkum í Reykjavík.

Með því að taka þessar upplýsingar saman þá kemur það í ljós að fæstar konurnar sem skrifuðu undir tilheyrðu þeim hópi kvenna sem höfðu fengið kosningarétt til sveitastjórna árið 1882 og sem frumvarpið, sem meðal annars var kveikjan að undirskriftasöfnuninni, hefði veitt kjörgengi. Annað meginatriði var fjárræði giftra kvenna en meirihluti þeirra sem skrifaði undir

voru ógiftar konur. Konurnar sem settu nöfn sín á listana voru því ekki eingöngu að óska eftir þessum réttindum fyrir sig, heldur hefur spilað þarna inn í framtíðarsýn um lagalegt jafnrétti milli kynjanna. Það má einnig sjá á þeim undirskriftum þar sem stúlkur yngri en 15 ára skrifuðu undir. Mæður þeirra áttuðu sig líklega á mikilvægi þessara réttinda og höfðu sjálfar átt sér drauma um að geta gert meira en að gegna hinu hefðbundna kynhlutverki. Hið íslenska kvenfélag gaf engin fyrirmæli um það hvaða konur máttu skrifa undir og því virðast sumar húsmæður hafa hvatt ungar dætur sínar til þess að skrifa undir eða jafn vel skrifað undir fyrir þeirra hönd.

Umræður bæði á Alþingi og í blöðum um stöðu og réttindi kvenna var kveikjan að áskoruninni. Margar konur voru farnar að endurskoða stöðu sína og sumir karlar studdu og tóku þátt í þeirri baráttu. Árið 1900 fengu giftar konur yfirráð yfir eigin tekjum og séreignum en húsbóndinn fór enn með fjármál heimilisins. Árið 1902 fengu þær konur sem höfðu kosningarétt í samræmi við lög frá 1882 kjörgengi í hreppsnefndir og fleiri nefndir.<sup>192</sup> Það liðu því sjö ár þar til að krafa Hins íslenska kvenfélags varð nánast uppfyllt. Undirskriftasöfnunin var eins og áður segir ákveðið svar við rökum andstæðinga kvenfrelsis og skilaði hún árangri. Þegar Hið íslenska kvenfélag afhenti Alþingi undirskriftalistana í ágúst 1895, fengu andstæðingar kvenréttinda í hendurnar sönnun þess að konur í landinu höfðu áhuga á að öðlast þessi réttindi.

Undirskriftasafnanir urðu á 20. öld öflugt tæki í kvennabaráttunni til þess að þrýsta á stjórnvöld að veita konum aukin réttindi. Árið 1907 efndi Hið íslenska kvenfélag til annarrar undirskriftasöfnunar um að veita skyldi konum sem uppfylltu sömu skilyrði sem giltu um karlmenn kosningarétt og kjörgengi til Alþingis sem og full borgaraleg réttindi.<sup>193</sup> Þá skrifuðu 11.381 kona undir og árið 1913 sendi Kvenréttindafélag Íslands, sem var stofnað árið 1907, áskorun til Alþingis með 5804 undirskriftum um að konur fengju pólitískt jafnrétti.<sup>194</sup>

Baráttan fyrir lagalegu jafnrétti var því aðeins rétt að byrja árið 1895 og má segja að henni hafi lokið með kosningaréttinum árið 1915. En þá tók við önnur og flóknari barátta sem enn í dag er við lýði.

---

<sup>192</sup> Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir ritstj., *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna*, 147.

<sup>193</sup> SA. Dagbók Alþingis 1907 III, 626 og Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, *Konur sem kjósa*, 68.

<sup>194</sup> SA. Dagbók Alþingis 1913 IV, 738 og Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, 132–133.

## Heimildaskrá

### Óprentaðar heimildir

#### **Héraðskjalasafnið á Akureyri (*HskjAk.*)**

*HskjAk.* Kvenfélagið Framtíðin F-222/22. 1944–1994. Nafnaskrá félaga kvenfélagsins Framtíðin á Akureyri frá stofnun félagsins 13. janúar 1894.

#### **Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn (*Lbs.-Hbs.*)**

*Lbs.-Hbs.* Katrín Björg Ríkarðsdóttir. „Eftirbreytniverð samtök. Saga Hins íslenska kvenfélags 1894-1962.“ BA-ritgerð í sagnfræði. Háskóli Íslands, 1992.

*Lbs.-Hbs.* Nanna Þorbjörg Lárusdóttir. „Í trú von og kærleika. Góðtemplarareglan á Íslandi frá 1884 og fram á fjórða áratuginn. Félagsleg, menningarleg og hugmyndaleg áhrif.“ MA-ritgerð í sagnfræði. Háskóli Íslands, 2014.

#### **Landsbókasafn Íslands – Handritadeild (*Lbs.*)**

*Lbs.* 971 fol. Fundargerðabók Hins íslenska kvenfélags 1894–1927.

#### **Skjalasafn Alþingis (*SA.*)**

Dagbók Alþingis 1913 VI. Dagbók neðri deildar 1913.

Dagbók Alþingis 1907 III. Dagbók neðri deildar 1907

Dagbók Alþingis 1895 III. Dagbók neðri deildar 1895.

Dagbók Alþingis 1891 II. Dagbók neðri deildar 1891.

#### **Þjóðskjalasafn Íslands (*ÞÍ.*)**

##### **Kirknasafn (*Kirk.*)**

##### *Árnessýsla*

Ólafsvellir á Skeiðum – prestakall BC/7-1. Sóknarmannatal 1889–1921.

Arnarbæli í Ölfusi/Hveragerði – prestakall BC/7-1. Sóknarmannatal 1893–1900.

Torfastaðaprestakall. BC/7-1. Sóknarmannatal 1887–1901.

Mosfell í Grímsnesi – prestakall BC/6-1. Sóknarmannatal 1886–1896.

##### *Barðastrandarsýsla*

Selárdalsprestakall. BC/4-1. Sóknarmannatal 1891 og 1893–1897.

Otradalsprestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1888–1895.

Sauðlauksdalsprestakall. BC/4-1. Sóknarmannatal 1892, 1894, og 1896–1904.

##### *Eyjafljóarsýsla*

Akureyrarprestakall. BC/12-1. Sóknarmannatal 1885–1890 og 1892–1898.

### *Gullbringu- og Kjósarsýsla*

Kálfatjarnarprestakall. BC/10-1. Sóknarmannatal 1886–1897.  
Útskálaprestakall. BC/10-1. Sóknarmannatal 1890–1898.  
Reynivellir í Kjós – prestakall BC/5-1. Sóknarmannatal 1880–1897.  
Garðaprestakall. BC/6-1. Sóknarmannatal 1890–1900.

### *Ísafjarðarsýsla*

Holtsprestakall. BC/8-1. Sóknarmannatal 1875–1878 og 1880–1897.  
Kirkjubólsping. BC/4-1. Sóknarmannatal 1895–1908.  
Eyrarprestakall í Skutulsfirði. BC/5-1. Sóknarmannatal 1891–1900.  
Ögurþing - prestakall. BC/6-1. Sóknarmannatal 1895–1901.

### *Múlasýslur*

Dvergasteinsprestakall. BC/4-1. Sóknarmannatal 1894–1903.  
Valþjófsstaðarprestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1869–1896.  
Hofsprestakall í Álftafirði. BC/6-1. Sóknarmannatal 1885–1916.  
Eydalaprestakall. BC/6-1. Sóknarmannatal 1876–1927.  
Hjaltastaðarprestakall. BC/3-1. Sóknarmannatal 1895.  
Vallanesprestakall. BC/2-1. Sóknarmannatal 1865–1896.  
Ásprestakall. BC/3-1. Sóknarmannatal 1879–1899.  
Desjamýrarprestakall. BC/9-1. Sóknarmannatal 1895–1905.  
Desjamýrarprestakall. BC/8-1. Sóknarmannatal 1877–1894.

### *Mýra- og Borgarfjarðarsýsla*

Lundarprestakall. BC/6-1. Sóknarmannatal 1892–1896.  
Hestþingaprestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1884–1900.  
Borgarprestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1886–1907.  
Hvammsprestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1892–1922.

### *Rangárvallasýsla*

Holtsprestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1888–1905.  
Oddi á Rangárvöllum – prestakall. BC/7-1. 1892–1898.  
Holtþing – prestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1892–1897.

### *Reykjavík*

Seltjarnarnesþing – prestakall. BC/15-1. 1894-1899.

### *Skagafjarðarsýsla*

Hólaprestakall í Hjaltadal. BC/7-1. Sóknarmannatal 1888–1905.

### *Snæfellsnessýsla*

Helgafell í Helgafellssveit – prestakall. BC/10-1. Sóknarmannatal 1895–1903.

### *Vestur – Skaftafellssýsla*

Sólheimaþing – prestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1892–1903.

Sólheimaþing – prestakall. BC/4-1. Sóknarmannatal 1879–1892.

Sólheimaþing – prestakall. BC/3-1. Sóknarmannatal 1841–1861.

### *Þingeyjarsýsla*

Presthólaprestakall. BC/4-1. Sóknarmannatal 1893–1913.

Helgastaðaprestakall. BC/2-1. Sóknarmannatal 1889–1902.

Eyjardalsárprestakall. BC/3-1. Sóknarmannatal 1892–1927.

Þóróddsstaðarprestakall. BC/3-1. Sóknarmannatal 1888–1903.

Húsavíkurprestakall. BC/5-1. Sóknarmannatal 1881–1918.

### **Vefheimildir (Vef.)**

100 ára kosningaréttur kvenna á Íslandi. „Hvenær fengu allir fullorðnir kosningarétt á Íslandi?“. Vísindavefurinn, 4. mars 2015. Sótt 13. janúar 2022.

<http://visindavefur.is/svar.php?id=69149>.

Handrit.is. „Lbs. 971 fol. Hið íslenska kvenfélag.“ Handrit.is.

<https://handrit.is/manuscript/view/is/Lbs02-0971>

Kjartan Ólafsson. „Geirseyri og Vatneyri.“ Sögur og sagnir, 20. febrúar 2019. Sótt 1. september 2023. <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/geirseyri-og-vatneyri/>

„Mannfjöldi eftir kyni og aldri 1841–2023.“ Hagstofa. Sótt 4. september 2023.

[https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_mannfjoldi\\_\\_1\\_yfirlit\\_\\_Yfirlit\\_mannfjolda/MAN00101.px](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__1_yfirlit__Yfirlit_mannfjolda/MAN00101.px)

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, sótt 5. september 2023. <https://www.manntal.is/>

„Páll Pálsson.“ Alþingi. Sótt 13. febrúar 2023

<https://www.althingi.is/alttext/cv/is/?nfaerslunr=465>

Sóknarmannatalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, sótt 5. september 2023.

<http://salnaregistur.manntal.is/>

## Prentaðar heimildir

Aðalheiður B. Ormsdóttir. *Við Ósinn. Saga Kvennasamtakanna í Hegranesi, Hins skagfirska kvenfélags og Kvenfélags Sauðárkróks*. Sauðárkrókur: Kvenfélag Sauðárkróks, 1987.

*Alþingistíðindi* 1891–1895.

Auður Styrkársdóttir. *Barátta um vald. Konur í bæjarstjórn Reykjavíkur 1908–1922*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1994.

Auður Styrkársdóttir. „,Vel byrjar það!““ *Morgunblaðið*, 2. febrúar 2008.

„Áskorun kvenfélagsins.“ *Framsókn*, 2. maí 1895.

„Ávarp.“ *Ísafold*, 7. júní 1919.

Benedikt Gíslason. „Elín Pétursdóttir.“ *Morgunblaðið*, 11. september 1956.

Benedikt S. Bjarklind. „Unnur Benediktsdóttir Bjarklind. Ljósklædd birtist hún mér.“ *Móðir mín. Nýtt safn*. Pétur Ólafsson sá um útgáfu, 141–156. Reykjavík: Bókafellsútgáfan, 1958.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir. *Fyrirlestur um hagi og réttindi kvenna*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1888.

Björg Einarsdóttir. „Nemendaskrá.“ *Kvennaskólinn í Reykjavík 1874–1974*. Ritnefnd Guðrún P. Helgadóttir, Aðalsteinn Eiríksson, Margrét Helgadóttir, Björg Einarsdóttir og Halldóra Einarsdóttir, 294–333. Reykjavík: Almenna bókafélagið í Reykjavík, 1974.

„Bóthildur Björnsdóttir.“ *Morgunblaðið*, 18. desember 1931.

„Brjef úr Skagaf.“ *Stefnir*, 24. mars 1896.

Brynjúlfur Jónsson. „Nokkrar sagnir um fjarskynjunargáfu.“ *Sunnanfari*, 1. ágúst 1901.

Einar Ásmundsson. „Anna Pétursdóttir. Kaupstaðarstúlkan, sem varð prestskona í sveit.“ *Móðir mín. Nýtt safn*. Pétur Ólafsson sá um útgáfu, 238–248. Reykjavík: Bókafellsútgáfan, 1958.

Einar Laxness. *Íslandssaga a–ö*, 2. bindi. Reykjavík: Bókautgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins, 1977.

„Eptirmæli.“ *Þjóðólfur*, 2. febrúar 1900.



Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir ritstj. *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna*. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 1998.

Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir. *Konur sem kjósa. Aldarsaga*. Reykjavík: Sögufélag Reykjavíkur, 2020.

Erla Hulda Halldórsdóttir. *Nútímans konur. Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, 2011.

Erla Hulda Halldórsdóttir og Ragnheiður Kristjánsdóttir. „Ósjálfráðu atkvæðin. Viðhorf til kvenkjósenda og heimakosningarnar 1923 og 1944.“ *Saga* 60, nr. 1 (2022): 77–113.

„Frú Guðlaug I. Jónsdóttir.“ *Vísir*, 21. nóvember 1939.

„Fundurinn að Þingvöllum við Öxará. 20–21. ágúst 1888.“ *Þjóðviljinn*, 6. september 1888.

Gísli Sigurgeirsson. „Stúkan Morgunstjarnan nr. 11, 80 ára.“ *Alþýðublað Hafnarfjarðar – Jólublað*, 24. desember 1965.

Guðfinna Ragnarsdóttir. „Nunnurnar.“ *Fréttabréf ættfræðifélagsins* 33, nr. 4 (2015): 17–21.

Guðjón Friðriksson. „Konur á karlafundi. Öld liðin síðan fyrsta konan kaus í Reykjavík.“ *Ný saga* 2 (1988): 54–59.

Guðmundur Hálfðanarson. „Kosningaréttur kvenna og afmörkun borgararéttar. Umræður um þátttöku og útilokun í íslenskum stjórnámálum.“ *Kosningaréttur kvenna 90 ára. Erindi frá málþingi 20. maí 2005*, ritstj. Auður Styrkárssdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir, 22–42. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands.

Guðmundur Ingi Kristjánsson. „Bessabe Halldórsdóttir, Kirkjubóli.“ *Móðir mín húsfreyjan*. Gísli Kristjánsson bjó til prentunar, 163–180. Reykjavík: Bókfell h.f., 1977.

Guðni Jónsson. „Sýnir Kristínar Þorleifsdóttur.“ *Reykjalundur* 7 (1953): 27–29.

Guðrún Indriðadóttir. „Marta María Pétursdóttir. Lof um þig er alltaf satt.“ *Móðir mín*. Pétur Ólafsson sá um útgáfuna, 146–155. Reykjavík: Bókafellsútgáfan h.f. 1950.

Gunnar Karlsson. „Um kvenréttindavilja íslenskra sveitakarla á 19. öld.“ *Fléttur II. Kynjafræði – Kortlagningar*. Ritstj. Irma Erlingsdóttir, 127–147. Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, 2004.

Gunnar Karlsson. *Frelsisbarátta suður-þingeyinga og Jón á Gaultöndum*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1977.

*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, ritstj. Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon. Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1997.

„Hendinni næst.“ *Framsókn*, 8. janúar 1895.

„Gegn áfengisnautn.“ *Heimilisblaðið*, 1. mars 1895.

Ingunn Ragnarsdóttir. „Gilhagi.“ *Strandapósturinn* 20 (1986): 58–67.

„Íslands-fréttir.“ *Heimskringla*, 16. apríl 1896.

Jónas Jónsson. „Benedikt Jónsson, frá Auðnum (Útvarpserindi).“ *Samvinnan*, mars 1946.

Jónas Þorbergsson. „Guðný Halldórsdóttir frá Grenjaðarstað.“ *Tíminn*, 19. desember 1935.

Kristín Svava Tómasdóttir. „Nýjar leiðir til að lifa og elska.“ *Í Konur sem kjósa. Aldarsaga*. Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður Þ. Þorvaldsdóttir, 136. Reykjavík: Sögufélag Reykjavíkur, 2020.

Kristleifur Þorsteinsson. *Úr byggðum Borgarfjarðar*, 1–3. bindi, 2. útgáfa. Þórður Kristleifsson bjó til prentunar. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1971–1973.

„Kvenfélag Frikirkjunnar í Hafnarfirði 90 ára.“ *Fjarðarpósturinn*, 18. apríl 2013.

„Kvenfrelismálið.“ *Framsókn*, 2. september 1895.

„Leikfjelag Reykjavíkur II. Tvær leikkonur.“ *Óðinn*, janúar 1906.

Líney Helgadóttir, Oddný Kristjánsdóttir og Dóra Jónsdóttir. „Enn um skautbúning Alexandrínu drottningar.“ *Hugur og hönd. Rit Heimilisiðnaðarfélags Íslands* 2015 49 (2015): 28–29.

*Lovsamling for Island*, 12. bindi. Kaupmannahöfn: Universitets-Boghandler.

*Lovsamling for Island*, 18. bindi. Kaupmannahöfn: Universitets-Boghandler.

Magnús Gíslason. „Þorbjörg Magnúsdóttir. Mikil kona og góð.“ *Móðir mín. Nýtt safn*. Pétur Ólafsson sá um útgáfu, 105–117. Reykjavík: Bókafellsútgáfan, 1958.

„Mannlát.“ *Þjóðólfur*, 12. febrúar 1904.

„Mannlát“ , *Norðurland*, 21. mars 1903.

Margrét Guðmundsdóttir. *Aldarspor*. Reykjavík: Hvítabandið, 1995.

„Námsmeyjar í Reykjavíkur kvennaskóla veturinn 1891–1892.“ *Ísafold*, 11. nóvember 1891.

„Opið brjef til ísfirzkra kvenna.“ *Þjóðviljinn*, 26. apríl 1888.

Ólafía Jóhannsdóttir. „Kvennrjettindamálið á Íslandi.“ *Ársrit Hins íslenska íslenska kvenfélags* 2 (1896): 3–22.

Ragnheiður Kristjánsdóttir. „Eru atkvæðaseðlarnir við höndina? Páll Briem og reglur um kosningar.“ *Hugmyndaheimur Páls Briem*. Ritstj. Ragnheiður Kristjánsdóttir og Sverrir Jakobsson, 135–163. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2019.

Rose, Sonya O. *What is gender history?* Cambridge: Polity press, 2010.

Sigurður Kristjánsson. „Sigurður Stefánsson, prestur í Ögurþingum.“ Í *Merkir Íslendingar. Nýr flokkur*, 6. bindi. Jón Guðnason bjó til prentunar, 97–114. Reykjavík: Bókafellsútgáfan h.f. 1967.

Sigríður Matthíasdóttir. „„Færar konur“. Frá mæðrahyggju til nýfrjálshyggju – hugmyndir um opinbera þátttöku kvenna 1900–2010.“ *Saga* 51 nr. 1 (2013): 53–93.

Sigríður Matthíasdóttir. *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930*. Reykjavík: Háskólaútgáfan 2004.

Sigríður Th. Erlendsdóttir. „Reykvískar konur í atvinnulífinu 1880–1914.“ *Reykjavík miðstöð þjóðlíf*. Ritstj. Kristín Ástgeirsdóttir, 41–60. Reykjavík: Sögufélag Reykjavíkur, 1978.

Sigríður Th. Erlendsdóttir. *Veröld sem ég vil. Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907–1992*. Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands, 1993.

Sigríður Þorsteinsdóttir og Ingibjörg Skaptadóttir. „Áskorun kvennfjelagsins.“ *Framsókn*, 2. maí 1895.

„Síra Gísli Einarsson áttatíu ára.“ *Morgunblaðið*, 20. janúar 1938.

„Sjáandinn mikli. Þáttur af Þorleifi dannebrogsmanni í Bjarnarhöfn.“ *Tíminn*, 4. júlí 1992.

Skúli Thoroddsen. „Stúlkurnar koma með.“ *Þjóðviljinn ungi*, 30. apríl 1895.

„Skýrsla yfir tekjur og útgjöld fjelagsins 1895.“ *Ársrit Hins íslenska kvenfélags* 2 (1896): 62–64.

Steindór Steindórsson og Sverrir Pálsson. *Kvenfélagið Framtíðin. Stofnað 13. janúar 1894. Saga félagsins 1894–1994*. Akureyri: Kvenfélagið Framtíðin, 1994.

*Stjórnartíðindi* 1882–1896.

„Vinnuhjúaverðlaun 1920.“ *Búnaðarrit*, ágúst 1920.

„Vigdís Pálsdóttir.“ *Vísir*, 5. ágúst 1932.

„Vilborg Þorgilsdóttir – minning.“ *Morgunblaðið*, 30. september 1955.

*Þingvallafundartíðindi*. Reykjavík: 1888.

Þrándur. „Kvennfólk á ferðinni.“ *Stefnir*, 19. mars 1895.